This is a digital copy of a book that was preserved for generations on library shelves before it was carefully scanned by Google as part of a project to make the world's books discoverable online.

It has survived long enough for the copyright to expire and the book to enter the public domain. A public domain book is one that was never subject to copyright or whose legal copyright term has expired. Whether a book is in the public domain may vary country to country. Public domain books are our gateways to the past, representing a wealth of history, culture and knowledge that's often difficult to discover.

Marks, notations and other marginalia present in the original volume will appear in this file - a reminder of this book's long journey from the publisher to a library and finally to you.

Usage guidelines

Google is proud to partner with libraries to digitize public domain materials and make them widely accessible. Public domain books belong to the public and we are merely their custodians. Nevertheless, this work is expensive, so in order to keep providing this resource, we have taken steps to prevent abuse by commercial parties, including placing technical restrictions on automated querying.

We also ask that you:

+ *Make non-commercial use of the files* We designed Google Book Search for use by individuals, and we request that you use these files for personal, non-commercial purposes.

+ *Refrain from automated querying* Do not send automated queries of any sort to Google's system: If you are conducting research on machine translation, optical character recognition or other areas where access to a large amount of text is helpful, please contact us. We encourage the use of public domain materials for these purposes and may be able to help.

+ *Maintain attribution* The Google "watermark" you see on each file is essential for informing people about this project and helping them find additional materials through Google Book Search. Please do not remove it.

+ *Keep it legal* Whatever your use, remember that you are responsible for ensuring that what you are doing is legal. Do not assume that just because we believe a book is in the public domain for users in the United States, that the work is also in the public domain for users in other countries. Whether a book is still in copyright varies from country to country, and we can't offer guidance on whether any specific use of any specific book is allowed. Please do not assume that a book's appearance in Google Book Search means it can be used in any manner anywhere in the world. Copyright infringement liability can be quite severe.

About Google Book Search

Google's mission is to organize the world's information and to make it universally accessible and useful. Google Book Search helps readers discover the world's books while helping authors and publishers reach new audiences. You can search through the full text of this book on the web at `http://books.google.com/`

5730
133.120

WIDENER
HN USYX -

Scan 5730.133.120

MELABLÓM.

NOKKRAR SMÁ-SKÁLDSÖGUR OG ÆFINTÝRI,

SAMIN AF

GUÐMUNDI HJALTASYNI.

AKUREYRI.

Prentari: *Björn Jónsson.*

1882.

Scan.57.30.13.3.120

HARVARD COLLEGE LIBRARY
IN MEMORY OF
WILLIAM HENRY SCHOFIELD
APRIL 6, 1931

FÁEIN ORÐ UM SKÁLDSKAP.

Skáldskapurinn þarf ekki að vera gagnstæður sannleikanum, því það, að vera sannur, er að segjast og sýnast ekkert annað en það, sem maður er.

Nú lætr skáldskapurinn ekki vera annað en það, sem hann er, sem er: málverk af tilverunni. Það sýnir mynd hennar í skærum og hreinum spegli.

Þetta málverk sýnir mynd af mönnunum með því, að segja beinlínis frá orðum og verkum þeirra; þessi skáldskapur heitir þá *söguljóð* eða *skáldsaga* (epos eða róman).

Það sýnir líka mynd af mönnunum með því, að sýna þá sjálfa, og láta þá hugsa, tala og hræra sig eins og skáldið sjálft kæmi hvergi nærri; þá heitir skáldskapurinn *sjónleikur* (drama: komedia, tragedia).

Það sýnir líka mynd af sjálfu skáldinu, þegar skáldið beinlínis kemur með sínar eigin hugmyndir, tilfinningar og hugsanir, annaðhvort um það sjálft, eða þá um mennina og náttúruna; þessi skáldskapur heitir þá *hörpukvæði* eða *sjálfsóður* (?) (lyrik).

En þetta málverk sýnir líka mynd tilverunnar

undir rós, eða í gegnum marglitan spegil, þegar hugmyndaafl skáldsins ummyndar hina ytri tilveru eptir ósk sinni, og lætur t. a. m. dýr og jurtir lifa og tala, eins og þær hefðu mannlega meðvitund. En ummyndan þessi er ekki annað en skáldleg bending á ummyndanir þær, sem skáldið hugsar sjer að verði eða geti orðið í heimi andans og náttúrunnar.

Þessi skálskapur heitir *eptirlíking*, *dæmisaga* og *æfintýri* (allegoria, fabel).

Hann getur einnig komið fram sem söguljóð, sjónleikur eða sjálfsóður.

Ef nú allt málverk þetta, bæði hið einfalda og eins það, sem er undir rós, sýnir tilveruna eins og hún er, eða rèttara sagt, eins og hún *birtist* skáldinu, þá verður skáldskapurinn að svo nefndum bersöglis skáldskap (realisme).

En ef það að eins sýnir tilveruna eins og hún gæti verið eða ætti að vera, þá má nefna skáldskap þann tilgátu eða óska og hugsjóna skáldskap (idealisme).

En til þess að skáldskapurinn verði sannur, þarf skáldið að æfa öll sálaröfl sín í því, að þekkja tilveruna, og þarnæst æfa sig í því, að lýsa þeirri hlið hennar, sem það skilur bezt og sem það er mest hneigt fyrir.

Guðmundur Hjaltason.

BARNIÐ OG DAUÐINN.

„Barnatrúin bjartan gjörir dauðann,
bak við hann því stendur Drottinn kær;
efatrúin á 'ann horfir snauðan,
eins og djúp, sem Guði lægi fjær“.

Það var bjartur og fallegur sumardagur. Sólin skein í heiði, fuglarnir sungu svo yndislega, lækirnir fossuðu úr fagurgrænni hlíð og litlu lömbin lèku sèr í fjallabrekkunum. Þá fór Gísli litli á fætur, kallaði á systkyn sín og bað þau að koma út í brekkuna grænu við litla lækinn, þar sem húsin þeirra voru. Þau fóru þangað með honum; en þegar þau voru komin þangað, þá sáu þau svo falleg blóm, sem einmitt höfðu sprungið út um nóttina. Þau höfðu ekki sèð þessi blóm áður. Nú hoppuðu þau upp af gleði og sögðu: „Nei, hvað þessi blóm eru falleg! Nú skulum við kalla á pabba og mömmu og sýna þeim blómin hèrna“. „Nei, við skulum bara taka þau upp og bera þau síðan heim“, sagði Gísli, og sleit upp fallegan Jakobsfífil, sem þar var. „Ósköp eru á þèr Gísli!“ sagði systir hans, og tók í hönd hans til þess hann sliti ekki fleiri blóm upp. En í því varð honum litið á ljósbera, sem kinkaði sínum ljósrauða blómkolli uppi á brekkubarðinu. Hann gat nú ekki staðizt freistinguna og hljóp þangað, og þá var rètt eins og ljósberinn horfði á

hann, bæði hann vægðar og segði: „Góði, lofaðu mèr að lifa.“ Og nú skein hann svo fagurt, því döggin hafði laugað hann og morgunsólin kysst hann. En Gísli sagði við hann: „Góði Ljósberi! jeg skal ekki láta kýrnar jeta þig, en jeg ætla að eins að láta þig heim í garðinn hans pabba; því þar er miklu fallegra og hlýrra fyrir þig, heldur en hèrna á melnum. Síðtók Gísli í stöngul hans og ætlaði að slíta hann upp; en þá kom lítil stúlkuhönd og gróf lángt undir rætur hans og tók hann svo upp með stórum moldarköggli neðan í rótunum, svo engin þeirra slitnaði. Síðan báru þau hann heim í garðinn og settu hann þar niður i hornið, svo að engin rót skemmdist. Þótti foreldrum þeirra vænt um að hafa hann þar; en litlu stúlkurnar vökvuðu hann og hlynntu að honum, svo að hann varð miklu stærri, frjórri og fallegri heldur en þegar hann var á melbarðinu.

Daginn eptir var Gísli og þau öll að leika sèr úti í brekkunni. En þegar leikurinn stóð sem hæst, kom þángað bleikur og gráhærður maður, gekk til Gísla og tók í hönd hans og sagði: „Kom þú nú með mèr, drengur minn!“ „Æ, æ!“ sagði Gísli, „æ, hvað er þetta?“ „Jeg heiti Dauði og er sendur að sækja þig og flytja þig í góðan stað.“ „Æ,“ sagði Gísli og fór að gráta. En öll börnin urðu mjög hrædd og fèllu Dauða til fóta og báðu: „Æ, Dauði! ætlar þú að taka hann Gísla frá okkur og fara með hann ofan í gröfina þína, sem er svo dimm og leiðinleg, og láta okkur aldrei fá að sjá hann framar?“

Dauði sagði: „En hvernig fóruð þið með ljósberann? lètuð þið hann í slæman stað?“ Þá roðnuðu þau

öll og furðuðu sig á þessu og sögðu: „Nei, hann er heima í garðinum hans pabba, og hann er miklu fallegri en áður.“ „Þannig“, svaraði Dauði, „mun fara fyrir Gísla. Eg á að bera hann upp í aldingarð Guðs á himnum, og þar á hann alltaf að vera, og þar fær hann að sjá svo falleg börn, sem hafa vængi, og þau geta flogið og heita englar.“ „Ó, en taktu hann þó ekki strax frá okkur!“ „Eg verð að flýta mèr,“ sagði Dauði, tók Gísla í fang sèr, og síðan hurfu þeir báðir.

Börnin hlupu grátandi heim og sögðu frá öllu. Faðirinn varð fár við, en móðirin fór að gráta. — Líkami Gísla fannst í keri í litla læknum rètt undir fallegum fossi; andlitið horfði upp, og það var eins og hans brostnu augu mændu upp til hinnar rauðu eyrarrósar, sem óx út úr klöppinni og nærri því rètti sínar fögru greinar ofan að yfirborði vatnsins í kerinu. Var hann síðan tekinn upp og jarðaður, en rètt á eptir dreymdi móður hans, að hann kæmi til hennar og mælti þessi orð:

„Þegar Dauði tók mig upp í fangið sitt, varð eg svo hræddur, að eg gat ekki hrært mig, og brjóstið var svo kalt, að eg fèll í óvit. En þegar eg raknaði við, fannst mér að eg væri orðinn allur annar. Eg varð svo léttur á mèr, að mèr fannst að eg gæti flogið, — og því lengra sem við komum burt frá jörðinni, því fjörugri og glaðari varð eg, og mèr sýndist jörðin verða minni og minni, og á endanum varð hún eins og lítil stjarna, og í því sá eg óteljandi ljós og stjörnur kring um mig, og svo fallegar stjörnur hefi eg aldrei séð fyrri. Þá kom engill; hann flaug, og væng-

ir hans voru eins og ljósgeislar. Og Dauðinn heilsaði honum og sagði: „Hèrna er hann!“ og síðan tók engillinn mig í fangið sitt og Dauðinn horfði á mig, og nú var hann orðinn svo blíður, að eg gat hæglega horft á hann. Síðan sagði hann við mig: „Var nú nokkuð slæmt að fara með mèr.“ „Nei“ sagði eg. Síðan kvaddi hann mig og sagði: „Vertu nú sæll! Bráðum kem eg með pabba þinn og mömmu og systkyn þín; það verður gaman.“ — Síðan fór hann burt. En engillinn kyssti mig og lagði mig inn að brjósti sínu, og mér fannst eins og einhver blíður blær streymdi yfir mig og að himneskur hiti legði um mig allan. Allt var á-ómælandi flugi kring um mig. Eg heyrði allstaðar svo fallega og yndislega róma, sem jeg aldrei áður hefi heyrt. En eg gat varla komið auga á neitt, því alltaf flaug nýtt og nýtt fram hjá okkur, og á meðan var allt eins og eintómt ljós. En loksins flaug hann með mig upp á hátt fjall. Þar stóð borg nokkur, sem var ljómandi fögur eins og sólin; kring um hana var garður, fullur af alla vega litum blómum og háum trjám með fögrum ávöxtum á. Þar voru ljómandi lindir og fjöldi af fuglum, sem flugu með söng uppi yfir trjánum. — Þar voru mörg börn, stúlkur og piltar; þau höfðu öll vængi, sem voru eins og ljósgeislar og þau báru svo falleg og ilmandi blóm í höndum sèr. Þau komu til mín og kysstu mig, og sum föðmuðu mig að sèr og báðu mig velkominn. Þángað kom líka hann afi minn og kyssti mig og tók mig í faðminn sinn og sagði: „Kom þú nú blessaður Gísli minn, hvernig gekk ferðin hingað“? „Ósköp vel“. Þá sagði hann við mig: „kom þú nú með mèr, nú skulum við sjá frelsar-

ann okkar". Síðan bar hann mig fram fyrir hástólinn hans. Þar var allt svo dýrðlegt og fallegt, að eg get ekki lýst því. — Þá heyrði eg skæra og tignarlega rödd, sem sagði: „En hann er líka dómarinn okkar, og hann vill ekki hafa þau börn, sem ljúga eða tala neitt ljótt." — Þá varð eg nokkuð hræddur og sagði við hann afa minn: „Æ, hvað á eg þá að gjöra? Eg hef opt talað ljótt". „Frelsarinn er svo ósköp góður við öll börn, og helzt við þau, sem þykir vænt um hann og virða hann, og hann fyrirgefur þeim, þó þau tali ljótt, ef þau biðja hann vel". Þá sá eg ljómandi fagra hönd, sem kom með rauða rós og festi hana á brjóstið mitt, og síðan tók frelsarinn mig í faðminn sinn og sagði: „Kom þú blessaði bróðir minn og barnið föður míns! kom og skoða hans dýrð." Þá sá eg undurfagra sól. Kring um hana var geislahringur með fallegustu regnbegalitum og blámi fagur allt í kring. Þvílíkan himinbláma hefi eg aldrei fyrri séð. — „Hvað er þetta afi minn?" „það er skugginn af hásæti guðs föður". „Fæ eg nokkurn tíma að sjá hann?" „Já, þegar þú ert orðinn hæfur til þess." „Hvenær verð eg það?" „Það veit Guð sjálfur". Síðan tók afi minn mig og leiddi mig út í hinn fagra garð og sagði til englanna: „Þarna er vinurinn ykkar litli". Þá tóku englarnir í hönd mèr og leiddu mig lengra inn í garðinn. Þar sá eg trè, og öll laufin á því súngu. Þar sá eg annað trè, og öll laufin á því loguðu eins og ljós, en samt brunnu þau ekki upp. Þar sá eg þriðja trèð, og öll laufin á því drupu ilmandi víni, og hver einn dropi þess varð að gullperlu. Þar sá eg tvö lítil systkyn. Það ljómaði svo skært af þeim, að eg gat

varla horft á þau. „Hvaða börn eru þetta? hversvegna ljómar svona af þeim?“ spurði eg. Þá sagði afi minn: „Þau hafa séð Guð“. „Því fá þau að sjá hann fyr en eg og hin börnin?“ „Því þau hafa aldrei talað ósatt orð og allt af trúað góðu um alla, og ekki brúkað illyrði, þó að heimurinn stríddi þeim og færi stundum illa með þau, heldur hafa þau beðið Guð föður, að vera öllum góðan.“ „Hvenær fæ eg að sjá Guð!“ kallaði eg og grèt. Þá leit frelsarinn blíðlega á mig og sagði: „Sælir eru hreinhjartaðir, því þeir munu Guð sjá.“ Vertu nú sæl móðir mín!“

Síðan hvarf hann henni og hún vaknaði.

(1875—76.)

II. HINN FÁTÆKI SÖGUMAÐUR.

Þorsteinn gamli sögumaður fór bæja og sveita á milli, og sagði sögur og kvað rímur. Hann var mjög vel fróður í því efni, og varla fannst það örnefni í nokkurri landeign, sem hann ekki kunni sögur um. Víðast hvar var honum vel tekið, og öllum börnum þótti sá dagur eins og hátíð, þegar hann kom. Einu sinni kom hann að auðugum bæ. Þar bjó bóndi sá, er Egill hét. Þegar hann sá Þorstein koma í túninu, sagði hann: „Þeir væru betur hýddir þessir flökkukarlar. Það eru aumu blóðsugurnar, þeir gera ekki annað en ljúga sèr út mat og gjafir hjá því fólki, sem er svo vitlaust, að vera að hlusta á ruglið úr þeim.“ Einar, sem var fjósadrengur hjá Agli, heyrði þetta og svaraði: „Hann er þó vænn, karlinn; hann vann á meðan hann gat. Er ekki bezt að gera honum eitt-

hvað gott?“ Egill skipaði Einari að þegja; og í því kom karlinn heim í tröðina, sem var á milli fjóss og bæjar. Og hvernig var hann nú á að líta? Hann hafði gamla lambhúshettu á höfði, gráan trefil um hálsinn, blåa peysu, bætta, og svartar buxur, karbættar; skórnir voru í sundur, og skein í bera hæla; að öðru leyti var hann þrifalega til fara. Hann var haltur og gekk við stóran staf og bar poka á bakinu, sem nú var tómur, nema hvað það var gömul sögubók í honum með settu letri og rósuðum upphafstöfum við hvern kapitula. — Þegar Þorsteinn er kominn að bæjarstéttinni, heilsar hann Agli og segir: „Sæll og blessaður Egill minn!“ „Sæll“ sagði Egill lágt og setti upp kuldasvip. „Heldur þú að þú viljir gjöra svo vel og lofa mèr að vera í nótt?“ sagði Þorsteinn, og lagðist fram á stafinn. „Nei“ sagði Egill, og horfði ólundarlega niður fyrir sig; „það koma nú nógir af þess háttar letingjum.“ Signý, kona Egils, kom út og kvað sjálfsagt að lofa manninum að vera; og í því komu 3 litlu dæturnar þeirra út og kölluðu upp af gleði: „Nei! er það hann Þorsteinn gamli! — nú fáum við sögur, gaman, gaman!“ Egill varð nærri að viðundri og sagði eptir nokkra þögn: „Já já! hvað á nú allt þetta að þýða? Á það lengi að viðgangast að hýsa hverja flökkukind, sem kemur?“ og hann leit reiðulega til Signýjar og eins til litlu dætranna, svo að þær hlupu inn. En Signý svaraði honum: „Á meðan eg á nokkurn bita í bæ mínum, skal eg gera aumingjunum gott og lofa þeim að vera.“ Egill leit á hana og sá, að hún var föst fyrir og ekki hægt að beygja hana, sneri sèr því frá henni með svo leiðum svip, að það hlaut að

særa sèrhverja góða tilfinning, að horfa á hann. En Signý sat við sinn keip og leit glaðlega til karlsins og mælti: „Settu þig inn, Þorsteinn! og segðu okkur sögur; þig vantar þær ekki, þó þú sèrt fátækur.“ „Guðs ást fyrir mig!“ sagði karlinn, og var heldur enn ekki hýr á svipinn. — Nú gekk hann inn, en Einar litli gat varla tára bundizt yfir fátækt karlsins, því Einar sjálfur hafði átt fátæka foreldra, sem nú voru dánir. — En börnin rèðu sèr eigi fyrir gleði, og settust á hnè karlsins og lögðu hendur um háls hans og báðu: „Komdu með sögu, sögu!“ „Þið megið nú til með að lofa sögumanninum að hafa frið til að borða,“ sagði móðir þeirra brosandi og tók í hönd þeirra. Síðan kom hún með matinn til Þorsteins; það var fiskur, brauð, smèr og ket á diski og skyr í skál. Karlinn signdi sig og las borðbæn sína og sagði: „Gefið i Guðs friði matinn!“ „Guð blessi þig!“ sagði Signý. En Egill þagði og fór nú að horfa á Þorstein, því honum þótti nógu mikið borið á borð fyrir hann, og eptir sèrhverjum bita, sem karlinn át, horfði hann með syrgjandi svip, en sárast var honum samt um hið feita; enda borðaði karlinn mikið, því hann hafði verið svangur í marga daga og ekki fengið mat nema tvisvar á dag, eða kvöld og morgna, þar sem hann var nótt. En á þessum árum var heldur hart um matbjörg á bæjum. Loksins hlaut Egill að horfa á, að búið var allt af diskunum, og karl tók til skyrskálarinnar. Þá hristi Egill höfuðið og sagði við sjálfan sig: „Skárri er það græðgin!“ — og fór svo að söngla eitthvað við prjónana sína. „Á ekki að koma með meiri mat, Þorsteinn?“ sagði Signý, og hèlt að karlinn fengi oflitið.

„Nei, Guðs ást fyrir! það er yfrið nóg.“ „Það var þó mikið, að hann sagði það“, hugsaði Egill og brosti með hálfkaldri ánægju, og herti sig við prjónana. Síðan las Þorsteinn borðbæn aptur og þakkaði svo fyrir matinn. En óðara en hann var búinn að því, hlupu börnin í fang hans og báðu: „Sögu, sögu!“ En Einar leit að eins blíðlega til karlsins, og karlinn sá, að augu hans báðu um sögu. Þorsteinn fór samt hægt í allt, þangað til Signý sagði: „Nú væri gaman að fá að heyra sögu, Þorsteinn!“ „Eg hefi nú fátt af þeim nú orðið.“ „Varla hætt við því“, sagði hún brosandi. Síðan fór hann að segja Njálu, og allt fór nú vel, þangað til karlinn sagði frá Oddkeli, sem neitaði Gunnari um hjálp. Þá fór rödd karlsins heldur en ekki að hækka og harðna, unz hann eins og að óvörum bætti inn í söguna þessum orðum: „Þeir eru alltend sjálfum sèr líkir auðugu óþokkarnir!“ Skildi þá Egill sneiðina og kallaði upp: „Nú er nóg komið af þess háttar sögum! þær gjöra ekki annað en svíkja af fólki; þær verða varla látnar í askana.“ Þá varð Þorsteinn að hætta. Börnin settu upp ólundarsvip og vötnuðu músum, en Einar fór út. Vinnumennirnir glottu hver framan í annan og sögðu: „Nú er gállinn á gamla Agli!“ En Signý leit til bónda síns með reiðisvip og sagði: „Það er þó aumt, að fá ekki að heyra nokkra skemmtun!“ „Skemmtun!“ sagði Egill, „hver getur haft gaman af skemmtunum í þessu harðæri?“ „Hún á að gleðja og fjörga okkur upp og lètta lífsins byrði“, sagði Þorsteinn stillilega, en þó einbeittur. „Byrði, þó þó! kanske þokann þinn, þegar þú ert búinn að sníkja hann fullan!“ sagði Egill og hló kuldahlátur.

„Já, það er varla hætt við því, að eg hafi ekki einhver ráð með hann. En eg held heldur, að sumir ríkismennirnir mættu óska, að þeir sliguðust ekki undir bölvaðri mammonshyggjunni. Þann pokann hygg eg verstan viðureignar“, sagði Þorsteinn, og var nú farinn að verða heldur brúnaþungur.. „Þið eruð jafnan mestir í munninum, bannsettir umrenningarnir; þið eruð rèttir betrunarhússlimir. Og það segi eg þèr satt, Þorsteinn,“ sagði Egill og varð harðari í orði, „þú skalt ekki vera í mínum húsum framar. — Snáfaðu burtu strax“, sagði hann enn fremur, skalf af reiði, stóð upp og leit grimmdaraugum á Þorstein. Karlinn stillti sig um að segja eitt orð. En Signý stóð upp og svaraði: „Meðan eg á húsaráð, skaltu ekki fara svona illa að aumingjum“; og nú horfði hún heldur hörkulega á bónda sinn. Hann var nú reyndar vanur að láta undan, en hugsaði þó jafnan, að einhvern tíma yrði til skarar að skríða og sýna henni, að hann væri þó húsbóndinn. En nú þótti honum nóg komið af góðgjörðasemi hennar við aumingja, því hart var í ári, og hann þóttist naumlega hafa fyrir sig, en þótti ófært að leita annara. Þess vegna herti hann upp hugann og skipaði Signýju að þegja. „Eg þegi þegar mèr sýnist“, sagði hún lágt, en var þó einbeitt eins og áður. Síðan rak hann karlinn út og tók pokann af honum. Þá fóru börnin að gráta og sögðu: „Nú fáum við enga sögu framar“. Signýju brá ekki, heldur benti hún elztu dóttur þeirra, Guðlaugu, sem nú var 12 ára. Læddist Guðlaug þá til föður síns og náði í pokann og tók hann af honum með svo mikilli hægð, að hann gætti ekki að því, vegna þess að hann hafði öll augun

á Þorsteini. Hann hèlt því dælunni áfram og sagði við hann: „Jafngott þó að þú sèrt pokalaus; þú kannske hættir þá að hafa gjafir út úr fólki, þegar þú hefir ekkert til að láta þær í.“ „Bókina vil eg þó hafa!“ sagði Þorsteinn og sá nú, að hann varð að gefa eptir. „Nei, það væri betra að selja hana. Þegar þú kemur á sveitina hvort sem er, þá mun ekki veita af því, að allt sè tínt til.“ „Þetta kalla eg nú rán,“ sagði Þorsteinn. „Klagaðu mig þá fyrir yfirvaldinu, ef þú þorir! Jeg veit ekki betur en að hreppstjóri þinn hafi bannað þèr að flakka, og hann skal fá pokann þinn, og þar geturðu vitjað hans.“

„Drottinn dæmi milli mín og þín!“ sagði karlinn og fór grátandi á stað og ætlaði til næsta bæjar, sem nú reyndar ekki var langt. „Þarna hafði eg þó sigur í þetta skiptið,“ sagði Egill, og leit stórmennskulega á konu sína, en hún leyndi öllum sínum meðaumkunartilfinningnm með köldu brosi, sem hún þó hálfvegis gerði sèr upp og sagði: „Bíddu við góði minn! ekki er allt búið enn“; og svo gekk hún út.

Guðlaug fèkk Einari pokann, og hann hljóp með hann á eptir Þorsteini og náði honum undir barði fyrir utan túnið; þar sat hann skjálfandi og hálfgrátandi. Veðrið var hart og kalt, og skafrenningur og ísþök yfir allt. „Komdu nú, Þorsteinn minn, heim til mín í fjósið í kvöld; vertu svo þar á næturnar; þar er auður bás, sem enginn gengur um nema eg. Við börnin og hún mamma (þannig nefndi Einar Signýju, þótt hún væri ekki móðir hans) ætlum að reyna að halda lífinu í þèr, meðan harðast er á milli manna.“ Karlinn rèð sèr varla fyrir gleði og undrun yfir mannást piltsins,

sem skein af hans hreina og djarfa andliti og hans djúpu bláu augum. Hann kallaði því upp: „Guð blessi þig og launi þèr ætíð fyrir mig; þú ert mèr alltaf sem guðs engill“; fèll svo um háls piltsins og kyssti hann. En Einar roðnaði við og sagði: „Og það er nú allt í veikleika fyrir mèr.“ „Guð mun styrkja þig og gjöra þig lánsmann!“ sagði karl. Síðan kvöddust þeir. Um kvöldið kom karlinn til Einars og lagði sig svo í auða básinn, og Einar gaf honum af mat sínum, og sama gjörði Guðlaug og eins þær systur hennar litlu. En móðir þeirra gaf honum samt mest. Varð þetta allt samt heldur lítið fyrir Þorstein, því Signý hafði í mörg horn að líta, þar eð nú voru nærri allir sveitarmenn orðnir bjargarlausir, og á hverjum degi komu jafnan einhverjir, til að biðja þau hjón um hey og mat, svo að Agli fór að þykja nóg um. En þótt hann væri nízkur, þá vildi hann samt gjöra sumum gott, sem hann áleit verulega þurfandi; en hann áleit Þorstein óþarfagrip, þar sem hann gjörði ekki annað en að segja sögur. En Einar hugsaði sèr að láta Þorstein hafa nóg á meðan hann væri þar. Einar átti 3 ær; lèt hann taka eina þeirra og skera, svo að Egill vissi ekki af, og bað fjármanninn að geta ekki um það. Signý sauð ketið af ánni á laun, og tók Einar það og treindi það handa Þorsteini; en lèt hann samt ekki vita hvernig á því stæði. En á kvöldin skemmti Þorsteinn honum með mörgum fallegum og fróðlegum sögum, fór einnig með mörg skemtileg og skáldleg kvæði, svo að Einari fannst eins og sú stund, sem hann var í fjósinu, væri regluleg hátíð. Enda fekk hann allt heimilisfólkið til að verða samtaka í því, að

leyna Þorsteini fyrir Agli. En Egill varð mjög fálátur og iðraðist hörku sinnar, og spurði ýmsa eptir Þorsteini, en enginn gat frætt hann um hann. Nú leið veturinn, og Signý tók sótt og andaðist, og þótti Þorsteini sárast, að þora ekki að láta sjá sig við jarðarför hennar, því þá vissi hann að Egil mundi gruna eitthvað, og þá gæti verið, að allt kæmist upp og að hann yrði reiddur á sína sveit. En bæði þótti Þorsteini illt að fara á sveit, einkum vegna þess, að í hreppi hans voru fáir, sem kærðu sig um sögur eða fróðleik; og eins þótti honum svo vænt um börn Egils, að hann gat varla sèð af þeim, enda voru þau gáfuð og skemmtileg og höfðu gleði og not af fróðleik hans. En um vorið kom góður fiskafli, og þá batnaði í búi margra. Þá sagði Þorsteinn við Einar: „Guð blessi þig og launi þèr ætíð fyrir mig! Nú vil eg fara, eg hefi nógu lengi níðzt á þèr". „Tölum við ekki um það; eg vil helzt þú verðir alltaf hjá okkur". „Jú, eg fer, því að nú er batnað í ári, og eg get vel haft ofan af fyrir mèr." "Góði Þorsteinn, farðu hvergi! — það er óvíst að þú getir fengið nokkurt hæli. Þú hefir nógar sögur handa okkur enn þá, og í sumar vona eg að geta fengið vist hjá bróður mínum, og að hausti getur þú farið að kenna börnum hans." Þorsteinn lèt þá loksins til leiðast og varð kyrr, enda voru árnar illar yfirferðar, og þó að soðning væri komin heim, þá voru samt margir munnar og lítill matur aflögu.

Nú fèkk Egill nýja bústýru, sem var fremur föst og vildi ekki gefa Þorsteini mat nema á sunnudögum; en samt þagði hún um það, að Einar hafði Þorstein

hjá sèr. Bæði Einar og Guðlaug gáfu Þorsteini af mat sínum, og eins hin börnin, og svo stálust þau öll til að heyra sögurnar i fjósinu. Og það var heppni Einars, að Egill trúði honum svo vel fyrir fjósinu, að hann sjálfur sjaldan gekk um það, og allra sízt auða básinn, þar sem karlinn lá og þar sem moðið var geymt, sem Einar sjálfur lèt jafnan í meisinn. En nú fór að sjá á börnunum, einkum Einari og Guðlaugu, þótt þeim væri nóg skammtað; fór Egil því að gruna, að brögð væru í tafli, og spurði því: „Hvers vegna er hann Einar og hún Lauga svona gráleit og mögur? það er eins og þau hafi ekki fengið nóg. En jeg skil nú ekki í því. Ætli þau hafi ekki einhvern umrenninginn á fæði sínu? Hver veit nema Þorsteinn gamli tóri enn þá; — jeg skil aldrei í því, að konan mín heitin varla nokkru sinni ámælti mèr fyrir það, að eg rak hann brott. Ekki heldur var mikla sorg að sjá á henni, og var henni þó sárt um karlinn. Já, hefði hún ekkert vitað um hann eptir það að hann fór, þá hefði hún víst æðrazt meira èn hún gjörði; þetta grunaði mig óljóst, þó eg lèti ekki bera á því; — hann lifir víst góðu lífi enn þá, karlsauðurinn.“ En þegar hann fór að spyrja börnin og vinnufólkið um þetta, þá eyddu þau því og slógu út í aðra sálma. Hætti Egill því að hugsa um þetta nokkra stund. En einu sinni vildi svo til, að fjármanni varð illt, og varð Einar því að flýta sèr til fjárins, en fèkk eigi tóm til að gjöra Þorsteini aðvart, því himininn var hulin þykkum skýjum, og leit út fyrir hríðarbyl.

Nú leið að kveldi og Einar sást koma með fèð spölkorn frá bænum. Þótti Agli þá mál að fara í

fjós og lèt eina af vinnukonum sínum gjöra það. En þegar hún er rètt búin að gefa úr meisunum, kemur Egill sjálfur inn og vill taka með úr moðbásnum, og ætlaði hann að gefa það hestunum. Vinnukonan læddist þá og settist í básinn fyrir framan Þorstein og fór að prjóna. „Eg ætla að taka með hèrna“, sagði Egill. „Eg skal gjöra það, þú þarft þess ekki“. „Jú, eg tek það, stattu upp!“ sagði hann, og hans illi gamli grunur vaknaði. Hún þorði þá ekki annað en að standa upp, en þótti það samt illt vegna karlsins. Svo tók Egill fullan meis af moði og þreifaði síðan fyrir sèr og fann að einhver maður lá þar. „Hver fjandinn er þarna?“ æpti hann. „Og eg vona að *hann* sè ekki hèrna,“ sagði Þorsteinn djarflega og sá, að nú var ekki til góðs að gjöra. „Og það ert þá þú, bölvuð blóðsugan!“ sagði Egill grimmdarlega, og þekkti rödd Þorsteins. „Burt! burt með þig!“ sagði hann og þreif í handlegg karlsins, dró hann út úr fjósinu, tók staf hans og braut hann í reiði sinni og sagði: „Snáfaðu nú burt og þakkaðu Guði fyrir, að eg reiði þig ekki á sveit þína. Þú ættir miklu verra skilið.“ Þorsteinn grèt, þá er hann tók upp stafbrotin, og sagði: „Vertu sæll! Drottinn dæmi millum okkar!“ Síðan fór hann brott, gekk út fyrir tún og tók poka sinn, sem þar var geymdur í klettaskoru, og fór svo til næsta bæjar, er var þar skammt frá, var þar eina nótt og fór svo þaðan af einum bæ og á annan.

Nú kom Einar heim, er Þorsteinn var horfinn. Einar spurði eptir honum, en enginn vissi hvert hann hafði farið. Einar leitaði hans hèr og hvar, bæði í fjósum og í fjárhúsum, en fann hann hvergi. Leidd-

ist honum mjög, svo að hann fèkk varla svefn á augu, fyrri en hann frètti, að karlinn væri á lífi. Litlu stúlkurnar báru sig einnig mjög illa, og Guðlaug ámælti föður sínum mjög fyrir þetta, en hann skipaði henni að þegja; þorði hún því varla að nefna það framar.

Um sumarið hèlt Egill brúðkaup til bústýrunnar sinnar nýju. Fjölmenni var boðið, ríkulega var veitt og furðanlega skemmt sèr. Steikt ket, hangiket, ostur, brauð og smèr, hrísgrjónagrautur og vín var á borð borið. Bændur ræddu um fènaðarhöld og fiskafla; konur ræddu um mat og málnytu; stúlkur ræddu um skrautklæði og skemmtiferðir; piltar ræddu um rennivakra reiðskjóta, og margt annað bar á góma. Menn átu og drukku, sungu og hlógu. En ýmsum þótti eitthvað vanta, og loksins kallaði einn upp: „Nú væri gaman að hafa einhvern, sem kynni sögur!“ „Ætli þeir sèu nú ekki fáir?“ „Nógir munu þeir vera, sem kunna sögur, en það eru líklegast færri, sem fást til að segja þær.“ „Alltènd hann Einar; eg held hann hafi lært nógar sögurnar af honum Þorsteini gamla.“ En er brúðguminn heyrði Þorstein nefndan, roðnaði hann, en þagði samt. En þar á móti varð Einari svo við, að hann gat varla tára bundizt og sagði við kunningja sinn, er næstur honum sat: „Nú dettur mèr Þorsteinn gamli í hug. Við eigum núna betra en hann, aumingja karlinn, ef hann annars er á lífi.“ Svo stóð Einar upp og gekk út. En er Guðlaug sá það, gekk hún út með mikilli hægð. Stúlka ein henni kunnug hnippti í hana, en hún roðnaði við og hèlt áfram. Brúðhjónin sáu þetta, en lètu þó ekki á sèr

bera. Þó fór Egil að gruna ýmislegt, og loksins fór hann út, þegar hann hèlt, að menn mundu minnst gæta að því. En er hann kom út, sá hann Einar og Guðlaugu hvergi; kom síðan inn og bað pilta sína að fara út og gá að þeim, en einnig það varð árangurslaust. En þegar leið á kvöldið varð himininn dimmur, og loksins kom regn með miklum þrumum, og áður en menn vörði laust elding niður i brúðkaupssalinn og brúðguminn fèll í svima; háborðið klofnaði og diskarnir brotnuðn, en þó kviknaði ekki í neinu svo mjög, að ekki yrði slökkt, og enginn fèkk skaða að öðru leyti en því, að flestir urðu mjög óttaslegnir og úti var um alla gleði í þetta sinn. En þegar brúðguminn raknaði við, var hann afllaus á hægri hliðinni, og var borinn til hvílu. Og eptir að menn höfðu fært allt í lag, sem bezt var unnt, fór hver heim til sín.

En hvað gerði nú Einar og Guðlaug? Þau gengu upp á fjallið fyrir ofan bæinn og leiddust, unz þau komu að kletti einum, sem stóð utan í brekkubarði við háan foss. Þar var dálítill hellir. Þau heyrðu mikinn söng þar inni og urðu nokkuð hrædd; samt hættu þau sèr nærri klettinum og sáu, að hella var fyrir dyrum hellisins og mosi í kring. Þá heyrðu þau rödd Þorsteins, og hann söng:

Óður og saga!
ykkur hingað bar eg.
Um alla daga
ykkur tryggur var eg.
Andlegt stríð heyjum,
eða hèrna deyjum.
Ganga skal eitt yfir öll.

Ef manna heimur
okkur vill ei heyra,
ljósálfa sveimur
ljær oss betra eyra.
Býr hann í björgum,
blómum líka mörgum.
Saklausu augun hann sjá.

Þá urðu þau frá sèr numin og sungu:

Meyjar og sveinar
munu þèr ei gleyma.
Blíðar og hreinar
barnasálir geyma
sögurnar þínar.
Sögu-ástin dvínar
aldrei hjá íslenzkri þjóð.

Ljósálfa geimur
ljær þèr hulið eyra.
Barnanna sveimur
betur mun þó heyra.
Býr hann hjá þjóðum,
birtir öllum góðum
öldruðum eilífðar vor.

Síðan kom hann út og heilsaði þeim blítt. Þau tóku í hönd hans og leiddu hann á milli sín ofan í dalinn, og síðan fóru þau heim til bæjar Egils. Þorsteinn haltrar inn með stafbrotin og rèttir honum annað þeirra og segir: „Nú er svo komið, Egill minn, að þú þarft staf eins og eg.“ Egill þagði um stund, og samvizkan sló hann; vildi hann samt ekki biðja Þorstein fyrirgefningar og vægðar, þótt hann hugsaði, að óveðrið hefði komið af bölbænum karlsins, en sneri

því svo, að hann vildi nú að eins sýna Þorsteini drenglyndi sitt, og sagði því: „Þar eð þú vilt gefa mèr hálfan stafinn þinn, þá er bezt að þú hafir það fyrir hann, að þú skiptir jafnt með börnum mínum á þann hátt, að þú lifir af arfi þeirra á meðan þú þarft. Þeim hefir lengi þótt vænt um að heyra sögur þínar, og nú er bezt að gefa þeim tækifæri til að launa það.“ Allar systurnar heyrðu þetta. Guðlaug og hin yngsta tóku því vel, en sú í miðið varð hálf-ólundarleg. Egill sá það, og leit alvarlega til hennar og sagði: „Jæa, rýjan mín! Nízkuna erfir þú að sönnu af honum föður þínum, — en ekki veit eg hvaðan þú hefur hræsnina; þèr þótti þó gaman af sögum karlsins og þú gazt gefið honum af mat þínum í vetur. En þèr dettur líklega í hug, að nú eigir þú að fara að taka þinn part af reitunum, og það er alltènd hægra, að taka ríflegar af auði annara en sjálfs sín. Mèr þótti þó ekki mikið fyrir að vera mannlegur við þá, sem jeg annars kallaði vini mína, þó fáir væru“. Þagnaði Egill nú. Þorsteinn hristi höfuðið. Einar leit fyrirlitlega á mið-systurina. — En systur hennar roðnuðu af reiði og gremju og sögðu hálf-grátandi við systur sína: „Hvað heldurðu að hún mamma hefði sagt, ef hún lifði núna og sæi þig?“ Hún roðnaði þá við og sneyptist. En Einar tók í hönd Guðlaugar og horfði á hana blíðlega. Egill sá það og mælti: „Þorsteinn minn! þarna áttu tvo trygga vini“. Þorsteinn benti á yngstu stúlkuna, leit svo til Egils og mælti: „Þarna á eg þriðja vininn“. Þá varp mið-systirin sèr fyrir fætur Þorsteins og sagði grátandi: „Ó eg vil líka

heita vinur þinn.“ „Ekki nóg að heita, heldur einnig vera“, sagði Egill. Það voru hans seinustu orð.

Einar og Guðlaug giptust seinna meir, og var Þorsteinn hjá þeim optast nær, þegar hann þurfti, og stundum hjá yngstu systurinni. En um mið-systurina vitum vèr ekki meira, eða megum ekki segja frá henni. Og sá tími kom, að Guðlaug og Einar bundu hringa úr íslenzkum melablómum og lögðu á gröf Þorsteins og sungu þetta:

Ef snauður maður auðgan geymir anda,
hann er sem fagurt blóm á köldum mel;
hann einkismetinn aleinn verður standa,
fær ekkert skjól, er dynja harmajel.
En himinn sendir sól og döggu hreina,
því sálir beztu flykkjast kringum hann;
og sè þær fáar, sízt er vert að kveina;
því sálar gull ei fjöldinn meta kann.

(1875—76).

III. KISTAN.

Hulda vizka! hulda fegurð! hver mun sjá þig?
Saklaust barnslegt ástar-augað,
opt í blíðum tárum laugað.

Í djúpum og dimmum dal bjó eitt sinn gamall og fátækur bóndi. Jörð hans var mjög niðurnídd, því hún lá undir einhverjum svo undarlegum ágangi. Skógurinn var höggvinn og engjarnar slegnar fyrir honum af einhverjum ósýnilegum höndum, sem allir kváðu vera tröll og óvættir; og af öllu þessu leið hann svo mikinn skaða, að það lá við að hann flosnaði upp.

En einn hlut átti bóndinn, sem nú kom honum til hjálpar. Það var gömul kista, sem hann fjekk í föðurarf. Hún var geymd í gamalli stofu og var svo þung, að það var nærri ómögulegt að hræra hana, og margir vildu sjá hana, því hún var öll útmáluð með þessum myndum :

1. Á lokinu var mynd af breiðu sléttlendi með tindafjöllum bak við; á rann um sléttlendið; öðrum megin árinnar var hátt berg; uppi á því stóð maður hetjulegur og talaði, en kring um það var mikill fjöldi vopnaðra manna, sem hlustuðu á orð hans; hinum megin árinnar voru 2 menn að æfa sig í vopnfimi; en hinn þriðji stóð á árbakkanum albúinn til að hlaupa yfir um, en sá fjórði var á sundi í ánni, þar sem straumur var harðastur, og brauzt hann sterklega á móti straumnum.

2. Á annari hliðinni var fagurgrænn völlur undir skógi vöxnu fjalli. Á velli þessum var hásæti eitt; í því sat konungur með kórónu á höfði og sprota í hendi; kring um hásætið stóðu menn nokkrir, en einn af þeim, sem stóð fyrir framan hásætið, var eins og hann væri að lesa eitthvað, en konungur hlustaði á það með athygli; en hinir voru ópolinmóðir og horfðu eins og með heimtandi svip á skáldið, að það skyldi hætta, svo að þeir kæmust að með kvæði sín. Á öðrum stað sat maður á stól og ritaði á bók, og annar stóð við hlið hans og horfði á konunginn og skáldin.

3. Á hinni hliðinni var höll nokkur. Skammt frá henni var mikill og fagur unglingsmaður að berjast við ógurlegan jötun, og ung stúlka horfði á, og

kvíðablönduð von skein af andliti hennar. En hinum megin við höllina var ung stúlka að faðma alskrýddan konungsson, og ljótur dýrshamur lá rètt hjá þeim. Hún hafði leyst hann úr álögum með ást sinni.

4. Á öðrum gaflinum voru grýtt og urðótt öræfi og jökull bak við. Útilegumaður leiddi stúlku við hönd sèr fram hjá helli einum og benti henni á hann með vinstri hendinni, en hún leit niður fyrir sig með blíðum sorgarsvip. Skammt frá stóð klettur, eins og hús í lögun, og álfar lèku sèr í kring um hann. og einn tígulegur álfur stóð hjá og hélt í hönd stúlku, sem sneri sèr frá þeim og var döpur að sjá og horfði á skógtrèn, sem stóðu við enda öræfanna, og var eins og þau væru undir barði eða hæð, því að eins topparnir sáust.

5. Á hinum gaflinum var aptur eyðisandur með mosaflám hèr og hvar. Þar voru stórir steinar, og fögur blóm greru í skjóli þeirra, og yfir sumum þeirra sátu ungar meyjar og grètu. Bak við sandinn var blátt fjall í tjarlægð, og hinn græni jurtalitur þess sást hèr og hvar gegnum hina bláu blæju. Yfir því var heiður himinn með smá-skýflókum, og morgunroðinn ljómaði á röndum þeirra.

Kring um skrána voru þrír glæstir rósahringir, og rautt rúnaletur á milli þeirra. Bóndi geymdi lykilinn að henni, en lauk henni aldrei upp, og hann var hræddur um, að eitthvað undarlegt mundi vera í henni, en hafði mjög óljósa hugmynd um, hvað það mundi vera.

Nú kom gestur til bóndans og bað hann að selja sèr kistuna, en bóndi neitaði því. Og þó að gesturinn byði ógrynni fjár fyrir hana, þá tók hann samt

ekki því boði, og varð gesturinn að fara á brott við svo búið.

Síðan kom annnar gestur og vildi ræna kistunni, en gat eigi hrært hana. Þá tók hann sleggju og ætlaði að mölva hana, en við það brotnaði sleggjan og brotin hrukku í andlit ræningjans, og svo flúði hann brott, en kistan var óskemmd.

Svo kom hinn þriðji og bað bóndann að ljúka kistunni upp. Bóndi var lengi tregur, en gjörði það þó um síðir, eptir að gestur hafði hótað honum hörðu, en samt jafnframt því lofað að ábyrgjast, að ekki hlytist illt af, þótt hann lyki henni upp.

Fyrst las hann rúnirnar og sagði bónda þýðing þeirra. Hún var þannig: Í kistunni geymast beztu fornaldar-vopn og herklæði, sem geta orðið meðal til, að eyða þeim óvættum, sem eyðileggja tún og engjar bóndans. Síðan lauk gesturinn upp kistunni og setti upp eins konar gleraugu, sem höfðu það eðli, að maður gat séð með þeim gegnum holt og hæðir og séð ýmislegt annað, sem var ósýnilegt berum augum. Og hvað sá hann þá í kistunni? Fáguð járnvopn með gullnum sköptum, gljáandi hjálma og glæsta skjöldu með ljónum og laufum á, hörpu með gullnum strengjum, gullna kórónu, alsetta gimsteinum. „Sko, bóndi! sko! vopn, herklæði, harpa, kóróna.“ „Er hann frávita eða er hann að gabba mig?“ sagði bóndi og fylltist undrun og hræðslu. Hann leit samt ofan í kistuna, en honum sýndust herklæðin og vopnin vera járnklumpar, harpan trèdrumbur einn og kórónan kringlóttur steinn. Konan og börnin urðu mjög hrædd, en litu samt ofan í kistuna, en sáu ekkert nema trè

og járn. „Má eg eiga það, sem er í kistunni?“ spurði gestur. „Já, en eg vil þá hafa borgun fyrir það,“ sagði bóndi og herti upp hugann. Síðan borgaði gestur nokkra peninga fyrir það, sem í kistunni var, og varð bóndi ánægður með það svona hálft í hvoru, því hann var enn þá ekki viss um, hvernig á öllu mundi standa. Bað hann því gestinn að lofa sèr að sjá gleraugun. Hann fèkk þau og setti þau upp, en sá ekkert annað með þeim, en trè *og* járn í kistunni; þess vegna fleygði hann gleraugunum í gestinn, og gesturinn fór brott með alla gripina, sem í kistunni voru. Konunni líkaði illa, að bóndi fargaði öllu úr kistunni, en gat samt ekki aptrað því. En þegar hún leit í kistuna, þá sá hún að kistan var orðin full af sömu gripum, sem áður voru í henni. „Hann hefir aldrei tekið neitt úr henni; hann hefur að eins logið að mèr, eða þá gjört mér sjónhverfingar. — En gott og vel! það er þó bezt að reyna að nota ruslið, sem er í kistunni. Kringlótta steininn skal eg höggva gat á og gjöra sleggju úr; úr járnunum skal eg láta smíða öxi, ljái, hestajárn og rekuvör; úr trèdrumbnum skal eg smíða sköpt, — allt má nota,“ sagði bóndi og horfði með ánægju á kistuna. En konan bað hann um að gjöra það ekki; hún hèlt, að verið gæti, að eitthvað kynni að vera satt í því, sem gesturinn sagði. En hann bað hana að þegja, og fór svo með alla gripina til smiðsins. En enginn eldur og ekkert járn vann á þeim. „Það eru töfrar í þeim; það er bezt að fleygja þeim í ána!“ sagði smiður. „Sèu annars töfrar í þeim, þá mun það varla duga betur“, sagði bóndi, en fèllst loks á ráð smiðsins og fleygði þeim í ána, þar sem

straumurinn var harðastur. En þetta dugði ekki, því það var eins og þeir sjálfkrafa syntu upp á móti straumnum, og kæmu svo í land. Varð hann því afarhræddur og vissi ekki hvað hann átti að gjöra af sèr. En í því kom gesturinn og skellihló að bónda og sagði: „Eg skal taka gripina, svo að þú þurfir ekki að hræðast þá.“ Síðan tók hann gripina og fór brott. En bóndi fór heim, og þá var kistan orðin full af gripum eins og áður. Varð hann nú alveg frá sér af ógn og undran, sem þó var blönduð gleði, því hann hèlt, að eitthvað merkilegt hefði kistan að geyma, þótt hann ekki yrði var við það.

Hann átti 7 sonu, sem ekki voru mjög lyndislíkir hver öðrum. 3 af þeim langaði til að sjá í kistuna, en hinir 4 voru dauðhræddir við hana. Gesturinn kom á hverjum degi og tók gripina úr kistunni, en jafnan varð hún full aptur af sama háttar gripum. Nú fóru þeir 3 synirnir að undrast þetta og einn dag báðu þeir gestinn að lofa sèr að sjá gleraugun. Hann leyfði þeim það, og þá sáu þeir alveg hið sama og hann. Þá urðu þeir svo glaðir, að þeir gátu varla ráðið sèr. En foreldrarnir og hinir bræðurnir 4 hèldu þá vitlausa. En gesturinn gaf þeim gleraugun og fór brott og kom ekki framar þangað. Hafði hann beðið eptir, að drengirnir fengju hug og löngun til að sjá undragripina, því í fyrstunni voru þeir hræddir við þá. En í því hann fór, kvað hann þetta:

Hug og löngun hefir sá
hreina, frjálsa, glaða,
sem vill andleg undur sjá
og ei hafa skaða.

Mikinn fróðleik, miklar gáfur margur hefur,
sem hann eitthvað öfugt metur,
ei til nota brúkað getur.

Nú ráðfærðu bræðurnir 3 sig um, hvað peir ættu að gjöra við það, sem í kistunni var, og þá datt einum þeirra í hug, hvað gesturinn hafði sagt í fyrstunni um vopnin, að það mætti nota þau til að vinna á óvættunum. Fóru þeir því út og týgjuðu sig, tóku svo gleraugun og settu þau upp og gengu út í skóginn, og sjá, þar var fullt af þessu og öðru illþýði. Piltarnir hlupu þangað og unnu á því, en hinir 4 biðu og þorðu ekki að hræra sig. Og á eptir báðust þeir að mega sjá gleraugun, en þeir sáu ekkert með þeim og ekki heldur foreldrar þeirra. En þá vökvuðu þeir 4 bræðurnir sèr blóð og ruðu á gleraugun, og þá gátu þau öll sèð, hvað kistan hafði að geyma. En eitt var þó eptir; engjar og skógur var í eyði og orðið að flögum víða, en hvorki vopnin nè herklæðin, harpan nè kórónan gátu bætt úr því; þess vegna voru þau enn í vandræðum og vissu ekki hvað þau ættu að gjöra við skóginn og engjarnar, til þess að þau greru aptur.

En nú þegar mest lá á, kom dálítil fjörug og falleg stúlka til þeirra og spurði, hvað um væri að vera. Þau sögðu henni frá öllu eins og var. Þá bað hún um að mega sjá gleraugun. Þau leyfðu henni það. Hún setti þau upp og leit í gegnum þau ofan í kistuna. „Þið hafið ekki gáð vel að því, sem í kistunni er," sagði hún. „Hvað er það, sem þú sér?" „Gáið að því sjálf," sagði hún. En þó að þau öll settu upp gleraugun og ryðu blóði á þau, og leituðu svo allstaðar í kistunni, þá sáu þau samt ekkert nýtt í henni. En

litla stúlkan sá þar gullbauk. Hún lauk honum upp, og hann var fullur af fræi, og hún sagði þeim öllum frá, hvað hún hefði fundið. En engin þeirra sáu samt neitt; að eins konan og 3 bræðurnir trúðu að nokkru leyti því er hún sagði.

Síðan gekk hún út á hinar auðu engjar og hinn upphöggna skóg og sáði fræinu úr bauknum, og óðara en hún sáði, greru ótal grös og jurtir á hinni auðu jörð, en ekki tæmdist baukurinn hvað mikið sem hún sáði; og hún hætti ekki að sá, fyrri en öll landeign bónda var orðin algróin grasi og skógi.

En þegar bóndi kom út og leit yfir land sitt, varð hann frá sèr numinn af undran og gleði og hugsaði fyrst, að þetta væri draumur; kallaði síðan á konu sína og börn, og þau hlupu út og sáu, hvernig jörðin stóð í blóma, og þau undruðust mjög, og sáu þar mikinn fjölda blóma, sem ekki voru þar áður; en samt voru þar enn þá öll hin gömlu grös, og greru miklu frjórri og fegri enn áður.

Nú er gömlu hjónin sáu, hversu mikið litla stúlkan hafði hjálpað þeim, þá þóttust þau ekki vita hvernig þau ættu að launa henni, og tóku því gullnu kórónuna og vildu setja á höfuð hennar, á meðan börnin lèku sèr og sungu á hörpuna. En litla stúlkan sagði: „Nei, eg vil ekki kórónu þessa. Setjið hana á höfuð húsbóndans; hann hefur þó heiðurinn af að hafa geymt kistuna, þótt hann ekki gæti metið ágæti hennar“. — Þau settu kórónuna á höfuð húsbónda, en stúlkan hvarf burt með bauk sinn og harpan hljómaði skært.

Bóndinn varð síðan auðugur mjög og gæfusamur og gjörði mjög mikið gott af efnum sínum.

(1876).

IV. ÖRNIN OG ÞÚFUTITLINGURINN.

Þú, sem hugsar hægt og lágt,
hafðu gætur á þèr:
níð ei þann, sem hugsar hátt;
hann tók ekkert frá þèr!

Einu sinni var fagur dalur milli hárra fjalla. Falleg og inndæl blóm greru undir hám og dýrðlegum trjám. Silfurblá á rann í bugðum milli grænna grunda og bala. Dálítill lækur rann ofan úr hlíðunum, og var að sjá eins og silfurblátt band, lagt á grænt klæði.

Dálítil falleg grasþúfa var við lækjarbakkann, og utan í henni átti þúfutitlingur hreiður með ungum sínum. Honum þótti vænt um þá og hann hèlt, að það væri bezt að láta þá aldrei fá að vita annað, en að þúfan með litla hreiðrinu væri dýrðlegasti staðurinn á jörðunni. Einu sinni sagði hann við unga sína: „Kæru börn, ósköp er nú gott og gaman að vera eins lítill, lèttur og lipur eins og við. Við getum flogið frá einu laufi til annars og sungið og skemmt okkur, og þegar illviðri kemur, þá getum við smeygt okkur inn í hverja smáholu, sem finnst. Þetta geta ekki stóru fuglarnir, því þeir eru svo þungir og stirðir.“ Í sama vetfangi kom örn og flaug að hreiðrinu og setti sig niður á þúfu hjá því. Þá litu ungarnir upp og

störðu á örnina með mestu undran. „Sko bara, pabbi,“ sögðu þeir; „sko þessa stóru og fallegu vængi, sem örnin hefir,“ sögðu þeir með öndina í hálsinum, og fóru að veifa hálfvöxnu vængjunum sínum. „Hvaða vitleysa!“ sagði nú titlingurinu byrstur. Þetta er stirður og ljótur fugl, sem varla getur hrært sig án þess hann skemmi eitthvað. Er þó ekki munur á okkur, sem getum sungið, hoppað og leikið okkur svo lètt og lipurt og gengið á mjóstu og veikustu greinum, án þess að meiða nokkurt lauf. En þessi ljóta örn þarna treður allt niður með sínum stirðu klóm, og allir fuglar og öll blóm mættu hlægja að henni, ef þau þyrftu eigi að vera hrædd um, að hún meiddi þau af illsku og klaufahætti.“ Örnin hlýddi á allt þetta með þögn og þolinmæði, þó titlingurinu hèldi, að hún heyrði það ekki.

En hún, sem var fuglakonguriun sjálfur, gat ekki verið að gera svo lítið úr sèr, að reiðast hinum einfalda púfutitlingi. En af því að hún var göfuglynd í sèr, vildi hún honum vel og vildi því kenna honum heilræði: „Lofaðu mèr að tala við þig, litli fuglinn minn!“ sagði hún, „mèr þykir svo gaman að sjá, hvað þú ert lèttur og lipur að fljúga, og að heyra hvað þú syngur vel. Og löngum, þegar eg var orðin þreytt af veiðum mínum, hefi eg sett mig niður til að hvíla mig og hressa á að sjá þig og heyra.“ Titlingurinn vissi vel, að hún gerði honum aldrei nokkurt mein, og þess vegna notaði hann sèr drengskap hennar til þess, að geta sýnt sig svo hreykinn og hrokafullan sem auðið var. En til þess að örnin skyldi halda, að hann væri samt nógu kurteis og auðmjúkur við fuglakonunginn sjálf-

an, þá sagði hann: „Já, mèr og mínum líkum er sú virðing ofhá, að tala við hans hátign, fuglakonunginn“.

Örnin, sem skildi vel, að hann undir niðri var að skopast að henni, sagði með vægu brosi: „Já, auðmýkt þín er vel þess verð, að eg tali við þig. En eitt þykir mèr að þèr, fuglinn minn! Þú ert nokkuð svona sjálfbyrgingslegur. Þú heldur að þúfan þín sè öllum fjöllum fegri og hærri, og þèr þykir ekki mikið varið í, að fljúga hátt. En ef þú vissir, hvernig eg fer að, þá mundir þú hugsa annað. Eg leik mèr að því, að fljúga upp yfir hin gullroðnu ský, og þá flýg eg svo hátt, að þessi fjöll hèrna uppi yfir dalnum sýnast mèr eins og smáþúfur, og jafnvel hæstu tindar sýnast mèr ekki hærri en þúfan þín; og þá sè eg stórkostleg fjöll og jökla og endalaus höf og lönd. Lèttur og hreinn vindur ber mig áfram, svo að mèr finnst eins og eg líði gegnum loptið á mjúkum dún. Eg byggi mèr hreiður í hæstu björgum, þar sem enginn nær til, og svo tek eg ungana og ber þá á bakinu og kenni þeim að fljúga, og fer síðan með þá út um alla heima og geima og sýni þeim svo margt stórt og fallegt“.

„Nei, nei, mikil ósköp væri gaman að vera með!“ æptu allir ungarnir og hoppuðu út úr hreiðrinu. „Skárri eru það bölvuð ólætin, hafið þið vit á að þegja!“ sagði þúfutitlingurinn með reiði nokkuð hátt, og hvíslaði síðan til unga sinna: „Hvað ætli að yrði úr ykkur, ef að þið ættuð að fara með þessum átvörgum, sem ekki lifa á öðru en að drepa saklaus dýr og varnarlausa fugla?“ En örnin heyrði hvað þúfutitlingurinn sagði, og mælti því til hans: „Ekki ferst þèr nú að lá mèr, þótt eg lifi á að drepa önnur dýr; eg veit

ekki betur, en að þú lifir á að tína orma og önnur smákvikindi, og þau hafa þó fullt eins mikinn rètt til að lifa eins og þið fuglarnir.“ En titlingurinn hèlt áfram að nöldra við börn sín og hvíslaði að þeim þessum orðum, sem hann allra sízt vildi láta örnina heyra: „Og svo kemur nú það, sem er verst af öllu, að okkur vantar nógu stóra vængi.“ „Á, ætli það sè nú ekki mála sannast, að ykkur vantar nógu stóra vængi til að fljúga eins hátt og eg?“ sagði örnin, glotti drembilega við og gekk að hreiðrinu og kallaði: „Eg held að það sè bezt fyrir þig, að lækka rostann dálítið og gá að því, að fjöllin hæfa mèr, en púfurnar þèr, og eg þarf ekki annað en að koma dálítið við þig með minni minnstu fjöður, því þá veltur þú um koll.“

Þá varð titlingurinn hræddur og auðmjúkur og bað örnina fyrirgefningar, en hún svaraði honum um leið og hún flaug brott: „Já, en mundu samt eptir því, að þig vantar nógu stóra vængi til að jafnast við fuglakonginn.“

(1878).

V. HOLTASÓLEY, HEIÐLÓ OG LJÓSBERI.

Skammt frá eyðilegri sjávarströndu liggur stór melur. Bak við hann eru fjöll og jöklar, svo að á aðra hlið melsins sèst eilífur vetur sí og æ, en endalaust haf á hina.

Hèr og hvar á melnum greru samt einstöku strá og blómjurtir á stangli. Það var bæði blóðberg,

lambagras og ýmsar aðrar jurtir, en þó var þar einna mest af holtasóley og ljósbera*, sem greru þar eins og ljósleitar stjörnur og skildir á dökkleitri melauðninni. En það var opt mjög langt á milli þessara fáu blóma á melnum, og ekkert gat því haft eiginlegt skjól af öðru, og melurinn lá opinn fyrir öllum veðrum, og þess vegna skulfu blómin mjög, og stundum var veðrið svo mikið, að það ýmist feykti möl yfir þau, eða blès burtu þeirri litlu gróðrarmold, sem huldi rætur þeirra. Napur gustur frá sjónum eða ískalt èl frá jöklinum ógnuðu þeim með kvöl og dauða. En samt voru þau glöð og ánægð með lífið, og með sitt fjöruga ástarbros opnuðu þau sinn ilmandi faðm á móti ljóma sólarinnar og dögg skýjanna. Margir þreyttir ferðamenn svöluðu augum sínum á því, að horfa á þessi inndælu blóm. Þangað komu börn og lèku sèr að þeim, og sum þeirra báðu um, að láta byggja garð kringum melinn til að skýla þeim. Elskandi mær, sem varð að sjá á bak unnusta sínum, kom þangað, kyssti blómin, og þá einkum Holtasóley, og felldi tár í faðm hennar. Holtasóley hafði nú lengi verið álitin fegursta jurtin á melnum, og þó að henni í fyrstunni þætti mikið varið í, að ná virðingu þeirri, þá fannst henni ekki mikið til hennar þegar frá leið; og loksins fór henni að leiðast lífið á melnum og sagði hún því til Ljósbera: „Vinur! hjerna er ekki verandi fyrir neinar jurtir, sem annars hugsa

*) Þessi jurt, lychnis alpina, sprettur víða hèr á landi. Hún hefir græn og mjó blöð, rauðleitan stöngul; blómin eru rósrauð og eru í einum hnappi, sem er svipaður gullintoppu eða geldingahnappi, en þekkist samt frá honum á sterkum einkennilegum ilm.

nokkuð um fegurð. Eg vildi eg væri komin suður í heitu löndin. Heiðló hefir sagt mjer, að þar sè svo fallegt og svo gott að vera fyrir allar jurtir". „Já, ekki er eg á þínu máli, vina mín!" sagði Ljósberi og kinkaði sínum ljósrauða blómkolli. „Eg held, að fegurðin sè einmitt dýrðlegust, þar sem hún á í stríði við fátækt og kulda, því þá sýnir hún fyrst, hvort hún hefir nokkurt verulegt lífsafl í sjálfri sèr eða ekki. En að geta verið glaður og fallegur þar, sem allt leikur í lyndi, það er ekki mikið varið í", sagði hann enn fremur. Þá sagði hún: „Þarna ertu nú alltènd kominn með sèrlyndið og eintrjáningsháttinn. Þú vilt helzt vera á blautum og köldum melum, þar sem engin önnur jurt getur þrifizt, og þú lifir aldrei í fjelagslegum hópum, eins og eg gjöri, heldur ertu svo einþykkur, að þú helzt grær þetta með eitt og eitt blómhöfuð á stangli". „Hvað sem því líður, þá er eg mjög ánægður með köllun mína, þó hún sè að eins innifalin í því, að breiða ljós og líf yfir auða mela, þar sem fæstar jurtir geta lifað". „En mjer leiðist að vera hèrna bæði vegna þín og margra annara; eg vil því fara". „Jæa, farðu þá vel, þú munt bráðlega iðrast þess og finna hvort það er ekki satt, sem eg hefi sagt þèr".

Nú kom Heiðló, og Holtasóley bað hana að flytja sig suður í heitu löndin. Heiðló gjörði það, en er hún flaug burt með hana, þá fóru mörg strá og blóm á melnum að skjálfa og bera sig aumlega og báðu Holtasóley að vera kyrra. En það var ofseint. Þá sagði Ljósberi: „Það er ekki vert, að bera sig svo illa yfir þessu. Hún verður fegin að koma aptur áður en langt um líður." Og er frá leið, hættu jurtirnar

að syrgja, en fóru nú að tala um, hver ætti að hafa heiðurssætið og fegurðarnafnið eptir Holtasóley. „Ljósberi, Ljósberi," sögðu öll stráin og allar jurtirnar með einum rómi, nema sveppar nokkrir rauðleitir, sem uxu á mykjuskán þar á melnum. Þeir urðu æfir og sögðu: „Aldrei skulum við viðurkenna, að þessi Ljósberi sè annað en ómerkilegt flagagras. Hann er eins og þessi holtagrös flest; þau þykjast ekki þurfa nautpeningsins náðar eins og við, enda gjalda þau þess bæði á vexti sínum og viti, því fávizkuna hafa þau sýnt öll í því, að gjöra þennan Ljósbera að blómakonungi, en ekki okkur. Eða hver jurt hefir eins fagran og gljáandi lit eins og við?" „Það mun bráðum sjást, hvað fallegir þið eruð að innan" sagði Ljósberi. En þeir báðu hann þegja og fara ekki með neina vitleysu. Hætti hann þá að svara þeim, því hann vildi ekki hafa sig til þess.

En hvernig fór nú fyrir Holtasóley? Heiðló flaug með hana, og því lengra sem hún kom suður, því glaðari varð hún. Henni fannst loptið hlýrra; hún heyrði inndæla söngva og kenndi sæta ilma. Hún kom síðan inn í ljómandi fagran skóg og þar voru svo stór trè, að hún hafði aldrei sèð þvílík áður. Þar voru mjög stórar og fagrar jurtir, og blóm þeirra sýndust henni rósrauð, fegri enn nokkur kvöldroðaský, og þau voru svo stór, að 50 Holtasóleyjar hefðu getað fengið nóg rúm á einu þeirra, þótt þær hefðu verið hver við hliðina á annari.

Heiðló sleppti nú Sóley, og hún leið niður á milli einhverra hinna fegurstu trjáa og festi þar rætur. Hrifin af undrun og gleði yfir þessari miklu fegurð,

sem hún leit í kringum sig, opnaði hún faðm sinn og brosti blíðlega við hverju blómi, sem nærri var, og hún hèlt, að þau mundu gera eins við sig. En hún óð reyk í því, því að þegar henni sýndist að rósir skógarins brostu af ást til hennar, þá brostu þær einmitt hver við annari, en sendu henni að eins hálfkaldar leifar af brosi sínu, því að þær voru að hæðast að henni sín á milli, vegna þess að þeim þótti hún svo lítilfjörleg. Þetta þótti henni mjög leiðinlegt, að verða svona út undan, en einkum öfundaðist hún yfir að sjá, að allar jurtir og trè í skóginum eins og umföðmuðu hvert annað og skýldu hvert öðru, en ekkert þeirra leit við henni, og þeir, sem gengu um skóginn, stigu ofan á hana, og gættu alls ekki að því, að hún var til. Nú fór henni að leiðast lífið og kvartaði nú fyrir trènu, sem hjá henni óx, að hún væri einkis metin. En trèð sagði við hana: „Sín staða hæfir hverjum, og betra hefði verið fyrir þig að vera heima. Vil eg því ráða þèr, að biðja Heiðló að flytja þig heim. En svo að ferð þín verði samt ekki til ónýtis, þá geturðu lært nokkuð af okkur trjánum og jurtunum hèrna: Við gróum öll í fèlagi, við skýlum hvert öðru og föðmum hvert annað svo innilega, að ekkert óveður getur skilið okkur. Ef þið þarna á melnum væruð svo samlynd, að þið vilduð gróa hvert hjá öðru, þá veit eg að hann yrði blómlegri“. Þegar Sóley heyrði þetta, kallaði hún á Heiðló, og Heiðló tók hana og flaug með hana af stað burt úr skóginum. Og þær lèttu eigi fyrri en þær komu heim á gamla melinn. Þá leið Holtasóley niður á melinn, og öll blómin og jurtirnar fögnuðu henni mjög. Þá mælti Ljósberi:

„Nú getur þú séð, að það var satt, sem eg sagði þèr, *að hollast og bezt er heima.*“ „Já“ sagði hún og roðnaði við. En svepparnir sáu það og mæltu glottandi: „Auðsèð er nú, að útlendu jurtunum hefir ekki þótt mikið varið í hana; betra hefði verið að sitja heima, heldur en að fara og koma aptur með smán“.

„Með smán? ónei, hún kom með sóma, og hvergi hefi eg séð eins fagrar jurtir eins og á þessum mel. En þið skuluð falla við litinn orðstír,“ sagði Eiríkur víðförli, sem nú kom úr Suðurheimi eptir margra ára fjarveru. Síðan reiddi hann staf sinn og sló til svepp-anna. Duttu þeir þá í mola, og ormar ultu út úr þeim. Þá sögðu melajurtirnar: „Það var þó gaman, að svepparnir þessir drápust; þeir voru lengi melnum okkar til skammar. Nú skal Ljósberi vera konungurinn okkar og Holtasóley drottningin okkar.“ „En gleymið ekki Lambagrasinu. Sko, það er ekki hátt upp í loptið, en það breiðir rósrauða blómfaðminn sinn út yfir melinn, svo að frjóvgunarmold hans fjúki ekki frá okkur“, sagði Ljósberi og leit blíðlega út yfir allan melinn, sem nú var orðinn svo þakinn af jurtum, að varla sá í stein.

En Eiríkur víðförli gekk um kring á melnum og horfði á Ljósbera, Lambagras og Holtasóley og söng:

„Jurtir þrjár, sem þrávallt Ísland prýðið,
þéttum rótum bindið mel og sand,
jurtir þrjár, sem jörðu hvergi skrýðið
jafnfallega, eins og þetta land!
Utanlands í útlegð hæst til fjalla
eruð þið við kalda jökulrönd.

Okkar fold í faðm þið takið alla,
fram á heiðar, út á sjávarströnd.

Reynið ykkur, rósir Suðurheima!
rósum Íslands bjóðið út í dag;
sýnið ykkur hèr á melnum heima,
hlustið vel á norðanstormsins lag.
Æ, þið visnið; — en svo mitt i dauða
auðmjúklega játið það og vel:
„Allra fegurst rósin ljómar rauða,
runnin upp á hörðum eyðimel.“

(1875).

VI. AUÐUNN.

Sem barn með ljúfri lundu í lífsins dýrð hann sást.
Í hverju hlýju brosi hann hèlt að væri ást.
Hann unni öllum sálum og öllum trúði vel,
og öllum stóð þá opið hans unga hjartaþel.

Og fyrst hans faðir deyði, þá flutti móðir sig
að næsta bæ hjá bróður. „Æ blessuð, tak þú mig,
við mig þú mátt ei skilja“, hann mælti, en hún tèr:
„Ó grát ei því hann Gissur mun góður verða þèr“.

Hún kvaddi barnið blíða hjá bænum litla þess,
hjá lind í laufabrekku; þar lék hann frjáls og hress.
Og Gissur gekk opt þangað og gálaus þannig kvað:
„Minn góði! gleymdu sorgum, eg geng í föður stað“.

Með ljúfri flærðar-lèttúð hann leikfang gjörði af

því hreina unga hjarta, sem hans á vald sig gaf.
Af ótal æskublómum hann ástarhunang saug;
hann kyssti þau og kramdi, hann klappaði, sór og laug.

„Eg held að sè í heimi öll hjörtu blíð og væn,
og ekkert orð mun bregðast og engin neitast bæn,
og allt, sem aðrir segja, það er svo gott og satt;
þú ert mèr ósköp góður, mèr er svo hlýtt og glatt“.

Svo mælti Auðunn úngi á eldri vinar knjám,
og lagðist hans við hjarta Með hýrum augum blám
hann leitaði eptir elsku í augum þessa manns
og lagði litlar hendur svo ljúft um hálsinn hans.

Þá glotti kalt hann Gissur: „Þú glópur ert, mitt barn!
þú heyra skalt, að heimur er háll og eigingjarn;
ei veröld gamla viknar við vol og flýruhátt.
Nú, strákur! farðu frá mèr, eg fer til drykkju brátt.“

„Þú sagðir annað áðan og alltaf hèzt mèr þá,
að fylgja mèr til mömmu á Mel fyrir handan á
og sýna mèr litlu lömbin og laufahrísið með
og líka blessuð blómin, sem barnið ei hefir sèð.“

Svo mælti Auðunn ungi; en einhver gremja ný,
með efa-eitri blönduð, hans augun vætti hlý.
En Gissur sagði: „Sussu! eg sjálfsagt ekki fer
að halda heit við krakka“. Og hann burt flýtti sèr.

Þá hugsar Auðunn ungi: „Það er í fyrsta sinn,
að eg það orðið heyri, sem andaður pabbi minn

kallaði ljóta lýgi, en líka sagði þá,
hún ætti að eins heima þeim illu sálum hjá."

Svo gekk hann Auðunn ungi að ánni gagnvart Mel
og æpti eptir mömmu, sem óp hans þekkti vel.
Hún sótti soninn yfirum, en seint var orðið nú,
að bæta banvænt sárið, því barnið missti trú.

Nú liðu langir tímar. Af lýgi hneyxluð sál
af sárum sýndist læknuð, en samt var hörð sem stál.
Hann trúði furðu fáum, en fæsta elskað gat;
en eptir ástar sælu hann opt með löngun sat.

Þá mætti honum meyja, í mörgu ágætt sprund;
hún þótti fríð og fjörug, en fremur hörð í lund.
Hún var af köldum komin og köldum alin hjá,
en hennar góða hjarta fèkk hnekki mikinn þá.

Hans barna-ástar eldur varð aptur vakinn þá
af einum aumum neista, sem eptir falinn lá.
Hann gleymdi gömlum svikum, hann gleymdi jafnvel synd.
Nú uppreis allt hið fagra í ungrar meyjar mynd.

„Nú opnast yndisheimur og allt í blóma skín,
og allt, sem er þèr nærri, eg elska vegna þín.
Eg hefi lengi leitað með löngun eptir ást;
nú hef eg fundið hana. Æ hvað mun betra fást"!

Svo mælti hann við hana; og hennar ást það jók,
og það var engin efi, að elsku hans hún tók.

En bernskuvorið blíða, sem birtist í hans sál,
var henni hulin gáta; hún heyrði ei þess mál.

Sè eðlisþörfin ástar ei uppfyllt barni hjá,
hún spillist eða eyðist, en allt af leggst í dá;
en mæti hún aptur elsku, hún endurvaknar þrátt,
og móðurhjartað hreina hún heimtar ósjálfrátt.

Svo mjúklynt móðurhjarta hjá meyju hann ei fann.
Hann fékk svo af því angur, svo ástin kólna vann.
En auðsèð var, að eitthvað af æskublíðu hans
var enn þá ekki vaknað, nè *ást hins rjetta manns.*

Því henni opt hann unni í ýmsu vegna *sín,*
en varla vegna hennar. Það vissi faldalín,
sem einnig unni honum, sem optast vegna sín.
Hún sagði: „heldur hrakast sú heita ástin þín!“

Hún brosti svalt við svarið, það særði Auðun mest.
Að blíðka hennar hjarta hann hafði tilreynt flest.
„Við getum ekki elskazt, því ástin vor er köld;
vor endar unaðsdagur með of snemmt hríðarkvöld.“

Svo mælti hann. Þá hvarf hún og hvergi framar sást.
En hann stóð aleinn eptir. „Nú einnig þetta brást,
því ástín min var orðin svo eigingjörn og köld.
Þín litla lýgi, Gissur! er ljóst að þessu völd.

Hún drap það trúartraustið, sem til hvers eins eg bar.
Hún drap það ástaraflið, sem í mèr fyrri var.

Þú sveikst með sinni léttu þá sál, er trúði þèr;
eg sveik með sárum harmi þá sál, sem leið varð mèr.

En hvergi skal eg hata nè halla meir á þig.
Með hetjudyggð skal hefna til heiðurs fyrir mig.“
Svo mælti Auðunn ungi og aleinn lengi gekk;
og laufadal með lindum hann litið seinast fèkk.

Þar lèku ljúfar meyjar og litlar systur tvær
og ungur blíður bróðir, en brátt kom Auðunn nær.
En öll þau heilsa honum með hlýtt og saklaust mál.
Þau voru frjáls og fjörug og fögnuðu hverri sál.

Í fangið hans þau flugu, sem fullvel kunnugs manns
og lögðu litlar hendur svo ljúft um hálsinn hans;
um sögur blítt þau báðu þau börn svo fróðleiksgjörn.
Þá hugsar Auðunn ungi: „Hvè inndæl blessuð börn!

Mín bernskufegurð bjarta og bernskuástin þýð
í augum allra þeirra mèr endurskín svo blíð;
og Edensblærinn aptur mig allan gegnum fer,
og andinn eilífð nálgast, því ástin saklaus er.

En má eg ekki muna, hvað myrti þetta allt
í æsku minni áður: *eitt orð af lýgi* kalt.
Nú skal eg sannleik segja við sèrhvert blessað barn,
og heldur hlýt eg deyja, en hjara lýgigjarn.

Eg blessuð börn skal verja mót böðlum öllum þeim,
sem á þau ætla að herja með eiturtungum tveim;

sem Heródes í hjörtum, með hrekkvís lygaorð,
í barnasálum björtum þeir byrla tvöfalt morð.

Svo mælti Auðunn ungi og efndi vel sitt heit,
og aptur jörðu alla í ást og fegurð leit.
Með björtum vizku-blóma kom barnsleg ást og tryggð,
með karlmanns hraustu hjarta hin háa sannleiks dyggð.

En sannleiksröddin segir: „Þín svik ei verða bætt“,
með sárum verk hún vekur, ef vill hann blunda sætt;
já víst er gott að vaka, en víst er betra þó,
ef þvílík sár ei þyrftu að þröngva lífsins ró.

(1882).

VII. GÍSLI SKÁLD.

Gísli var skáld. Hann söng svo sætt,
sem svanur vors um tíð,
um Guð og ástar yndið mætt,
um aldinn kappa lýð,
um allt, sem gat vort hjarta hrært
og hreina unun gaf.
Það sem hann orti æ var lært
af öllum, já, og sungið skært
á ferð um fjöll og haf.

Og meyjar slógu hring um hann,
þó Helga einna mest;
af elsku sætt hún brosti og brann
og blessaði þennan gest:

„Ó hvílík unun er að þeim,
sem eilíft skáldamál
á tungu ber og hrífur heim
að hjarta sèr, en deyðs í geim
hann kveikir kærleiksbál.

En ekki síður sèrhvað smátt
hann sèr og skilur rètt,
og gjörir sinnið grátna kátt;
þá gjörist byrðin lètt.
Þó engan skilding eigi hann,
hans andi ríkur er.
Já sælt væri' að eiga svoddan mann", —
hún sagði lágt, en þá kom hann
og ástarorðin tèr.

Nú það gekk vel. En þessi stund
oss þótti stutt og blíð;
því Oddný gamla, grá í lund,
var gröm þeim unga lýð;
hún Helgu fann og fölsk og blíð
sig færði ljóss í hjúp.
Hún sagði: „Heyrðu, Helga fríð!
að hjálpa þèr er komin tíð;
þú ert við óláns djúp.

Þú elskar skáld; en skálda són
ei skapar auð nè brauð,
því *skáld og ólán eru hjón,*
sem eiga barnið *nauð.*
Og vittu, þegar vömb er tóm,

þá volast blóminn þinn.
Þú eflist lítt við óðarhljóm.
Tak eplið heldur en vesælt blóm
og eigð' hann Árna minn."

Hún gjörði svo, en syrgði þó
þann söng, sem nú var burt.
Hún giptist auð og auðug bjó,
en æ varð lífið þurrt,
því Árni sonur Oddnýjar
var allra mesta gauð,
og opt við Helgu harður var
og heimskur allt af, nema þar
sem átti hann við auð.

Með staf og poka firðum frá
nú fór hann Gísli brott,
og nú fèkk hann með sorg að sjá
þess sannarlegan vott,
að lýðir möttu ljóðin hans
sem leik, en ekkert gagn;
þeir vissu ei, að andi manns
í orði háu sannleikans
opt hefur mesta magn.

Samt var það allt af einhver sál,
sem óð hans matti rètt
og við hann sagði vinarmál;
þá varð hans hjarta lètt.
En ærið fáa eg þá tel,
sem andann skildu hans;

allt eins og blóm á brunamel,
sem brosir rètt við jökulhel,
þeir voru ljóminn lands.

Nú liðu þannig allmörg ár.
Hann særið víða fór,
og hjartans fornu sviðu sár,
en sálin enn var stór;
hún geymdi innst í sjálfri sèr
þá sönnu gleðilind;
hún fann svo vel, hvað fagurt er,
en fann því bezt, að það er hèr
opt hulið sorg og synd.

„Mitt hjarta litla huggun fær
á hörðum eyðimel,
ef snjórinn byrgir blómin kær
og byrjar elli-èl.
Hvar er mín forna æsku-ást?
Eg allt af leita skal.
Á Helgu leiði hún mun sjást,
þótt hún sè dauð, sem áður brást.
Nú heim í hennar dal!“

Svo mælti hann og haltur gekk,
en hugur ástar flaug;
um Helgu loksins frètta fèkk
og fátæk hjónin þaug,
sem byrjuðu rík, en entu aum,
heyr undur! — flutt á sveit!
Að gömlum bæ við bláan straum

nú bar hann Gísla sem í draum,
og Helgu hèrna leit.

Hèr var hún blind, og Oddný eins,
en Árni dauður var,
og báðar kenndu mjög til meins,
því mörg þær nauðin skar.
Er ytri sjón var orðin blind,
hið innra ljós varð bjart,
og minnið sönn var sorgalind,
sem sýndi marga horfna mynd;
og *þá* sló hjartað hart?

„Nú sèrhver gleði úti er;
að iðrast víst er seint.
Nú ýmsir menn í húsi hèr
oss hæða ljóst og leynt.
Við gleðjumst ei við gull nè auð;
við getum það ei sèð.
Svo kemur huggun köld og snauð:
Vor kroppur verður ormabrauð —
og máske sálin með“. —

Svo Oddný kvað. Þá kom þar *einn*
og kvaddi þær svo blítt,
í máli gamall, hress og hreinn,
með hjartað ungt og nýtt.
En manninn ekki þekktu þær
og þó um litla stund
þær báðu: „Heyrðu, karl minn kær!

æ kveð nú ljóð og sit oss nær,
svo lèttist okkar lund".

Hann söng um Guð og æsku-ást,
í anda frjáls og hreinn;
hann söng um eigin ást, sem brást.
En ekki vissi neinn,
að *hèr var Gísli.* Hann um síð
við Helgu ræddi blítt.
„Ó er það Gísli? — yndistíð!
ó undra-forsjón, rèttlát, blíð!
ó allt er orðið nýtt!"

Svo mælti Helga. Hans við brjóst
hún hallaði sèr af ást;
en augun báðu leynt og ljóst
um líkn, sem ekki brást.
Við fyrstu ást, sem endurskein
á elli-dimmu flet,
nú brosti eilífð, blíð og hrein,
því burt var horfið sèrhvert mein.
En Oddný auðmjúk grèt.

(1877).

VIII. MÓÐIRIN, BÖRNIN OG VEIÐIBJALLAN.

„Við höfum ekkert á að lifa.
Það er svo langt til *hans* að skrifa,
sem fyrir mig og börnin blíð
nú berst á sjó á hverri tíð."

Svo meðal barna móðir segir,
unz mállaus hún af gráti þegir
og hungruð fer svo hvíldar til;
en hennar draum eg segja vil:

Guðs engill kom og kvað við hana:
„Ó kona! þið ei fáið bana;
þér munu fuglar færa brauð.
Guð faðir hjálpar æ í nauð!“

Hún vaknar. Flokkar veiðibjalla
frá vogum koma upp til fjalla
og loksins flökta yfir á
við eyri stóra bænum hjá.

Hún með sín börn að ánni æðir
og eyri sèr, sem kring um flæðir;
þar láu fjórir laxar á;
þær lipru bjöllur drógu þá.

„Ó vonin brást, eg frá hlýt fara,
því fljótið er svo djúpt“. „Nú bara,
mín góða mamma! æðrast ei;
eg útí með“. Hún kallar: „Nei!“

„Jú, eg fer“, segir Ásbjörn hraður,
sá ungi litli hreystimaður.
Hann veður öflugt út í fljót;
hún æpir: „Þú fer dauða mót!“

Hann sækir laxa yfir um alla

og að fót hennar lèt þá falla.
„Ó Guði sè lof“ þau hrópa hátt
og horfa glöð í loptið blátt.

Og Ásbjörn laxa heim ber hraður
og hlær við tönn og segir glaður:
„Þær veiðibjöllur benda mèr,
að björgin fæst ef leitað er.“

* * *

Sá vinnur gagn, sem vogað getur;
sá veslast upp, sem framför letur.
Set takmark hátt, því hvort sem er
í hættu jafnan erum vèr.

(1877).

IX. SMALASTÚLKAN
(huldusaga).

Hún gèkk svo frjáls og fögur með fèð á undan sèr
á mjórri braut í björgum; en bratt og tæpt var hèr.
Svo lètt með liprum fæti hún lítinn hrærði stein.
Valt hann og hreif einn stærri; þá heyrir silkirein,

að ótal aðrir steinar þeim öðrum fylgdu með,
og það varð skjótt að skriðu, sem skall, svo hræddist fèð
og æddi út um fjallið. Það elti mærin fríð;
hún sárþreytt varð og settist og sá um fjallahlíð.

Hún sá að sauðir stöðvast; en síðan þruma sló;
þeir æddu aptur burtu; hún enga hafði ró.

Hún grèt og grúfði niður á græna mosaflá,
svo jarðarblómin blöktu við blómin kinnum á.

Hún fann, að hönd þá snerti svo hart þá grátnu kinn.
„Nú hefnt eg hefi fyrir hann Helga, drenginn minn.
Með þínum þungu steinum brauzt þú hans fót og hönd,
og því eg þrumu sendi á þessi beitarlönd".

Svo hjalar huldukona. Það hræddist lítil mær
og blítt hún beiddi vægðar. Hin bláa kona hlær:
„Hæ hæ og hó hó, gaman! nú hef eg vald á þèr,
og fyrr en frjáls þú sleppur þú fljótt skalt hjálpa mèr.

Minn Helgi hjartans-kæri í hami af úlfi býr
og ólmast þá og æríst, sem óarga villudýr;
þær feiknir á hann færði eitt flagð úr tröllageimi,
og að eins fær hann frelsað eitt fljóð úr mannaheim".

Þá grèt hið fagra fljóðið, sem fara hlaut þó með
í huldukonu helli. Þar hún fèkk úlfinn sèð.
Hún herti þá upp hugann og hýrt að brjósti sèr
hún vafði villta úlfinn, úr vonzkuham sem fer.

Og hann varð hetja fögur, og hjón svo urðu þaug;
en hönd var hvergi brotin, því huldukonan laug,
svo hægra yrði að hylla þá hræddu baugagná.
„Þú laugst að hreinu hjarta; nú hverf jeg ykkur frá!"

Svo ræddi mærin reiða og rann svo heim til sín;
en sveinninn samt var frelstur, þótt syrgði baugalín.

Hann leitaði hennar lengi, en ljúfleg hennar mynd
skein ætíð í hans hjarta sem æðsta sælulind.

* * *

Ef sálin ung með argi án ástar lifa má,
hún verður villt sem dýrið, sem vinnur ekkert á,
uuz ástin hreina hana að hjarta vefur blítt;
þá batnar hún og blómgast og byrjar lífið nýtt.

(1877).

X. FIÐRILDIÐ.

Nú flýg eg frjáls og leystur úr fölvum ormaham;
hann liggur lágt á jörðu, en lètt eg bruna fram.
Kom blessuð, sól mín sæla! Þín sæta ást gaf mèr
svo lètta liljuvængi. Nú leik eg fyrir þèr.

Eg kraup svo lágt í lautum og leit á fjöllin há.
Á stöllum brostu blómin og bentu fuglum smá.
Eg vildi feginn fljúga með fjörga hópnum þeim.
Nú fæ eg loksins fagnað í fögrum vinageim.

Og sumarblærinn blíði mig ber á höndum sèr;
á blöðum og á blómum með brosi hann vaggar mèr.
Við rósar hjartað hreina eg hvíli löngum mig;
þá heyrist mèr hún hvísla svo hlýtt: „Eg elska þig".

Hún vaknar samt og segir: „Ó særðu ekki mig!
oss litlu blómin langar að lifa eins og þig.
Þín fötin eru falleg og fötum mínum lík;
en eg get ekki flogið, en er þó sæl og rík".

Á hrislutoppum háum eg hef minn fjallatind;
í björtum blaðatjöldum eg bý þar yfir lind.
Hvert lauf er lítill heimur, en lífið þess í draum
úr kvíslum kemur saman af kærleik í einn straum.

Nú drýpur dögg á blöðin og döpur heilsar mèr:
„Hin köldu kvöldský biðja svo kært að heilsa þér;
þau sveima lètt og litfrið um loptið eins og þú;
en æfin ykkar beggja á enda kljáð er nú".

Í dauðans draumageiminn nú dreifist lífið mitt.
Ó lífsins fegurð frjálsa! æ fá mér vínið þitt;
þann sæta blíða bikar í botn eg drekka skal;
með síðsta dropann sekk eg í svartan gátudal.

Eg kveð þig, sól mín sæla! Hve sætt er brosið þitt!
Þess blíða blessun streymir á banafletið mitt.
Ef það mèr lofar lífi, það loforð halda ber.
Eg trúi engu táli. Ó tak þú, jörð! við mèr.

(1878).

DALARÒSIR.

TVÆR ÒÐSÖGUR

eptir

GUÐMUND HJALTASON

gefnar út á kostnað hans.

Kostnaðurinn er yfir 320 krónur, þar af ætlar höfundurinn sèr 200, en hinar 120 krónur af tilkostnaðinum og auk þess allt sem verður afgangs kostnaði ætlar hann til að stofna kvennaskólasjóð.

ODDEYRI.

Prentað hjá *Birni Jónssyni*

1885.

Ásbjörn og Þórdís.

Dalur heitir Krókárdalur og ber nafn það með rèttu. Hann er bugðóttur mjög og eins á sú, er í honum rennur. Beggja vegna eru há fjöll; frá þeim sèst langt upp á heiðar og jökla og út á sjó. Ofantil skiptist dalurinn í tvo dali, annar liggur norður og heitir Nýidalur, hinn sunnar og heitir Seljadalur. Bæði aðaldalurinn og afdalirnir snúa frá norðri til suðurs og áin rennur til suðurs og í aðra stærri á, er kemur úr öðrum dal.

En hvernig er nú dalurinn tilsýndar? Bezt er að skoða hann á björtum vordegi og standa á Sjónarhól, sem er hár höfði neðst í honum rètt við ána; þaðan horfir þú upp eptir dalnum, og þá gefur á að líta! Í miðjum dal rennur á í ótal blåum bugðum. Með henni liggja grænar grundir, en ofan þær eru bleikgrænar mýrar, ljósgrænar brekkur og dökkgræn tún og blágrá melholt á milli eins og marglitir skildir hver við annan. Hærra upp í hlíðunum eru gráleitar skriður með grænum geirum á milli. En hæst á fjallabrún eru klettabelti með mörgum stöllum og skörðum og ofan þá eru tindar og hnjúkar, sem gnæfa við lopt-

geiminn blåa kringum dalinn. Og bak við botn hans sést hvítkrýndur og bláskjaldaður, bunguvaxinn jökull. Áin er eins og blátt belti og lækirnir í báðum hlíðum eins og silfurbönd á hinu grænleita dalsklæði.

Gakk nú upp með ánni, og þú sérð eyrar blágráar, sem hèr og hvar roðna af eyrarósum og gulna af möðru. Grundir eru gulum fíflum settar; á þeim eru í hópum falleg og fjörug hross og kýr, og menn á gangi að verja þeim slægjurnar. Nú blasa við hlíðarnar með mýrnm, brekkum, túnum, holtum, geirum og skriðum, stöllum og skörðum og eru grænni og fallegri að sjá enn áður. Á melunum og holtunum sérðu nú margar og marglitar stjörnur, ilmandi, vaggandi og brosandi melablóma, og í mýrum sérðu smá fjallhraparunna, í brekkum birki og bláar sóleyjar, í geirum gráviðir og í björgum runna af burnirót. Spörfuglar og lóur syngja í runnunum, sauðfé dreifir sèr í brekkum og geirum í smám og stórum hópum eða í röðum og bugðum eptir fjárgötum. Það er því að sjá eins og hvítir deplar, skildir og þræðir í grænkunni.

Tún eru gulleit af sóley, flest öll þýfð og garðlaus. Bæjarhúsin eins og vanalegt er með torfþökum og timburþiljum.

8 bæir eru í dalnum, er helzt koma við sögu þessa; þeir, sem eru að sunnanverðu, heita: Gil, Hóll, Brekka og Kirkjubær, sem einmitt er niðrá dalamótum og þar er sóknarkirkjan, en að norðanverðu eru þessir: Vellir á móti Kirkjubæ og Vallnakot nokkuð ofar, þá Eiríksstaðir og Nýidalur ytri við mynni Nýjadals, þá Nýidalur efri að austan og ofan við Nýjadalsá í miðjum dalnum, en jörð sú er í eyði.

Vellir er vænsta og fallegasta jörðin, og þar býr líka duglegur bóndi sem Guðmundur heitir. Túnið er algrjótgirt og slètt að mestu, en á því eru þúfnaklasar hèr og hvar. En Guðmundur gamli er ekki hrifinn af þeim, þótt þær hreyki hvítum og gulum sóleyjum, heldur hugsar hann, er hann gengur hjá þeim með spaða sinn: „niður með þær!“ Bærinn er á breiðum hól í miðju túni og bæjarhús öll í einni röð, 7 að tölu. Norðast er smiðja, þá skemma, þá baðstofa, þá bæjardyr með eldhúsi innaf, þá stofuhús með búri innaf, þá eldviðarhús. Öll húsin hafa þil og dyrnar snúa til suðurs; þilin eru dökk af tjöru, en gluggarammar hvítmálaðir. Á öllum húsbustum eru vindhanar með rósum, ártali og fuglum af útskornu og máluðu trè. Fyrir framan öll húsin er stètt af slèttum og ½ álnar þykkum steinum, 1½ alin á breidd, og harður og slèttur hlaðvarpi framan hana með stórum hestasteini með sterkum járnhring í. Baðstofa, skemma og stofuhús hafa lopt. Norðast á túuinu eru 6 fjárhús með 3 hlöðum og 2 tóptum og 2 hesthúsum. En sunnan bæinn er fagur lækur og fjósið með 1 hlöðu, 1 hesthúsi. Sunnan bæjarhólinn er stór kartöflugarður með mörgum hvönnum og einu reynitè og nokkrum birkihrislum, er Jón fróði setti þar. En sunnan fjósið er kálgarður nokkru minni. Við lækinn er mylnuhús.

Komum nú að bænum og berjum á dyr. Guðmundur gamli kemur út og hefur rauðgul og blá og grænröndótta skotthúfu á höfði og bláa peisu með stórum og rósuðum silfurhnöppum, sem hann erfði eptir afa sinn; eða hann er á svartri síðtreyju og svörtum vaðmálsbuxum og með hatt eins og margir. Við heils-

um honum og hann tekur því vel, býður okkur inn í stofuna, hún er öll hvítmáluð með grænum, rauðum og bláum listum; gluggar eru 2 með 6 rúðum hver og borð undir þeim og 2 stólar sinn hvorumegin, en langir trébekkir við báða veggi og rúm í öðrum enda og spegill á þilinu, upp undir lopti er bókhylla, þar eru árbækur Íslands, fornsögur flestar, flest íslenzk tímarit og lagasafn nokkurt. Guðmundur lætur hita kaffi handa okkur, en ef að vetur er og engi ofn í stofunni, býður hann okkur inn í baðstofu. Við fylgjum honum inn að stiganum og þá sjáum við opið stofuhúsið undir loptinu; það er að öllu líkt stofunni, sem við vorum í, en ekkert er þar málað og engar bækur, en nóg af kistum, fötum og fleiru, en undir hinum enda loptsins er vefstaðshús — og í vefstaðshúsinu er rúmstæði. — Við göngum nú upp á baðstofuloptið, þar eru 6 stafgólf, hvort 3. álna langt, 4 álna hátt og 7 álna breitt; gluggar er 6, 2 þeirra á göflunum með 6 rúðum, hinir á hliðum hver með 4 rúðum; 2 vænar tíður eru á mæninum, og 3 glugganna á hjörum. Rúm eru beggja vegna í stafgólfum, og bæði endastafgólfin afþiljuð. Í öðru þeirra er eitt rúm, kistur 3 og bókhyllur, á þeim eru margar bækur, sumar gylltar á kjöl og nöfnin eru: ljóðabækur ýmsra íslenzkra skálda. Ein bók er þar afarstór með koparplötum á og koparlæsing. Hèr býr Jón fróði frændi Guðmundar og húsmaður hjá honum og er nú ekkjumaður og báðir synir hans eru hjá Guðmundi og hirða fè og kýr og hesta. Ef við spyrðum Jón hvað í bók þessari sje, mun hann segja: „fornar sögur sem aldrei hafa verið prentaðar“. En hann mundi líka sýna

okkur aðra bók sterklega bundna og þykka nokkuð — það er nú óður hans: 10 rímnaflokkar, 12 ljóðabréf, 5 hestavísuflokkar, 3 formanna og 4 bæjavísuflokkar og að auk 70 kvæði ýmis efnis. Ekkert af þessu hefir verið prentað, heldur hefir hann verið ánægður með að ljá það góðum og fróðum vinum. Við göngum nú í þriðja stafgólfið til hægri, þar eru synir Jóns, en í því fjórða og fimmta eru vinnukonur. En er við komum í hið innsta, þá er borð undir glugga og 2 máladir og útskornir stólar við það, 2 skornir og máladir skápar eru sinn hvorumeginn við gluggann, en yfir stafgólfsdyrum er bókhylla, þar eru ýmsar húslestrabækur og fleira. En þar verður okkur helzt starsýnt á 4 bækur, mjög skrautlega bundnar; það eru: Biblían, Edda, Njála og Grágás, eru það uppáhaldsbækur þeirra Guðmundar og Jóns. Uppi á súð eru 2 slíður, þar eru þjalir, hnífar, borar og önnur tól með renndum sköptum, því Guðmundur er smiður en útskurðurinn, málverkið og bókbandið er eptir Jón. Við hjónarúmið er máluð og skorin rúmfjöl og fjöllit ábreiða yfir því. Á því situr Signý, kona Guðmundar, með rösklegum og þokkalegum svip. Allur bærinn er sópaður og þveginn og á öllu sést, að reglukona á í hlut.

En hjá henni sitja litlar stúlkur tvær. Önnur er eldri, dökkhærð og dökkeyg, fremur lagleg, en nokkuð alvarleg á svipinn. Hin er yngri ljóshærð og bláeyg, falleg og fjörug með blíðan og gáfulegan svip og heitir Þórdís, en hin Geirlaug. Þórdís er fósturdóttir Guðmundar, en Geirlaug er sveitarbarn. Foreldrar beggja eru dánir. 2 synir Guðmundar eru farn-

ir að búa, og hinn þriðji er sigldur til að læra jarðyrkju. Önnur dóttir hans er farin að búa og gift eins og 2 bræður hennar, en hin er dáin og tók Guðmundur Þórdísi í stað hennar.

Jeg vil nú byrja með að segja frá Þórdísi.

Þær Þórdís og Geirlaug gættu kúa á sumrum og hèldu þeim á beit í brekkunum milli Vallna og Vallnakots. Brekkur þessar eru mjög fagrar og frjóvar. En hèr og hvar á milli þeirra eru blómklædd melholt með litfögrum lyngbörðum í kring. Hæst af holtum þessum er Merkjaholt, er aðgreinir löndin. Báðumegin við það er fögur brekka, og í brekkunni, sem er Vallna megin við holtið, er ljóstær lind með litlum og fjörgum fossum og rauðum smárósum í. Þær sátu við holt þetta um sumarkvöld — þá var gaman að vera úti! Allur dalur iðgrænn, ár og lækir ljómuðu eins og gullbetli, því kvöldsólin skein svo fagurt á þau; blíður blær vaggaði blómunum og bar ilm þeirra í faðmi sér frá einu blómi til annars, hann vaggaði ljósöldum lækja og vatna, lètti söngfuglum flug og fjörgaði lömb og ær, sem voru á beit til að sjá eins og hvítir skildir á grænu klæði.

Grænu mýrarnar voru alsettar hvítum skjöldum af fífu; þar voru hestar á beit, þar ullu ótal spóar. Holt, melar og móar hvítnuðu og roðnuðu af holtasóley og lambagrasi, þar sungu lóur. „Ósköp er gaman að vera úti núna“, sagði Þórdís. „Já, góða mín! nú skulum við líka nota góða veðrið og leika okkur við bæina okkar hèrna í brekkunni“. Síðan gengu þær að smábæjum sínum, þar áttu þær trèfólk og fjölda horna, sem þær höfðu fyrir fé. Og þær

lèku sèr líka að blómunum og lètu þau hugsa, tala og hreyfa sig eins og þau væru lifandi verur. Og sama hugsuðu þær um lindina með litla fossinum og kerinu undir. Þar var blásóley mjög falleg, þær ætluðu að taka hana, og þá byrjaði fundurinn, sem þær hugsuðu sèr að blómin hèldu. — —

„Komið!“ sagði litla Björkin, sem óx hjá litla fossinum.

Fossinn sagði: „Varið ykkur litlu meyjarósir, rænið ekki rósinni minni, því annars tek eg ykkur.“ „Óneil“ sagði gulltoppur, sem grèri á púfu þar hjá — „eg held þær vilji hana ekki, þær vilja heldur vera hjá mjer og þeim þykir eg fallegri.“ „Fallegri er hún enn þú, en fallegastur er ljósberi frændi minn“, sagði Lambagrasið, sem óx á ótal púfum og myndaði rósrauða skjöldu um öll brekkubörðin. „Fallegri er hún holtasóley“, sagði fífill, sem myndaði gula skjöldu í brekkunni. Og nú hvesti nokkuð svo að grasið og blómin vögguðu og gekk það í öldum, sem báru fjöllitan blæ. „Nú skulum við syngja kvæðin um blómin og börnin! sem hann Jón orti fyrir okkur“, sagði Geirlaug. „Ójá!“ sagði Þórdís og settist á hné Geirlaugar og lagði báðar hendur um háls hennar. Þær sungu:

Vor Jesús tvennt á jörðu sá,
er jafnan gladdi hann:
hin góðu börn og blómin smá,
því barn var sjálfur hann.

Hann bar á örmum börnin smá
með blíðum ástarróm;

Hann sagði: „skoðið ökrum á
hin yndislegu blóm!“ —

Þá tók Geirlaug fagra blásóley og strauk henni blíðlega um kinn Þórdísar, og prýsti henni að hjarta sèr og hèlt áfram með sönginn:

Já vertu góð og hjartahrein
og haf á Drottni trú,
og græddu sèrhvert mannamein,
sem megnað getur þú. —

Þá muntu jarðar fögnuð fá
á fögrum gæfustig;
þú skoðar himins blómin blá
og börnin elskuleg.

Og Jesús er þar eilíf sól
svo ung og blíð og skær,
og alltaf ljóma eilíf jól
og alltaf blómið grær —

En rètt í því þær enduðu kvæðið, heyrðu þær hávaða mikinn hinumeginn við holtið. Gengu þær svo upp á það og sáu tvo drengi við lækinn fyrir ofan það. „Það eru þá þeir strákarnir hann Ási og hann Leifi!“ „Eigum við ekki að koma til þeirra?“ „Æ nei! ekki í þetta sinn“, sagði Geirlaug. „Því ekki?“ „Af því hann Leifi er þar“. „Ójú við skulum fara, þeir gera okkur ekkert“. Þær fóru þangað og heilsuðu þeim og tóku þeir því.

Ásbjörn átti smá bæi við lækinn, og Ísleifur var sendur að Vallnakoti og var nú kominn þetta afleiðis, og þeir voru nú að glíma í ákafa og gekk ekki hávaðalaust. Ásbjörn var 10 ára en Ísleifur 15, og varð Ásbjörn því opt undir, en líkaði illa. „Ekki kemur ykkur saman enn“, sagði Geirlaug. „Það jafnar sig“, mælti Ásbjörn. „Jeg held það jafn gott að við hreyfum okkur dálítið og liggjum ekki á letidöfinni í brekkunum eins og þið“, sagði Ísleifur. „Það er svo gaman að skoða blómin“, sagði Þórdís. „Ekki held eg það, meira gaman er að fljúgast á og ríða og reyna sig hver mestur er“, sagði Ísleifur. „Eg hef stundum gaman af blónum, en ekki vil eg alltaf vera að gaufa við þau; komið og sjáið bæi mína!“, sagði Ásbjörn, og svo gengu þau öll að fallegum lyngvöxnum hól, sem var efst í brekkunni. Efst á hólnum var stór steinn mosa vaxinn og við hann uxu 3 birkihrislur smáar með stórum blöðum. Ofan hólinn voru margar lambagras-þúfur og ofan þær stórar breiður af holtasóley, því þar byrjaði melurinn. Og undir hólnum voru 3 smábæir af steini og fólk af klumbubeini. „Hèrna eru nú bæirnir mínir“, sagði hann, „hóllinn er fjallið mitt og steinninn tindurinn á því, lyngið er skógurinn minn og berin á því eplin mín. Hvítu steinarnir þarna eru fèð mitt, en rauðu og gráu steinarnir hestar og kýr — og komið nú að blómaþúfunum, það á við ykkur! En hvað blómin eru mörg á þeim! það er eins og það væru dálitlar eyjar með mörgum máluðum húsum á, en melurinn er eins og sjórinn, og steinaraðir hans eru eins og öldur — sjáið þið!“ „Nú kemur þú með spekina þína gömlu“, sagði Ísleifur, „en viljið þið ekki

sjá hvað eg hef?“ Þá tók hann upp úr vasa sínum 2 trémenn gamla, er voru báðir höfuð lausir, sýndi þeim og sagði: „Eg er nú nýhættur að leika mèr að þessu og öðru, þetta eru nú seinustu trémennirnir, sem eg átti. Eg lèt þá vera þjófa og dæmdi þá svo til hýðingar, síðan lèt eg þá vera morðingja og dæmdi þá til að höggvast“. „Og þetta er ljótt gaman!“ sagði Þórdís. „Mesta gaman mitt og hefur alltaf verið, og eg held mèr þætti bara gaman að sjá að menn væri hýddir og höggnir“. „Æ góða við skulum fara“, sagði Geirlaug. „Hvaða vitleysa! verið kyrrar, hann er bara að stríða ykkur“, sagði Ásbjörn. „Við förum samt, við verðum að fara heim með kýrnar“, sagði hún. „Þið komið aptur!“ „Já, þegar hann Leifi er ekki hjá þèr“. „Og rækalls vellurnar!“, sagði Ísleifur og tók moldarköggul, „eg held mér standi á sama þó eg sæi ykkur aldrei — þú ættir að þegja, Geirlaug! þú sveitarkindin, sem hræðist allt — jeg man hvað þú varst hrædd að ríða í fyrra, þegar við vorum staðfest,“ og svo fleygði hann köglinum í hana í því hún fór. „Því gjörir þú þetta!“ kallar Ásbjörn reiður og þrífur í Ísleif, en hann tók á móti, urðu svo allharðar sviptingar, en loks fèll Ásbjörn. En þeir sættust fljótt eins og vant var, því báðum þótti vænt hvor um annan.

Fylgjum nú Ísleifi heim að Eiríksstöðum, þar er heimili hans. Móðir hans er dáin, og faðir hans giftur konu, er Þóra heitir, sem á sonu 2, sem enn eru heima og nokkuð eldri enn hann. Móðir hans var gift vínsvíni, er barði hana og hótaði henni dauða fyrir það að hún var nokkuð sein og daufgerð í heimilisstjórni,

varð hún því leið á honum og skildi við hann og lenti svo hjá Grími föður Ísleifs, sem var annað vinsvínið frá. En eptir að hann eignaðist Ísleif með henni, rak hann hana brott, og hún dó í eymd og volæði, og hefði haft kosti nokkra ef vel hefði verið farið með hana. Ekki er fallegt á Eiríkstöðum, tún kargaþýft, hús ljót og lítil og óhreinlæti mikið. Við komum inn í baðstofu; Þóra og Grímur sitja sitt á hvoru rúmi og eru svipill og þögul og þreytuleg — því rimman milli þeirra var rétt nýenduð. Synir hennar sitja á rúmi og vinnukonur 2 gegnt þeim. Ísleifur kemur inn, heilsar öllum með kossi, en seinast Helgu vinnukonu, sem er sú hin eina sál á bænum, er talaði vinlegt orð við hann. Hann kyssir hana hýrlega og sezt á kistil við rúm hennar. Þá segir Þóra: „Það gat skéð þú þyrftir að líkjast kerlingarskrattanum henni móður þinni! strákvæskillinn ný staðfestur að fara að daðra við stelpur". „Eg geri eins og mèr sýnist, þú mátt gjarnan segja þetta um mig og ljúga við eins og þú ert vön og kalla mig þjóf". „Þú lýgur það! eg hef aldrei gert það". „Eg heyrði það þó á Völlum um daginn, og get leitt vitni til ef þarf". „Jæja, þú átt það þá skilið, þú sem sleikir trogarjómann eins og versti köttur". „Satt er það, en þú gefur mèr heldur aldrei nóg að jeta og lætur mig fasta fram á hádegi, en gefur strákunum bæði nýmjólk, köku og smèr". „Haltu kjapti!" hrópa bræður og faðir hans. „Eg held honum ekki fyrr enn mèr sýnist. Og gæti lýst þig þjóf, Þóra! og báða strákana ef jeg vildi. Hann Jón fróði hefur gefið mèr 1 mark sex sinnum, og þú hefur tekið það af mèr og sagzt ætla að kaupa fallegt handa mèr

en svikizt um! Þið strákar! hafið stolið hagalögðunum mínum, og drepið lambið mitt og hvolpinn minn, en ekkert gefið mèr í staðinn og nennið ekkert að gera, en komið öllum snúningum á mig". Þeir rífa í handlegg hans, Þóra stendur upp, tekur sóp í hönd, hleypur að Ísleifi, Helga ætlar að hjálpa honum, dugar ekki, því Þóra rekur henni löðrung svo hún hrökkur aptur á bak á rúmið, Þóra leysir ofan um Ísleif og hýðir hann duglega, hann gugnar ekki, heldur stendur upp, horfir á hana og eldur brennur úr augum hans. Hún verður þá hissa og segir: „það er hvorutveggja að þú ert fæddur í heim þenna móti vilja Guðs og góðra laga, enda ertu versti strákur, sem eg hef þekkt, þú lendir líklega í „tukthúsinu" og loksins hjá þeim vonda". „Eg lendi þar sem mèr er ætlað að lenda". „Eg held annars það hefði verið nær, að Guð hefði tekið þig þegar þú varst nýfæddur og skammlaus, heldur enn að fara að taka hann Sigurð hreppstjóra bróður minn, blessaðan sómamanninn, er dó um sama leyti". „Hafi jeg fæðst á móti Guðs vilja, hvaða gagn var þá fyrir mig að fara til hans? En eg held honum hafi þótt tími til að taka Sigurð kallinn burt úr heiminum áður enn hann tældi allar konur, sem hann gat náð". Bræður sáu nú að Þóra var óvíg orðin í andans rómu þessari og hugðu því mál að hjálpa. Annar þeirra stendur upp, gefur Ísleifi kinnhest svo blóðið fossar. Ísleifur kveinkar ei, heldur horfir á þá og segir: „hallast á bræður!" „Ekki skal það", segir hinn og rekur honum annan harðari löðrung, en piltur horfir á þau öll með tindrandi augum og skein harkan úr þeim. Þá stendur Grímur upp og segir: „drepið þó

ekki strákinn". „Þegi þú!" segja mæðginin, og hann gugnar, en Ísleifur fer út. Daginn eptir fór hann að smala og Ásbjörn kom að honum á klettasnös og var hann að gráta. En er hann sá Ásbjörn, stóð hann upp þurkaði sig og harkaði af sèr, hljóp að stórum steini, setti hann fram af, steinninn valt ofan, reif aðra með sèr, eldur og reykur gaus upp. „Það vilda eg að hún Þóra færi eins", sagði hann og í því heilsaði Ásbjörn honum. „Nei ekki að óska ills Leifi minn! við skulum heldur leika okkur". Fór svo að hann gat sefað Ísleif svo ekki bar mikið á reiði og illsku hans á meðan þeir voru saman.

En Ísleifur fann fljótt, að „bón ei nè bræði" bliðkaði fóstru hans. Hreða sú er nefnd var, var hvorki hin fyrsta nè seinasta. Æstist nú Ísleifur og harðnaði meir og meir. Hann komst í bækur um hina og þessa þjófa, bófa og vígamenn og las um þá með mestu unun og hugsaði: „þessum vil eg líkjast í hörkunni ef mèr verður nokkuð á". Það var Ísleifur þjófur, S. Gottsveinsson ránsmaður, og Víga Friðrik, sem voru mestu ástgoðar hans af því kjarkur var í öllum! Byrjaði hann snemma á að lesa um þá, og leikir hans urðu: glæpir, dómar, högg og hengingar.

Komum við að Vallnakoti, þá er tún þýft, en bær laglegur. Þar búa Ketill og Guðrún með 3 börn, 2 dætur og Ásbjörn. Bóndi er kjarkmaður, en nokkuð fljótfær, kona greind og góð við börnin. — Fátt er af kvikfè og búshlutum, en nokkuð af bókum og er „Atli", „Vinagleði" og „Klausturpóstur", uppáhaldsbækur hjónanna.

Snemma bryddi á kjark og framhug Ásbjarnar.

Væri vöxtur í bæjarlæknum, æddi hann út í og óð. Ef hríð og hret dundi á húsum, þá hamdist hann ekki inni. „Eg vil fara út eins og hann pabbi!“ sagði hann. Og svo var hann kominn út fyrr en menn vissu af, villtist hann þá og faðir hans fann hann langt niðrá árbökkum, og hendur hans höfðu kalið nokkuð. „Ertu ekki búinn að vera nógu lengi úti núna?“ „Jú nokkuð“ „Er þér ekki kalt?“ „Nei!“ og svo barði hann höndunum saman og fór heim með föður sínum.

Einu sinni sat hann hjá kúm og skemmti sér við fólk sitt og bæi; var hann svo sokkinn niður í þetta, að hann gætti ei að kúnum og fóru þær ofan á bakkana við ána. En loks er hann leit upp, var honum heldur hverft við að sjá þær standa í slægjunum hans Guðmundar, og einhverja litla stúlku hlaupa þangað og reka þær upp í brekkurnar, þar sem þær áttu að vera. „Nú held eg karlinn segi eitthvað; en ekki skal eg kæra mig, kýrnar hans hafa líka komið heim í túnið hjá mèr“, sagði Ásbjörn, og fór aptur að leika sèr. Þórdís, sem einmitt var sú er rak kýrnar, gekk síðan upp í brekku til Ásbjarnar og hafði með sèr rauðköflótta glófa og rauðblåan trefil, er hún hafði prjónað sjálf og ætlaði að gefa honum það. Hún heilsaði honum hægt og blíðlega, en hann heyrði ekki. „Nú skal eg glettast við hann, fyrst hann tekur ekki betur eptir“, hugsaði hún, og læddi treflinum um háls hans. En ekkert dugaði fyrr enn litlu og mjúku hendurnar hennar klöppuðu svo þýðlega á kinn hans. Hann hrökk við, leit upp og kallaði: „Nei ert það þú Dísa! komdu sæl og blessuð! Hvað á eg að gjöra með trefilinn?“ „Þú átt að eiga hann og glófana þessa

líka". Hann varð alveg hissa og starði á hana. „Eg hef prjónað það handa þèr úr ullinni af ánni minni". Fèll hann þá um háls henni og kysti hana. „Eg hef nú ekkert að gefa þèr í staðinn, en ef þú villt eiga fallegasta bæinn minn hèrna með 5 stúlkum, 6 piltum og öllu fènu, þá máttu það. En þú verður þá líka að hjálpa mèr til. Eg ætla að byggja mèr svo stórt hús, að eg komist inn í það og þið báðar, því mèr leiðist nú að hafa ekki stærra hús enn svo að jeg geti smokkað hendinni inn í það. Svo vildi eg líka við þyrftum ekki að standa út í rigningunni í hvert sinn sem hún kemur". „Ójú! það er gaman við skulum hjálpa þèr þegar við megum". Og í því kom Geirlaug þangað og heilsaði honum. Tóku nú öll til starfa, þær báru til hans steina, en hann lagði undirstöðurnar. Og næsta dag kom hann með pál og torfljá og stakk og risti í ákafa. Í því komu þær báðar með sprek og spítur, sem Guðmundur hafði gefið þeim og bráðla varð húsið algjört. Gengu þau öll inn í það, settust á bekk fyrir þverum gafli, fyrst hann, svo Þórdís og svo Geirlaug. Sungu þau nú hið áðurnefnda kvæði og margt fleira eptir Jón. En hann stóð utan veggjinn og heyrði allt og er þau komu út, varð þeim heldur bylt við, en hann klappaði á öxl Ásbjarnar og Þórdísar og sagði: „Nú, þið eruð þá búin að vígja húsið ykkar með kvæðunum mínum! þetta boðar eitthvað. Eg óska ykkur til lukku! En þið hafið nú reyndar gleymt kýrtetrunum, eg kem með þær neðan úr slægjum". Roðnuðu þau mjög við að heyra allt þetta. En hann sagði: „gerir ekkert til; þið passið þær betur á morgun". Svo fór hann heim.

Nú liðu tímar og komum vèr nú þar að sögunni er þau Ásbjörn og Þórdís voru staðfest bæði 14 ára. Hann var greindur vel en þó ekkert afbragð hvorki að næmi nè skilning. En iðnin og áhuginn bætti það mikið upp. Þórdís þótti miklu gáfaðri, enda hafði hún betri tilsögn, því að Jón fróði kenndi henni.

Kjarkur og framfýsn Ásbjarnar óx með árunum. Hann vann með dug og kappi að öllu og var líka þrifinn, nýtinn og hagsjáll enda hafði Atli haft góð áhrif á hann og hugsaði opt um reglur hans er hann var að vinnu. Faðir hans var ekkert sérlega hirðusamur, en þegar Ásbjörn óx, þá varð betra lag á mörgu smáu í kotinu: verktól öll á vissum stað, steinar, torf- og heyrusl var týnt saman í smá hrúgur, og það var nú orðin mesta skemmtun hans að rista upp lautir og láta rusl þetta í þær og gjöra svo dálitla flöt af. Hvar sem hann fann ullarlagða, skeifu, nagla, bandspotta eða spýtu, þá hirti hann það allt og seldi lagðana fyrir peninga ásamt ull er hann fékk af 2 kindum, sem hann átti. Og ef einhver gaf honum pening, þá lagði hann hann í sjóð sinn er smá óx, unz hann gat keypt sèr kistu, beizli og hnakk. En þessi auðfýsn og smáglöggvi hans var ætíð sameinuð djörfum og háfleygum frægðahug. „Eg vil verða eins og hann Atli, gjöra eitthvað nýtt mèr og öllu landinu til gagns og sóma — en hvað?“ það var hann nú að brjóta heilan um. Einu sinni sá hann í bók Jóns fróða, að steinkol væru sjálfsagt til á Íslandi og væru þau helzt hjá surtabrandi. Nú voru gljúfur mikil að læk þeim er rann hjá kotinu, og efst í þeim langt fyrir ofan fjallsbrún var surtarbrandur. Þar voru búfjárhagar bæj-

anna og nú var regla sú komin á að sitja yfir Vallna og Vallnakots ánum saman og átti kotbóndi að láta sitja yfir þeim 7. daginn, því ær hans voru 20, en Guðmundar 120. Þær Þórdís og Geirlaug sátu því yfir 6 daga, en Ásbjörn þann sjöunda. En nú stóð svo illa á, að Ásbjörn hafði komizt í bók Jóns daginn áður enn hann átti að sitja yfir. Tók hann því með sèr sterka skóflu svo enginn vissi og fór með hana á eptir ánum. Og er hann kom upp á víðirflárnar við lækjarbotnana, lèt hann þær dreifa sèr eins og vant var. Dag þenna hafði Jón fróði farið á stað á grasafjall upp fyrir Nýjadalsbotna. Þær Þórdís og Geirlaug voru með honum. Þau tjölduðu á grösugu tjarnaflánum ofan til við botnana. Veður fagurt, sól skein í heiði, netaský á hálopti, en víða bjart við sjónhring svo fjalltindar ljómuðu bjartir og bláir allt í kring nema í austri, þar voru þeir hvítir. Ofan lækjarbotnana var háslètta mikil með mýrum, tjörnum, móum, hæðum, brekkum og geirum — þar sungu lóur og stundum svanir. Stöku geldkind var þar á beit.

Ásbjörn fór ofan í gilið og gróf í ákafa, unz hann fann dökkvan stein líkan steinkolum. „Nei, ef eg fyndi þau!“ — kallaði hann upp og hjartað sló af gleði — „þá skyldi eg verða frægur og gera mèr og öðrum gagn og sóma; þá skyldi dalur þessi verða fagur!“ sagði hann, stóð upp og leit yfir dalinn. „Öll tún eggslètt, algirt og frjóv, allar engjar eins, allir hagar girtir, árnar brúaðar, steinkyrkja reist, barnaskóli stofnaður, vagnbraut eptir öllum dalnum, myllur og verksmiðjur á hverjum bæ. Ferðamenn utan og innanlands kæmi í stórhópum til að skoða dýrð dals-

ins — og þá yrði eg frægur. Menn öfunduðust og reyndu að verða frægir líka; þeir færu að grafa eins- og eg — þeir fyndu steinkol. já gull! þá yrði gaman að lifa á Íslandi!“ Hann hèlt áfram, en gleðin smá-rènaði! — engin kol — aðeins þessi eini steinn, sem heldur ekki var kol, en með kolalit. — En Ásbjörn gætti einkis fyrr enn á hádegi — þá leit hann upp og sá rètt helming af ánum. „Gerir ekkert til! þær fara ekki langt“, hugsaði hann en gleymdi alveg að fráfæran var nýafstaðin! Hann grefur enn í ákefð — engi kol. Um nón leit hann upp — þriðjungur ánna sást — „þær eru komnar rètt upp hjá tjörnunum“, hugsaði hann og grefur enn — engi kol, en dökkvir steinar og surtarbrandur nógur. Nú leið að kvöldi, sólarlag í dölum, ský og jöklar roðnuðu og ljómuðu eins og gull og lituðu læki og ár bleikgulum bjarma. — Ásbjörn leit upp og varð nú hverft við — engin ær sást — „þær eru lagstar hjá tjörnunum“, hugsaði hann og gekk þangað — en engin ær var þar heldur. Hann varð nú alveg hissa, hjartað sló þungt og seint. „Er mig að dreyma? er mögulegt að ærnar sèu týnd-ar? nei, eg skal herða hugann og leita!“ Hann fer á stað norður eptir — unz hann kemur að Eiríksstaða-gili, þar er Ísleifur að reka 3 ær. Þeir heilsast. „Hefurðu sèð ærnar mínar?“ „Nei, hefurðu týnt?“ „Já“, og hann sagði alla kolasöguna. „Eg held þú sèrt hreint vitlaus — já ef þú hefur týnt öllu vegna þess! — hefði mèr orðið það á, þá held eg að eg yrði hengdur. En hvað er eg að hugsa — eg held eg verði að flýta mèr heim, annars hálfdrepur það mig heima, vertu sæll!“ Skildu þeir þá, en Ásbjörn hèlt áfram.

Nú leið á nótt og bjarminn færðist í norður. Nú varð hann fyrst vakinn af munardraumi sínum. Það var eins og öll hin fagra sumarnæturprýði ámælti honum: „þú hefur týnt og svikist um“. Það var eins og skjöldóttu jöklarnir, marglitu blómin, vötnin og árnar störðu á hann og sögðu: „svik!“ Já, litla lindin með litla 5 þumlunga háa fossinum, hvíslaði: „svik!“ Kuldahrollur læsti sig um hann allan og eina huggun hans var að sjá einhverja kind, sem gaf honum von um að sjá ærnar. Og loksins sá hann stóran fjárhóp, hjartað lifnaði og fór að slá fjörugra — en gleðin varð stutt, hann kom að hópnum og sjá! það voru tómar geldkindur. Hann herðir upp hugann eins og hann gat, og heldur áfram, sér hóp enn, glaðnar nokkuð við, hann nálægist, og kindurnar eru blakkari en hinar. „Ó þetta eru þá ærnar mínar!“ öll sorg hvarf — en að eins fá augnablik — hann kemur nær, ærnar eru heldur spakar — nær enn — og sjá! eintómir steinar! — Nú tók hann að bölfa steinkolunum, en hèlt áfram í ákafa. Og þá heyrir hann hó í norðri, og sèr fjárhóp koma hlaupandi og stúlku á eptir. Hann hleypur á móti unz hann kemur að Djúpagili, sem rann ofan í Nýjadal. Þar voru gljúfur mikil og eitt einstigi yfir sem mannfært var. — Þar var Þórdís með allar ærnar hans, hafði Jón fróði sèð þær koma og sent hana á móti þeim. Hún fór yfrum gilið og heilsuðust þau mjög innilega. En unaðstund sú var stutt, því skyldan bauð Ásbirni að hraða sér, og töluðust þau ekkert við. — Hann hleypur á eptir ánum og rekur hart unz hann kemur að lækjarbotnunum, þá tekur hann skófluna og leggur á herðar og fer

svo eptir ánum unz hann er kominn heim á stöðulinn fyrir ofan Vallnatúnið, þá rann sólin upp. — Hann skildi ærnar og kvíaði þær, hljóp heim að Völlum og vakti stúlkurnar. Þær fóru á fætur og hreyttu að honum ónotum nokkrum, en hann gegndi því engu, fór heim til sín og vakti móður sína og sagði henni frá öllu eins og var, fèll henni það illa, en lét þó ekki á því bera. Faðir hans vaknaði líka og sneypti Ásbjörn nokkuð. En þegar móðir Ásbjarnar var búin að mjólka, fór hún yfrað Völlum til að friðmælast við Guðmund. Hann var nokkuð reiður, en sefaðist fljótt og sagði í því hún fór: Betra þykir mèr samt að heyra, að Ásbjörn týndi vegna þess arna, það sýnir þó að það er dáð og dugur í honum og hann verður mikill maður ef hann gætir sín. En ef hann hefði týnt af leti tómri og sofið, þá hefði eg varla getað setið á mèr að berja hann, en nú skal eg aldrei nefna þetta á nafn framar".

Allt lagaðist, Ásbjörn sat yfir eins eptir sem áður og týndi aldrei. Og hætti hreint að hugsa um kolin, enda rèði Jón fróði honum frá því og sagði: „Leita þú lánsins ofanjarðar, það mun öllum bezt í bráð". „En gagn skal eg þá gjöra með einhverju öðru", hugsaði Ásbjörn og var nú lengi að brjóta heilan um hvað hann ætti að gjöra, unz honum datt í hug að fara til Englands og læra jarðyrkju. Rèði Jón honum til þess og Guðmundur líka. Þó varð það fyrst er hann var 17 ára að hann fór til sèra Jóns á Stað í Langadal sem lá beint í norður frá Krókárdal og var þar um veturinn að læra ensku og reikning.

Hann og Þórdís skrifuðust á og marga fór að gruna að samdráttur væri milli þeirra.

Þóra hét systir Guðmundar, hún varð nú ekkja og fór til hans. Hún var stórauðg, átti son er Eggert hèt, hann var einbirni og vænsti og efnilegasti maður. Þóra var skörungur mikill, gáfuð vel, en skaphörð, góð og göfug vinum, en ill og óholl óvinum, og sparði ekki brögð og ofbeldi ef hún vildi koma sínu fram. Henni lízt vel á Þórdísi og hún veit að Guðmundur á bæði Velli og kotið og 2 jarðir aðrar auk búsins sem var 120 ær, 7 kýr, 120 sauðir og 80 lömb og 10 hestar. Hún veit að Guðmundur ætlar að arfleiða Þórdísi jafnt börnum sínum. Henni er illa við Ketil, því hann var vinnumaður hjá henni fyrrum og þótti nokkuð hortugur og stríðinn. Allt þetta varð til þess að hún fór að tala mjög vinblítt við Þórdísi, níddi Ásbjörn og fólk hans, en hældi Eggert. — Þórdís lèt lítið yfir því að henni þætti vænt um Ásbjörn, en tók þó málstað hans með mestu hægð.

Seint gékk Ásbirni að læra málið, þótt hann væri iðinn og frèttist það fljótt og var meira gjört úr því en þurfti — „Sjáðu nú góða!“ sagði Þóra við Þórdísi, „hvaða vit er að hugsa um hann Ásbjörn! það er ekkert í hann varið. Eg hef haldið hann gáfumann, en nú sèst hvað miklar gáfur hans eru! Guðmundur hèlt hann búmannsefni, en steinkolaleitin sýnir hvaða ráðdeild er í honum! Gáfurnar eru þó alltaf skemmtilegar og ráðdeildin ómissandi — en vanti hvortveggja, þá er fyrir litlu að gangast — og ekki er maðurinn fallegur hvorki í sjón eða á fæti — amma hans var

vitlaus og getum við sèð bóla á arfi þeim hjá stráknum ef hann reiðist nokkuð —“. „Ekki trúi eg þessu vel — annars hugsa eg ekki mikið um hann eða aðra. En ef mèr dytti það í hug, mundi eg engan spyrja um ráð hvorki þig nè aðra“. „Og ekki fóstra þinn!“ sagði Þóra forviða. „Spyrði eg hann ef til vill, en mínum eigin vilja fylgdi eg og vilja þess sem elskaði mig“. „Góða Dísa! það er nú að eins eitt, sem mèr þykir að þèr; þú ert þrá og einþykk, það finnst fleirum og það verður þèr til óláns“. „Óláns! lánið held eg bezt að hafa hreina sál og samvizku hvað sem á gengur og hvað sem heimurinn segir!“ Sá Þóra nú að ekki var greitt aðgöngu og hörfaði hún frá í þetta skipti. En Ásbjörn frétti fljótt að Þóra var honum óholl og hugði því til hefnda.

Ásbirni fór að ganga betur smátt og smátt, einkum var hann orðinn fær í reikningi, en sögulestur hans tafði nokkuð fyrir honum, því prestur átti fjölda sagnabóka, er Ásbjörn aldrei hafði sèð.

Nú leið veturinn fram að jólum og fór nú Ásbjörn að langa heim. Hann starði á fjalltindana milli dalanna og vænst þótti honum um tind þann, er benti að Völlum, því þar var Þórdís. Lagði hann svo á stað 3 dögum fyrir aðfangadaginn. Það var snemma morguns, veður var bjart, alstirndur himinn, blæja logn, en frost nokkuð og lausasnær á jörð, lengst í suðri dimmur skýbakki við sjónhringinn. En þegar hann var kominn suður á Vallnafjall, hvessti á sunnan, lopt þykknaði, snjóinn skóf á hæstu tindum og snjórokurnar sátu á þeim eins og krónur með veifandi og blaktandi fjöðrum og stundum eins og voldugir snjó-

turnar, sem hækkuðu og lækkuðu og loksins huldu fjöllin að mestu ofan í miðjar hlíðar.

Dalurinn var alhvítur og klettabeltin lágu eins og blá bönd, skildir og stjörnur um hann allan. Hèr og hvar voru grænir dílar, sem fjærðin gjörði dökkva, það voru lindir kaldar og laugar á stöku stað, mest þeirra var laugin milli Vallnakots og Eiríkstaða — úr henni rauk. — Nú þutu rokurnar frá tindum þvert yfir dalinn og hvassviðrið óx með ofanfalli miklu, unz kominn var grenjandi sunnanbylur. Ásbjörn sá aðeins fáa faðma frá sèr, en hèlt áfram öruggur ofan hlíðar — löngun bar hann leið hálfa, eins og áður, og jelkornin, er lömdu andlit hans, þóttu honum skárri af því þau bentu á Velli! Og veðrið versnaði enn, og hann villtist nokkuð og var lengi að átta sig. Augun mændu í átt til Vallna, hann gleymdi kotinu, það var eins og hver hóll í hlíðinni segði við hann: „bak við mig er bærinn!“ En er hann gekk upp á hólinn: önnur laut, önnur hæð, en enginn bær. — „Illa sveikstu mig hóll! ekki sé eg heim“, sagði hann og loksins kom hann þó heim að Vallnatúngarði; „eg er þá kominn hingað! jæja gott! betra þó enn að verða úti. En nú nenni eg ekki að fara heim í kotið strax, það er orðið dimmt, en ef til vill styttir upp klukkan 10 og þá er komið tunglsljós og þá get eg gengið heim á einum ¼ tíma og kem rètt áður enn lesið er. — En ætli Þóru gömlu gruni ekkert? jæja, eg kæri mig ekki! fyrr eða síðar fær hún og aðrir að vita að eg elska Þórdísi“. Nú blasti bærinn við og hjartað sló af ljúfri löngun. Hann kemur að bæjardyrum og ber á þær; „ó að hún kæmi nú út!“, hugsaði hann, en eng-

inn kemur. Hann ber aptur og heyrði fótatak, „er það hún?“ Nei, engi kom — allir sátu upp í baðstofu og heyrðu ekkert vegna veðurs — allir sátu við vinnu — konan með prjónana á rúmi sínu og allar stúlkurnar hver með sinn rokk á rúmum sínum, en piltar sátu og voru ýmist að kemba ull eða vinna hrosshár, en Jón fróði situr á stól í miðri baðstofu og er að lesa sögu, en Guðmundur situr gegnt honum með smíðar sínar. Bærinn skelfur og hretið lemur gluggana eins og sandkorn. Á gluggunum ljóma frostrósir alsettar hrímstjörnum. „Bágt eiga þeir sem eru úti núna!“ sögðu stúlkurnar og í því heyrist barið á dyr: „æ, hver getur þetta verið? svona seint og í ofviðri þessu?“ sögðu þær, og Guðmundur sagði vinnumanni að fara til dyra — Þórdís var rètt í því sama send ofan og komu þau bæði fram í dyr. Þau luku upp, þar var Ásbjörn eins og snjókongur og aðeins sá í rauðleita og fannbarða andlitið hans. Hann gekk inn í dyrnar og heilsaði þeim. Þórdísi hnykkti mjög við og Ásbirni ei minna, von og efi barðist í hjarta hans. Hún ljær honum hníf, hann fer úr yfirtreyju sinni og skefur af sér. Gengur vinnumaður þá inn, en hún fer að hjálpa Ásbirni til að skafa af sèr og segir: „æ hvað mèr þótti vænt um að þú komst“. En í því kom Þóra, Ásbjörn heilsaði henni. Hún tók því kaldlega og sagði við Þórdísi: „farðu og gjörðu það sem hún fóstra þín sagði þèr“. Þórdís gegndi ekki, heldur hèlt áfram að skafa af Ásbirni unz hún var búin, og svo fór hún inn í eldhús og í því kom bóndi og bauð Ásbirni upp á baðstofulopt. Gekk hann upp, heilsaði öllum og settist á stól gagnvart

Jóni — fór svo úr votu, fékk þurra sokka og settist aptur á stólinn. Var spurður frètta, og var fljótur að segja frá þeim, því fátt var til tíðinda. Og er búið var að spyrja hann hvernig honum félli á Stað, þá sagði húsmóðirin: „nú vil eg, Ási minn! að þú hvílir hann Jón og segir okkur nokkrar sögur“. „Eg kann nú lítið af þeim“. „Ofurlítið samt“, sagði Þórdís og brosti blítt og þá örfast hinar stúlkurnar og segja: „jú Ásbjörn! kom með eina sögu“. Og er hann sá og heyrði blíðu og sögufýst Þórdísar, hitnaði honum um hjarta, því blíðuhiti af brosi hennar læsti sig eins og rafurmagn gegnum hann allan.

Svo byrjar hann söguna og er nokkuð feiminn í fyrstu, því hann veit að stúlkur eru vanar góðum sögum hjá Jóni. Sagði hann sögu um fræga hetju, en áður en hann gáði að, varð hetjan ástfangin og þótti honum nú vandi að segja frá og tók því það til bragðs að láta hana falla í orrustu við frægan orðstírr. Byrjaði hann enn á sögu og það fór á sömu leið, hetjan varð ástfangin, og hann roðnaði við og hætti og sagði: Eg man ekki meira af söguskömminni. „Þá hefir þú nóg annað“ sagði Þórdís. „Og já, eina sögu á eg eptir“. Fór hann þá að segja frá finninga manni, sem fann upp nýtt og gagnlegt verkfæri. En hann átti konu er fyrst spillti og ónýtti allar atfarir hans. Þó fór svo, að finningamaður sigraði loksins og konan fór að verða betri við hann, er hún sá að götvan hans varð að gagni. „Þetta er góð saga“, mælti Þórdís. „Já, en illt er að eiga þvílíkar konur“, sagði Ásbjörn. „En hvernig átti henni að þykja vænt um það sem engum þótti gagn í?“ „En það sýndi

heimsku hennar og annara að sjá ekki að gagn var í því". „En hvernig átti hún að sjá það?" „Hún átti að vera svo menntuð". „Menntuð! það hefði þá verið eins fallegt fyrir hann að vera búinn að koma henni til mennta áður enn hann átti hana". „Eg held hún gæti menntað sig sjálf". „Nei Ási minn!" greip Jón fram í, „þú mátt ekki vera eins og þeir eru flestir karlmennirnir; þeir heimta allt af stúlkunum, en vilja helzt ekkert leggja á sig fyrir þær". Þóra gamla sat með ólund og gaut endrum og sinnum harla leiðu hornauga til Ásbjarnar og vinnufólksins, en sjálf sat hún hjá mágkonu sinni og var að hvísla ýmsu að henni, en hin göfga kona hristi höfuðið og leit stundum til hennar með reiði svip. Guðmundur sat þar á stól sínum með smíði sitt, en Geirlaug sat á rúmi þeirra Þórdísar, sem var í stafgólfinu næsta framan við stafgólf hjónanna. Hjónin litu einnig fram fyrir og rendu augum yfir hjúahópinn og augu þeirra mættu opt augum yngisfólksins, er ætluðu að mætast. En rétt í því þau mættust, urðu þau að snúa aptur hálfsneypt til ullarvinnunnar, því rödd húsbónda gall: „Haldið áfram!" Þá stóð Ásbjörn upp og sagði: „Nú held eg að eg þurfi að hugsa til heimferðar". „Er nokkuð að batna?" sagði Guðmundur. „Nei hann er alltaf eins", sögðu vinnumenn sem nýlega höfðu gengið út og komið inn aptur. Þá vil eg að þú sért hér í nótt, Ásbjörn minn! foreldrar þínir hafa varla búizt við þér í kvöld hvort eð er. Vil eg nú gjarna að þú lesir kafla úr Njálu, það eru 5 ár síðan hún var lesin hér og að fimm ára fresti ætti hún að vera lesin að minnsta kosti. Það er sú bezta sögu-

bók sem eg á", sagði Guðmundur og tók Njálu og fèkk Ásbirni, og fór svo að smíða.

Las hann nokkuð um Gunnar, og er hann hætti, sagði Guðmundur: „Mikið göfugmenni var hann Gunnar! fallegt væri Ísland ef það ætti marga líka hans". „En hann Njáll þá? spekingurinn sjálfur", sagði Jón. „Hvað elskar sér líkt", sagði Signý, „og við kvennfólkið megum þá muna eptir henni Bergþóru oc læra af henni að vera góðar, skörulegar og tryggar konur". „Já ef við góða menn er að skipta, annars held eg við getum farið að eins og Hallgerður", sagði Þóra. „Svei henni! hún var orsök í dauða Gunnars", sagði Guðmundur. „Getur verið, enda var henni vorkun, hann var síkaldur við hana", sagði Þóra. Signý mælti: „En eg held hún hafi aldrei elskað hann — því eg kalla það enga ást þótt hún elskaði metorðin og frægðina hans, en lèti sér fátt finnast um hjartgæzku og göfuglyndi hans". „Hún hefði þurft að eiga hann Skarphèðinn — það er karl, sem mèr líkar, eg vildi að eg væri eins harður og hraustur — hún hefði þá víst orðið að láta lokkinn sinn", sagði Ásbjörn hátt og djarflega. Þóra sagði þá og leit all dramblega til hans: „Jú, en eg held nú að þú verðir nógu mikið óláns grey, þó þú sèrt ekki að óska eptir meiru. Skarphèðinn var óláns ræfill, það vita allir." „Mikil andstyggð er að kalla aðrar eins hetjur óláns ræfla". „Hvaða gagn er í gjörfugleikanum þegar gæfuna vantar?" „Eg geri nú lítið úr því sem þú kallar gæfu, því það er að lifa í sífelldu næði. En kappar fornir kölluðu það gæfu að njóta gjörfugleikans í fögrum sigri og frægri vörn eða drengilegu falli.

Þetta gjörðu þeir Gunnar og Hèðinn, þeim þótti sú sælan mest að lifa í sífelldum íþróttum og stríði", sagði Jón fróði, horfði svo í kringum sig og kvað hálfbrosandi:

Gjörfugleikinn gæfulaus
góðar sálir menntar;
gæfan gjörfugleikalaus
lyddum einum hentar.

Þóra varð ófögur á svip, er hún heyrði óð þenna, en þorði ekki til við Jón og snèri því reiði sinni til Ásbjarnar og sagði: „Og svei! þú hefir nú hvorki gæfuna nè gjörfugleikann, og ættir að hafa vit að skammast þín fyrir að nefna þig undir eins og Skarphèðinn þó hann væri illur". „Ógæfan skal þá kenna mèr íþrótt og gjörfugleik, eins og neyð kennir naktri konu að spinna. En eg held þú mættir þakka fyrir ef þú hefðir verið dálítið gæfu minni, ógæfan hefði þá kennt þèr að vera sannorðari og betri enn þú ert". „Bezt að þegja drengur minn! vita skaltu, að eg get hefnt mín á öðrum eins og þèr". Þá stóð Ásbjörn upp, stælti hnefa, leit hvössum augum framan í Þóru nokkur augnablik og kvað:

„Eg ei hræðist hótan þín, því hæðstur kraptur
meira má enn kerlingarkjaptur,
komdu ef þú þorir aptur".

Vinnukonur sögðu þá hver við aðra: „þeim gaf sem þurfti! eg vildi að greyið hann Ási færi hingað í vor".

Voru nú bæði orðin reið Þóra og Ásbjörn. Guðmundur stóð þá upp, gekk til þeirra og sagði: „Bezt

að hætta þessu gamni! þið gjörið bæði órètt; þú Ásbjörn! að vera svona hortugur, þar sem þú ert gestur, og eins þú Þóra! að vera að smána drenginn að fyrra bragði". Þögnuðu bæði, því allir virtu Guðmund húsbónda, enda gat hann stjórnað heimili sínu mörgum bændum betur. „Það er nú bezt að fara að lesa!" sagði bóndi, tók bækurnar, bar stól sinn fram í miðja baðstofu og settist á hann. Söngfólkið fylktist í stafgólfið. Bóndi byrjaði, Þórdís og Ásbjörn sungu á sömu bókina, og stal hann augum frá henni og gaf þau hönd Þórdísar sem honum leizt vel á, en vogaði ekki að leyfa þeim að lypta sèr hærra, þótt hann langaði til þess. Að enduðum söng las Guðmundur hátt og skýrt hugvekju og svo bæn með nokkuð lægri rödd, seinast faðir vor og blessunarorðin, byrjaði svo sönginn og að honum enduðum bændu allir sig, þökkuðu svo fyrir lestur; en síðan lýsti bóndi blessun yfir fólkinu, stóð svo upp, lét bækur á hyllu, gekk svo fram fyrir og sagði: „Flýtið ykkur að hátta! og Þórdís! fylg þú gesti til sængur eins og þú ert vön þegar gestir koma". Fór hún þá ofan með Ásbirni. Þá sagði Þóra: „Ásbjörn er þá farinn að yrkja og varð bragþjófur! Eg held eg kunni vísuna gömlu: „Meira má enn kvikindiskjaptur kraptur guðs og samanleikans". Hljóp Jón þá ofan til Ásbjarnar og varð þess vísari, að Ásbjörn hefði aldrei heyrt nè séð vísu þessa, enda hafði hann lítt lesið í ljóðum. Sagði Jón Þóru þetta og kvað engan þjófnað vera, „því opt stendur svo á að tveim dettur sama í hug, þótt hvorigir viti af öðrum. En það er eins fyrir þèr Þóra! eins og þeim, sem bregða okkur skáldum um að við stælum hvor annan".

Þóra þagnaði og allir fóru að hátta. En Þórdís fylgdi Ásbirni til sængur í húsið undir loptinu. Þau töluðu nokkur orð fyrst og sagði hann henni hvernig sèr liði. „Þú ætlar þér að sigla í vor", sagði hún og starði á hann. „Já, eg bæði hlakka til þess og kvíði fyrir því". „Kvíðir? því þá?" „Eg er fátækur eins og þú veizt, eg held mèr gangi seint að læra, líka leiðist mér að fara frá öllum kunnugum til allra ókunnugra". „Það dugar nú ekki að fást um það, maður getur ekki alltaf verið hjá foreldrunum", sagði hún. „En mèr þykir nú sárt að skilja við fleiri en þau," sagði hann lágt og leit niður fyrir sig. „Hverja helzt?" „Satt bezt að segja, það ert þú". „Ekki held eg þú þurfir að sjá eptir mèr", sagði hún og var eins og hún vildi dylja tilfinning sína. — „Jú, sagði hann, og orðið titraði á vör hans, mèr þykir svo vænt um þig, að eg vildi að við þyrftum aldrei að skilja". „Það er nú vel snemmt að hugsa um það fyrir okkur aumingja börnin nýstaðfest" sagði hún. Í því heyrði hún rödd Guðmundar: „Þórdís, upp að hátta!" Bauð hún Ásbirni góða nótt og fór út í skyndi, en Ásbjörn var ekki vel ánægður með þetta. Hann svaf lítt um nóttina, fór snemma á fætur, gekk út og mætti Guðmundi. „Þú ert árrisull núna, Ási minn!" „Eg þarf að flýta mèr heim". „Liggur ekkert á, þú borðar fyrst". „Nei eg verð að fara meðan fært er". „Ekki held eg það verði svo að þú ratir ekki heim einhvern tíma í dag, en þú um það; líklega biður þú eptir kaffinu". Þáði Ásbjörn það. Þórdís færði honum kaffið og spurði glaðlega og þýðlega: „Hvernig svafstu í nótt?" „Líkt og vant er". Svaraði hann þurrlega

og þagði um stund. „Þú kemur hingað einhvern jóladaginn“ sagði hún. „Ekki veit eg það“. Og svo kvaddi hann hana og Guðmund, því fáir aðrir voru komnir á fætur. Fór hann svo heim til sín, og fékk góðar viðtökur. Segir ekki af honum fyr en á annan í jólum. Þá fór hann að finna Ísleif og spiluðu þeir saman fram á rökkur. Allt var heldur þurlegt og kalt í kotinu. Fór Ásbjörn á stað og Ísleifur gekk með honum suður að hesthúsi í túninu. Ísleifur gekk þar inn til að láta moð í stallinn; þegar hann var búinn að því, benti hann Ásbirni á mæniásinn í húsinu. „Þetta er vænn ás og hátt hús, það er hið bezta á Eiríksstöðum“ sagði Ásbjörn. „Já og eg vildi að þær nöfnur Þóra á Völlum og Þóra á Eiríksstöðum væru hengdar í sömu snöru yfir ás þenna“. „Skömm er að heyra til þín! Hvað hefir hún Þóra á Völlum gjört þèr?“ „Hún hefir nú ekki gjört mér neitt enn, en hún er vís til þess ef hún næði til mín. Eg held eg þekki hvernig hún fer með þig, er alltaf að níða þig og lasta. Ekki aðeins hrærir hún alltaf í hjónunum, og segir þeim, að þau skuli aldrei láta þig fá hana Þórdísi, heldur segist hún skuli sjá um að þú getir ekki siglt í vor. Og það gjörir hún með því að telja úr Guðmundi að hjálpa þér nokkuð“. Ásbjörn setti dreyrrauðan, en sagði: „þetta vissi eg nú nokkuð áður, en samt má ekki óska öðrum ills, allra sízt á sjálfri hátíðinni“. „Hátíð? eg sè nú lítt til hátíðabragar á heimili mínu, það er ýmist tóm lága kæla eða háskammir“. Fátt ræddu þeir fleira og Ásbjörn fór af stað. Og er hann kom að lauginni, var komið kvöld. Alstirndur himinn ljómaði, norðljós skreyttu hann marglitum böndum og speigluðu sig í

lauginni, sem var umkringd grænni flöt. Ásbjörn stóð hèr stundarkorn, og þá kom Þórdís framan frá Ytri Nýjadal. Hún heilsar honum og sagði: „við hittumst þá hèrna, um hvað ertu nú að hugsa?“ „Það er nú svo margt“. „Hvað helzt?“ „Satt að segja, um það sem við töluðum seinast“. „Er þèr alvara með það?“ „Já“, sagði hann og settist á stein í grænkunni við laugina. Hún settist hjá honum á steininn, lagði hönd um háls honum og sagði: „Eg verð líka að segja, að mèr þykir vænt um þig og því einu lofa eg þèr að lofast engum öðrum á meðan þú heldur tryggð við mig“. „Hann greip fram í og sagði: „Trúir þú mér ekki“. „Jú, en þú ert ungur og við bæði“. „Eg get ekki trúað þèr til annars enn góðs og eins vildi eg að þú værir“. „Jæja, við skulum nú sjá hvað setur, eg skal reyna að halda þau orð mín“. „Eg líka“. Féllust þau svo í faðma og kysstust. En síðan stóðu þau upp, leiddust á grænu flötinni kringum laugina og sungu Norðurljósabrag Jóns fróða, er hann orti fyrrum hérna við laugina þegar hann var þar á gangi með unnustu sinni:

Lít þú á norðljós, sem líklegast er
ljóskrýndur, rósfættur smáengla her
guðssólar íklæddur geislandi staf,
gullböndum prýðandi loptgeimsins haf.

Leikandi, fljúgandi haldast í hönd
hersveitir ljóssins um gagnsæis lönd
fögrum í skjaldborgum fylkjandi sèr,
faðma þær sjónhring og brosa við þèr.

Mynd þeirra vaggar á vötnunum blám,
vaggar í laugunum heitum og smám,
mynd okkar brosandi þar mætir þeim,
þær faðmast vonblítt í jarðdreyrageim.

Guðlegir englar í gullstafamynd!
Gleymið ei þeim sem þið kystuð í lind,
flyt okkar kveðju með fegurstu skil
frumföður ljóssins og kærleikans til!

Síðan gengu þau heim. Ekki hafði Þóru tekist að snúa hjarta Þórdísar frá Ásbirni; en nærri lá hún gæti stundum komið henni til að efast um hita og festu ástar hans. En Ásbjörn var líka nokkuð fljótfær og ekki allt af þýður og það fann Þórdís bæði á brèfum hans og viðræðum. Frægða og frama hugur hans var ástinni ríkari. En vænt þótti honum samt um Þórdísi, og ekki snerist hugur hans til annara, þótt hann væri víða orðinn kunnugur.

Nú liðu jólin og hann fór heim að Stað. En um veturinn dó faðir hans. Systur hans voru óstaðfestar, og engi fyrirvinna. Hætti hann því við Englandsförina og fór heim til móður sinnar og tók við allri bústjórn. Fór allt vel úr hendi fyrir honum.

Vorið kom — mýrar gráar af sinu, blágrá holt, snjóskjaldaðir tindar og hlíðar, en snæfat þeirra er að smáslitna. Við snjóskaflarönd roðnar rósfagur Steinbrjótur og myndar ótal glóeyjar á grám aurmel. Og sumstaðar lyptir Snjóblóm þetta blómhöfði nýfæddu upp úr snjónum. Það rís upp allra blóma fyrst til að boða vorið — (og þessar rósrauðu

glóeyjar skreyta holt vor rauðum skjöldum í miðjum apríl — 1884 hinn 14. apríl —) á meðan önnur blóm sofa í skauti jarðar eða dreyma hálfvakin í rauðgrænum reifum, því enn þá er hvergi grænt nema undir bæjaveggjum. En dagar verða lengri og hlýrri, fuglar fjölga, fénaður fitnar og fjörgast, ný blóm birtast bæði á túni og engi. — Nú er fjör í lækjum, lindum og ám. Lind heilsar læk með litlum fossi, lækur heilsar á með stærri fossi, áin veltur áfram í öldum dimmrauðum, veltir björgum og fleytir jökum, unz jakar og björg mætast í fossi hennar; þar verður róma: björg sigra jaka, þeir brotna, árbakkinn skelfur af afli hennar. Fossinn syngur siguróð — áin þeytir jökum upp á bakka, vekur og vökvar, en líka meiðir og deyðir freðnu foldina með hinum dreymandi blómabörnum. Já, hún brýtur bakkana sundur, ryður sér nýja braut gegnum graseyrar, ryður grjóti í fornan farveg og býður blómum að taka sér bústað þar. En í fossum öllum er fjörið mest. Þeir standa eins og bláklæddar og ljósglæstar hetjur í röðum í stallskörðum dalsins beggjavegna. Tignir eru þeir, er þeir breiða faðminn mót sól og reykur þeirra sveimar og ljómar yfir þeim og kringum þá eins og stjörnuhvelfing, sem glitrar í ótal regnbogalitum og lítur út í fjærð eins og silfrað hár eða gullin króna á hilmishöfði. Voldugir eru þeir, er þeir taka á móti æðandi jökum og grenjandi grjótbjörgum og kasta þeim ofan með siguróm; eða er ofviðrið blæs og ætlar að stöðva þá og slíta hár þeirra, þá lypta þeir því hátt eins og skærum ljósvendi og dreifa svo vatnseimstjörnunum yfir Snjóblómin til að vökva og prýða þau.

Nú komu svanir, lóur og spóar í dalinn og sungu dátt. Fèð dreifði sèr um haga og át frumgróða vorsins með gleði og lyst. En fossa og fugla ljóð knúðu fram dimmróm klettanna. Þá gekk Jón fróði fram á Merkjaholt að gá að ám sínum — þar hitti hann Ásbjörn, og er þeir höfðu spurt hvor annan um kindur, sagði Jón: „Fallegt er vórið, allt af hlakka eg til þess“.. „Þá yrkir þú víst um það eins og allt annað“ „Já, eg orti í dag 3 vísur“. „Eg vil heyra þær“. Þá leit Jón yfir dalinn og söng:

Þriggja hljóma sumar söng
Saman róma dægur löng
Fuglar, klettar, fossar;
Heimur! vakna, heyr og sjá,
Hvernig vekja blómin smá
Ljóssins ljúfu kossar. —

Ástar faðma opna þèr
Ótal geimar þar og hèr,
Láns á hæðum hampar
Vonin sælum sigurkrans,
Sèrhvert lauf og blómstur hans
Ómar, ilmar, glampar.

Hátt er takmark, hætt er för,
hræðst ei samt, því æskufjör
Flest með vogun vinnur —
Hrakföll kenna heillaráð,
Hverfi lánið eitt í bráð
Annað fljótt þú finnur“.

„Falleg ljóð eru þetta“, segir Ásbjörn. „Sleppum því, eg óska og vona aðeins að þau sannist, rætist og eigi heima þar sem þú ert“. „Eg held nú það sèu fáir „geimar“ sem opni mèr ástarfaðma, og þó svo yrði, munu nógir til að loka þeim“, sagði Ásbjörn dauflega. „Jæja, reyndu til að verða maður, og settu þèr hátt, gott og fallegt takmark, og láttu hrakföllin kenna þér heillaráð, Ási minn! sagði Jón, klappaði á öxl hans og kvaddi hann. Svo fór hvor til kinda sinna.

Ásbjörn var vakinn og sofinn að hirða litla búið. Hann vakti yfir túninu til skipta við systur sínar, lèt kindur aldrei komast í það, en hèlt þeim til grænustu og beztu haga er hann fann. Hann bar heim steina í stètt kringum bæinn og fljótt varð hún fullgjör og falleg. Hann jafnaði alla túnspora, týndi saman alla taðköggla, er urðu eptir við ávinnsluna, alla bandspotta, lagða og járnbrot eins og áður. En „lítt er það sem hundstungan ei finnur“. Þóra sá Ásbjörn taka stóran lagð neðan Vallnatúnið og gjörði hún úlfalda úr flugu og sagði, samt með hægð og í laumi: „Ásbjörn gæti orðið þjófur, ef hann ekki gætir sín; langafa bróðir hans var hýddur ullarþjófur; hver veit nema í kyn kippi“. Færði hún sig upp á skaptið og fèkk suma til að halda að Ásbjörn væri þjófsefni. Tók hann þó aldrei lagða nema í landi sínu, en hann var að elta rollu frá sèr er hann tók „Þórulagðinn“. Guðmundur var hreppstjóri og vildi hafa góða reglu á öllu, Og svo fór að hann sagði við Ásbjörn: „Vara þig á því að taka ull í annara landi! þú mátt gjarna taka í mínu landi samt!“ Ásbirni þótti mjög, og kvaðst seint

verða þjófur, „en eg get, að systir þín hafi skotið þér þessu í brjóst; vara þig á henni! þú ert of gamall, vitur og góður maður til að vera eggjanarfífl kvenna“. „Munn hefir þú nógu djarfan eins og áður, Ási minn, en vara þig!“ Skildu þeir þá nokkuð fálega. Var það þó meir vegna reglu þeirrar, er Guðmundur hafði sett, er hann bannaði lagðatök í annara landi, heldur en vegna rógs Þóru, að hann sagði þetta við Ásbjörn.

Nú líður að slætti, öll jörð skín í æðstum blóma. Dalur allur iðgrænn. — Ásbjörn lauk vorverkum snemma og fór að slá með þeim fyrstu — og hann var bezti sláttumaður og iðinn mjög — Móðir hans var í skuld við Guðmund og fór Ásbjörn eina viku til hans að vinna af sèr skuldina. Nú fèkk hann gott færi á að tala við Þórdísi; notuðu þau hverja frístund til þess og kærðu sig hvergi þótt Þóra gamla og aðrir tækju til þess. Og sunnudagur rann. Vikuverkið var endað — þá sagði Ásbjörn við Þórdísi: „Nú skulum við ganga til berja upp í hlíð að gamni okkar“ „Eg get ekki komið strax, eg þarf að mjólka kýrnar, en þú getur farið upp á græna stall (beint uppundan Merkjaholti), eg kem á eptir„ — Fór hann þá þangað og setti sig á gljúfurbarminn; þar var falleg reynihrísla. Horfði hann nú út yfir dalinn. Hálfslegin tún, árbakkar og grundir glóðu af gulsóley, brekkur af blásóley, björg af burnirót. — Allir melar ljómuðu alskreyttir lambagrasi, holtasóley, ljósberum og steinbrjótum, er mynduðu hvítar og rósrauðar glóeyjar á gráu steinhafi. Blíður blær blès um dalinn svo blóm og jurtir vögguðu eins og fjöllitar og iðgrænar öldur. Birki og viðarrunnar breiddu sig í dökkgrænum stórskjöldum, þeir

voru eins og voldug stórveldi og í skjóli þeirra grèru opt nefnd melablóm eins og snotur smáríki. Yfir þeim sveimuðu suðandi flugur og fiðrildi. Í skógi sungu fuglar, helzt spörfuglar. Í móum sungu lóur við hreiður sín. Á árbökkum voru kýr og hestar eins og flekkóttir dílar, og ærnar sem um sunnudaga voru heima við, mynduðu hvítbleika skjöldu ofan túnið. Sól skein í heiði, lopt ljómaði blátt og bjart, ljósgeislar titruðu á fjarrum tindum og hæðum svo þær eins og hrærðust. — Ásbjörn leit á allt með gleði. En mest gladdist hann við að bera saman Vallna- og Vallnakotstúnið. Hið fyrra var hálfslegið, en af hinu var að eins fjórði partur eptir. Gat hann sèð að hann sló meira enn vinnumenn Guðmundar. Í því sá hann Þórdísi koma og gekk hún hægt og var ýmist að skoða blómin eða lömbin, sem voru á beit utan í Grænastalli. — Þá var Ásbjörn að kveða kvæði, er Jón fróði orti fyrrum:

Eg er glaður, góða fagra meyja!
gjörvöll jörðin endurskín af þèr —
hæð og dal eg heyri þögult segja:
„Hennar vegna blítt eg fagna þér“.
Lömbin segja: „Ó hvað gott við eigum!
okkur klappar meyjarhöndin þýð“.
Fjólur segja: „Fögnum, því við megum
faðma hennar ástartárin blíð“.

„Eg er sælust — segir brekkulindin —
svala má eg hennar rósavör;
í mér vaggar yngistúlkumyndin

yndæl, fögur, líðug, blíð og snör".
Reynir ansar upp í bjargi háu:
„Allra bezt er þó að vera hèr!
á mig ljóma augun hennar bláu
allra blíðast, því hún nær ei mèr".

Og Þórdís kom og settist hjá honum; töluðust þau nokkuð við unz hann spurði: „Veit Guðmundur fyllilega af því sem er á milli okkar?" „Já!" „Hvernig líkar honum?" „Hann segir nú sitt af hverju; eg hygg honum þyki við fljótráð". „Það er nú leiðinlegt fyrir þig ef hann verður reiður við þig fyrir allt saman, og verst þykir mèr ef allir vinir þínir áfella þig mín vegna — mèr heyrðist heimilisfólkið geta hent gaman að okkur; það nefndi nokkrum sinnum hvað við værum opt saman". "Ó, mèr er þá sama. — Hvað varðar okkur um last og óvild heimsins þegar við elskum hvort annað", sagði hún og faðmaði hann að sèr. En síðan stóðu þau upp og leiddust ofan hlíðarnar og heim að bæ og lètu sèr vera sama hvort nokkur tók eptir því ellegar ekki.

Sumarið leið. Ásbjörn heyjaði bænda bezt eptir tiltölu í dalnum. Tún og engjar voru eins og bleikir skildir laufgræna dalsins. Hlöður fylltust, heytóptir hækkuðu, mýrar gulnuðu, lyngið roðnaði eins og rós í broddi lífsins; það myndaði rauða skjöldu um allan dalinn; lauf þess fèllu og í laufstað spratt ungur vorknappur skjaldaður brúnni skel til varnar í vetrarstríði. Hátindar skrýddust fannafeldi eins og frelsiskappar búnir út í stríð. En á meðan blómin dóu á köldum kvöldum, reis upp ljósklæddur himinher um

kringdur norðurljósaböndum. Hreppstjóri sendir út leitaseðil. Ungir menn ríða á stað í fjárleitir og reka fèð saman til rèttanna. Krókárdælingar reka fè sitt í Eyrarrètt, er liggur í dalnum sunnan Krókárdal. Og rèttadagur byrjaði. Flestir réttamenn eru að ríða á stað; og hart ríða þeir, steinar hrjóta undan hófum, skeifur slá eld, gneistar og ryk þýtur upp, björg gjalla, bakkar skjálfa. Dagur rennur og roðar skýin, bjarminn ljómar á låtúnsbryddum beizlum, svipum og söðlum, svo að þeir eru eins og þjótanda ljósgeislar í hálfbirtunni. Allir koma að rèttunum. Þær standa á eyri við á undir hám björgum. Safnið blasti eins og hvít ullarbreiða bæði á eyrunum og í skriðunum; stundum spann það sig í bugðótt bönd upp og niður með kvíslum og klettum, þegar safnverðir gleymdu skyldu sinni. En fljótt urðu þeir þess varir og fóru fyrir það og var eins og böndin prjónuðu sig saman í breiðuna, sem gekk í öldum af fjöræði fjárins.

Mannþyrping mikil er komin. Farið er að rètta. Karlar æða gegnum almenninginn og draga í åkafa inn í dilkana. Konur og börn standa undir veggjum og eru að tala saman og horfa á fèð og mennina. Sumir eru orðnir ölvaðir og farnir að syngja og slá slöku við dráttinn. Guðmundur stendur á almenningsvegg þar sem hann er hæstur, og er vel búinn, með svipu silfurbúna í hendi. Hann kallar: „Áfram, áfram!“ þegar honum þykir þurfa. Ásbjörn og Ísleifur hittust og taka hvor öðrum vel. Ísleifur býður honum flöskuna, Ásbjörn er æði tregur, en lætur þó tilleiðast, drekkur duglegan sopa aldrei þessu vanur. — Varð hann nú fjörugri en áður. Hann kom þar að er Árni

bóndasonur frá Hóli var. Þá var Jón fróði þar og dró hann sauð er Árni átti inn í dilk Guðmundar, því að hann hélt að hann ætti sauðinn, en mark Jóns fróða og Hólsbóndans var svo líkt, að einni fjöður munaði. Var Jón þó ekki óglöggur á fè, en honum varð stundum á að sökkva sèr í hugsanir þungar, og svo var nú. En Árna var illa við Jón, hann hafði beðið dóttur hans og fengið nei, og hèlt því að Jón væri orsök þess. Notar hann nú tækifærið til að hefna á Jóni, rífur í öxl hans og segir: „Bölvaður bjáninn! að vera á fimmtugs aldri og þekkja ekki markið sitt — þú skalt fá fyrir ferðina ef þú dregur vitlaust aptur.“ Ásbjörn rýkur í Árna og hrindir honum svo hart, að hann hraut á rèttarvegginn. Og þá sagði Ásbjörn: „Það skal enginn hafa gott af að glettast við Jón fróða þegar eg er nærri.“ En Árni hreifðist ekki, hann lá í óviti, og var allur blár og blóðugur. Margir þustu nú til, sumir að skamma Ásbjörn, sumir að hjálpa Árna, var hann nær dauða en lífi. Hann var fluttur til næsta bæjar og lá þar lengi og varð ekki jafngóður fyrr en vorið eptir.

Ásbjörn rauk út úr rèttinni, tók hest sinn, fór á bak og sló upp á og reið ofan að ánni, þá kom Ísleifur og sagði: „Hreðusamt og sögulegt í dag, Ási!“ „Já mèr er nú ekki til setu boðið, eg hefi kannske rotað hann Árna og eg veit ekki hvað eg á að gera af mèr“. „Gera af þèr! eg held höggið væri mátulegt fyrir hann, slóðann og lygarann, sem fyllir sveitina með lygi og kjaptæði eins og hún stjúpa mín“. „Hvað sem því líður, þá vildi eg heldur drepast í ánni hérna, en verða mannsbani“. „Vertu ekki að því arna! hérna

er flaskan! bezt að hressa sig". Ásbjörn tók við henni og drakk vænan teig. Ísleifur drakk svo annan. En þá kemur Þórdís og Geirlaug og eru hryggvar á svip: „Ásbjörn", sagði Þórdís með veikri rödd. Hann heyrir það, slær uppá, ríður út í ána og á sund og hestur berst með straumnum, en kemst þó uppúr með illan leik, því hèr var ekkert vað, heldur langur stríður strengur og þröngur og djúpur hylur fyrir neðan og klettar beggja vegna. Þórdís hljóðaði upp yfir sig og gekk ofan með ánni á eptir hestinum. En er Ásbjörn var kominn yfrum, sló hann uppá og sagði: „Hún skal þó sjá, að eg er hvergi smeikur. Reið hann svo í loptinu yfir skurði, mýrar og urðir unz hann kom á götuna, þá fór hann af baki og hvíldi sig og hestinn, fór svo aptur á bak og reið eins og hestur komst, unz hann kom heim að Vallnakoti og sagði móður sinni frá öllu. Henni brá mjög við, hún hafði aldrei séð hann drukkinn fyrri, grèt hún því mjög og kvað vera úti um gæfu hans. Honum varð illt og hann lagðist fyrir, en batnaði þó fljótt aptur. Mjög var rætt um þetta í rèttunum og mæltist illa fyrir. „Sjáðu nú!" sagði Þóra við Guðmund, „Ásbjörn verður illmenni". „Ekki von að dúfa komi úr hrafnseggi", sagði Egill á Brekku. „Eg þarf ekki að láta fræða mig um ætt hans, langafabróðir hans var ullarþjófur!" sagði Þóra. Egill mælti: „Meira veit eg: sonur langafabróðursins flæmdist á fiskiskipi til Englands, drap mann í reiði og varð hengdur". „Hvað hét hann?" „Styrbjörn!" „Nú, nú, hvernig læt eg! hann Styrbjörn svarti, afi hans Ísleifs — eg gleymdi að þeir Ásbjörn eru skyldir — þeir saman!" sagði Þóra og glotti kalt. „Já

það er nokkuð Ísleifi að kenna, hann hefir opt reynt að spilla Ásbirni og núna helti hann hann fullan, svo greyinu er vorkun". „Og það var líka drengilegt að hjálpa Jóni fróða!" sögðu margir er stóðu hjá. „Já, en það þurfti ekki að hálfdrepa mann til þess" sögðu hinir. Var þá lokið rèttaverkinu og allir riðu heim og ráku fèð heim til sín, og rekstrarnir mynduðu hvíta skjöldu, hvít bönd og bugðóttar rákir um dali og fjöll.

Nú var Ásbirni stefnt fyrir dóm um haustið. En vegna góðrar milligöngu Guðmundar urðu þau úrslit, að Ásbjörn skildi aðeins borga 15 dali til fátækra og allt vinnutjón og lækniskostnað fyrir Árna, en það varð harla mikið, hèr um 70 dali. En er Jón fróði frétti það, bauðst hann til að borga allt saman fyrir Ásbjörn. En hann vildi ekki þyggja það, og loksins eptir langa nauðung, þáði hann að Jón borgaði helminginn. Liðu nú nokkrir dagar, Ásbjörn var mjög fár og kom ekki að Völlum.

Glappaskot hans rýrði mjög álit hans, og Egill og Þóra og vandamenn og vinir Árna lögðu allt á versta veg, og svo fór, að Guðmundi snerist alveg hugur. Áður hafði honum raunar ekki verið um samdrátt Þórdísar og Ásbjarnar af því honum þótti hann óreyndur og ofungur og hún svo efnileg, að líkur væri til að hún gæti valið um menn. En nú sagði hann Þórdísi, að hún yrði að hætta við Ásbjörn. Hún lagði fátt til, en sat við sinn keip, varð fóstri hennar því mjög fár við hana.

Fám dögum seinna kom Eggert bróðurson hans. Hann var fríður, lipur, karlmannlegur, og hvers manns hugljúfi, og sagt var að hann hefði allt hið bezta af

foreldrum sínum. Hann barði á dyr, Guðmundur kom út og bauð honum inn í fallegu stofuna. Og er hann hafði borðað og drukkið kaffið, spurði hann Guðmund hvort Þórdís væri trúlofuð „Ekki veit eg til þess“. „Hvernig lízt þèr á að gefa mèr hana ef hún vill? „Vel! og mér þykir líklegt hún neyti ekki sóma sínum“. „Eg þarf þá að tala við hana um það“. „Eg ætla að gjöra það fyrst sjálfur, þú býður hèr á meðan“. Fór Guðmundur inn í baðstofu og kallaði á Þórdísi og fór með hana útí skemmu og læsti dyrum. Sá Þórdís þá hvað bjó undir. Nú klappaði hann á öxl Þórdísi og sagði: „Góða mín! marga gleðistundina hef eg haft af þèr, þú hefir alltaf verið svo þæg og þýð við mig“. „Og ekki held eg það“, svaraði hún fálega og varð undirleit. „Jú, þú hefir verið það — og nú ætla eg að biðja þig stórrar bónar — eg veit þú gerir hana“. „Eg vona þú biðjir mig ekki þess sem mér er ómögulegt“. „Nei, náttúrlega ekki — þèr er svo hægt að gjöra bón mína og það verður upphaf gæfu þinnar“. „Hvað þá?“ „Eggert bað mig um þig, hvernig lízt þèr á það?“ „Mèr lízt svo á það, að eg get ekki lofast honum“. „Því ekki? finnst þèr hann ekki fríður og mannlegur maður?“ „Jú“. „Hann er líka vænn og dyggðugur“. „Það er hann víst“, segir hún. „Hann er ríkur og af beztu ættum, vona eg“. „Það er sjálfsagt“. „Heldur þú að hann verði ekki góður við þig? honum þykir svo vænt um þig“. „Getur verið“. „Hugsar þú um nokkurn annan?“ „Já —“ „Hvern?“ „Ásbjörn“, sagði hún hægt. „Heldurðu þá barn! að hann sè annar eins maður og Eggert?“ „Eg vil nú ekki fást um það“. „Eg segi þèr satt;

Ásbjörn er af illum ættum, er ofstopi og verður lánleysingur". „Bezt að trúa ekki öllu sem talað er". „Sjaldan lýgur almannarómur, og ef maður á ekki að trúa honum, þá verður maður að sèrgæðingi — En tala þú nú sjálf við Eggert, þá vona eg að þetta lagist". „Gjarnan get eg gert það", sagði hún einbeitt. Guðmundur hafði talað með hægð og sorgblandaðri blíðu við hana. En ekkert ávann það. Fóru þau út og svo fór hún inní stofu til Eggerts. Töluðu þau fá orð áður hann hóf bónorðið. Hún neitaði, og er hann spurði um orsök, sagði hún hið sanna. „Þá lái eg þér ekki; ætíð er tryggðin falleg", sagði hann. Hún fór út og mætti Guðmundi. Hann spyr hana, hún segir satt frá öllu. Hann sagði: „Bíddu við á meðan eg geng inn til hans". Svo fór hann inní stofu og sagði eptir nokkra þögn: „öðruvísi fór enn við vildum Eggert minn!" „Við erum öll eins góðir vinir fyrir því, og held eg Þórdísi betri stúlku enn áður". „Fallega sagt, eins og vænta má af þèr, en mér gjörir hún hjartasorg með þrái þessu". „Ræð eg þèr að vera henni eins og áður og neyða hana aldrei út í hjónaband, hún er ofgóð til þess", sagði Eggert og klökknaði. „Eg ræð því sjálfur". „Jæja, en ekki vil eg biðja hennar optar, það var aldrei ætlan mín að þiggja stolna ást". „Heldur þú eg eigi ekki með að gefa hana hverjum sem eg vil?" "Nei, og þú ert of vitur maður að tala þannig, enda er auðsèð þú ert ekki einn í ráðum". „Nei móðir þín vill þetta eins og eg, eða hefur hún aldrei neint það við þig síðan þú fórst frá henni?" „Sjaldan, enda hef eg verið suður við sjó og vissi ekki fyrr en nú að Þórdís var lofuð öðrum —

vona eg þið hættið að hugsa um þetta“. Fór Guðmundur út og sagði við Þórdísi: „Illa gjörðir þú, enda verður þetta ólán þitt —“. „Guð ræður“, sagði hún og fór grátandi burt.

Eggert ætlaði að vera þar um nóttina, og að kvöldi er allir voru komnir inn, sagði Guðmundur Þórdísi að fylgja honum til rúms. Geirlaug heyrði það og sagði við hana: „Góða! eg skal fara fyrir þig með honum.“ „Þarf ekki, eg þarf ekki að hræðast hann.“ Fór hún svo fram og þjónaði honum til sængur, þá sagði Jón fróði með hægð: „Hún Dísa er þó ekki eins og sumar að hlaupa í felur fyrir biðlum sem þær hafa neitað. Nei kjarkur hennar er meiri en svo.“

Þóra fèkk allt að vita og varð afarreið, tók Guðmund á eintal, og komu þau ekki inn fyrr enn kl. 2 um nóttina. Að morgni reis hún á fætur og fór fram til sonar síns og brá honum um gunguskap. Hann gengdi því lítt og flýtti sèr á stað. En er hann var farinn, tók Guðmundur Þórdísi með sér út í skemmu, læsti dyrum, tók skjal mikið úr treyjuvasanum, sýndi henni og sagði: „Þetta er arfleiðsluskrá; í henni hef eg arfleitt þig jafnt börnum mínum, en fyrir óhlýðni þína færðu þetta,“ og í því reif hann skjalið í sundur í smáhluti svo hún sá. Hún hallaði sèr upp að veggnum með þungum ekka og sagði er hún gat orði upp komið:

„„Þá einka reynast vinir verst,
veita óvinir hatur mest,
Guð mig ei yfirgefur.““

Tók hann þá upp minna skjal og las það hátt og í

því stóð, að hún ætti að hafa hálfan erfðahluta móti börnum hans. „Eg á bágt með að slá hendinni af þér, Dísa mín!“ sagði hann og viknaði nokkuð. En það var eins og henni stæði á sama með þessa litlu náð hans. Skildu þau svo þegjandi og fóru út. Þóra ætlaði nú að taka henni tak, en Signý og Jón fróði stilltu til friðar svo kyrrð komst á. Annars hafði Signý látið mál þetta hlutlaust, en þó heldur lagt Ásbirni liðsyrði, þótt henni litist litlu betur á ráðahaginn en Guðmundi. Jón lagði gott til, en fór hægt í allt.

Litlu seinna gekk Þórdís fram fyrir Merkjaholt, þá var kvöld og þar sat Ásbjörn hjá bæjarrústum sínum og studdi höndunum undir kinn. „Hvernig líður þér núna?“ sagði hún blítt. „Mér líður svo, að eg vildi eg væri dauður — lífið er ekki svo skemmtilegt.“ „Það lagast.“ „Ekki held eg það, alllir hafa andstyggð á mér og ef hann Arni deyr nú, þá er auðséð hvernig fer.“ „Eg held það verði ekki — en það er gjört sem gjört er, þú bætir honum skaðann eins og þú getur og gáir svo betur að þér seinna.“ „Eg held það verði seint sem eg get bætt honum það. — Eg hef nú líka heyrt að þér bjóðist betri maður og að fóstri þinn vilji að þú eigir hann. — Og ef þú vilt svo, þá er bezt að þú hættir við mig.“ „Og þá áttu engan vin,“ sagði hún með svo blíðu tilliti og settist hjá honum og lagði hönd um háls hans. „Engan, nema Guð,“ sagði hann og tár hrundu af augum hans. „Ójú, mig skaltu allt af eiga fyrir vin og konu hvað sem hver segir,“ sagði hún og þrýsti honum að hjarta sèr. — „En eg er ekki verðugur fyrir þig, eg get seint endurgoldið ást þína.“ „Eg get þá gefið þèr hana

endurgjaldslaust, svo ætti öll ást að vera.“ „Guð gefi að eg geti orðið þér til gæfu og gleði“, sagði hann. Og bundu þau nú ást sína dýrum og helgum eiðum. Síðan sagði hún fóstra sínum frá þessu og varð hann að láta sèr það lynda, þótt honum þætti miður.

Nú var eins og ný sól rynni yfir Ásbirni. Og næsta dag frétti hann að Árni væri á batavegi, hætti hann alveg að drekka og dreif búið áfram, leið svo tími unz hann varð 22 ára. Voru þá systur hans uppkomnar og allt var í góðu lagi á heimili hans. Ráðsnilld, dugur og ráðvendni hans breiddu gleymsku yfir glappaskot hans um haustið. Margir, og Guðmundur ekki sízt, fengu aptur gott álit á honum og jafnvel Þóra hætti að tala mikið illt um hann.

Vér sögðum að Nýidalur efri hefði verið í eyði. — En fyrir 30 árum hèr frá tók bóndi, er Eiríkur hèt jörð þá úr 300 ára eyði og byggði hana upp. Túnstæði var stórt, en þýft mjög og móar miklir kringum túnið. Engjar allmiklar en votlendar, samt hallaði þeim ofan að ánni. Fyrir ofan engjar og móa voru brekkugeirar og skriður á milli og efst klettastallabelti með djúpum skörðum. Landeignin náði upp á heiði og út á dalamót og að Nýjadalsá og var allstór, og víðigróið sauðland efst í dalsbotni er til heiðar dróg. Eiríkur var stórhuga og dreif mikið grjót heim að túnstæði og byrjaði að brúa mýrarnar sunnan og norðan bæinn, og eins sundið á milli túnsins og móanna er að fjalli sneri. Hann hafði líka safnað miklu grjóti á hól nokkurn syðst í túninu og ætlaði að byggja barnaskólahús fyrir sveitina. En flestir kváðu þetta sèrvizku eina, og gjörðu honum lífið leitt og örðugt á

ýmsan hátt, varð hann leiður á öllu, fór að drekka og drukknaði, en börn hans fóru á sveit.

Ásbjörn var 10 ára er Eiríkur dó, og dæmi hans stóð honum æ fyrir hugskotssjónum og hann hugsaði því opt: „honum skal eg líkjast í dáð og dug og hans skal eg hefna með því að gugna ekki, hvað sem ágengur — og það sem hann byrjaði, því skal eg framhalda“. Aldrei varð hugsun þessi ríkari hjá honum en einmitt nú.

Skepnur höfðu fjölgað hjá honum þessi árin, og þótti honum Vallnakot landlítið. Rèðist hann því í að fala Nýjadal, sem var eign Jóns fróða og eina jörðin hans. Jóni þótti vænt um, því hann hafði fengið lítið gjald af henni þótt Gils- og Ytri-Nýjadalsbændur nýttu beit og slægjur hennar.

Fór Ásbjörn þangað með móður sína og aðra systurina — hin fór í vist — og smala 16 ára gamlan er Gísli hèt og var sonur Eiríks. Þau höfðu 1 kú og 30 ær og 4 hesta og 20 veturgamlar kindur. Fór hann nú og byggði upp bæinn. Byggði 3 aðalhús: baðstofu 9 álna langa, 6 álna háa og 6 álna breiða, með einum 6 rúðu og tveim 4 rúðu gluggum. Gólfið var af möl og leir og piljað yfir. Undir þaki súð og reisifjöl, borð stóll og bókhylla fyrir þverum gafli; innar af bæjardyrum var búr og eldhús; en þriðja húsið var skemma með smiðju og eldiviðarkrók. 1½ al. breið steinstètt var ætluð kringum bæinn. Fjós og hesthús voru að sunnan, en fjárhús norðan bæinn. Lækur rann milli fjóss og bæjar 12 álnir frá baðstofuvegg. Allar dyr sneru í vestur ofan að ánni og engjunum. Þegar þetta var algjört, var Ásbjörn aðeins skuldugur um fáa dali

og hafði þó borgað systrum sínum meiri hluta arfsins. Þetta var hann búinn að græða með iðni, nýtni, sparnaði, dug og ráðdeild!

Um haustið dó systir hans, og bauðst Þórdís að fara í stað hennar. Og eptir nokkra eptirgangsmuni leyfði Guðmundur það, þau kváðust nú vilja giftast, en hann sagði þau gætu gjarnan beðið eitt árið enn, og lètu þau að orðum hans í því. Hann vildi nefnilega fá vissa reynslu um búnað og ráðdeild Ásbjarnar, því hann grunaði, að hann mundi ætla að feta í fótspor Eiríks, enda gaf kolaleitin gamla ástæðu til að halda að Ásbjörn færi í stórræði fyrr eða síðar. Væri því bezt að sjá hvernig honum reiddi af. Þó Guðmundur væri mennta- og framfaramaður, þá var hann eins og flestir hræddur við stórræðin, og máekki lá honum það meir enn öðrum góðum bændum.

Nú fór Þórdís með Ásbirni til Nýjadals; og veturinn kom. Altaf var Ásbjörn að velta steinum úr skriðunum ofan fyrir og svo dróg hann þá á sleða heim að túni. Hann var að þessu í tunglsljósi á kvöldin og var smalinn þá stundum með honum. Ásbjörn skemmti þeim með skrýtlum og sögum, er Jón fróði hafði kennt honum. Og er inn kom, sagði Þórdís sögur, og svo kvað Ásbjörn rímur Jóns fróða. Vetur var góður svo sjaldan þurfti hann að hætta grjótverki.

Og er leið á vetur dróg hann grjót að Eiríkshóli og sagði: Nú skal eg slètta allt túnið, þurka upp mýrarnar, leggja brú yfir þær, girða túnið, fjölga fé, stækka bæ og hús, reisa skóla á þessum hól, eða liggja dauður". Varð nú þetta að föstu áformi hans.

Því þótt kolaleitin og Englandsförin misheppnað-

ist, þá hafði hann sama framhug og áður og hugsaði: „Eg skal þá reyna að verða fyrirmynd bænda á einhvern hátt“.

Um vorið fór hann að slétta í ákafa. Hann lèt daglaunamenn draga grjót að túninu og leggja undirstöður túngarðs. Einnig lèt hann byrja á brú í mýrinni. Hann var kominn að verki kl. 6 á morgna og hætti ekki fyrr enn kl. 10. á kvöldin. Þegar Þórdís hafði tómstund, gekk hún til hans og skemmti honum. Fannst honum þrautin lètt og sæt, bæði vegna hennar og eins vonarinnar um frægan og góðan árangur verksins. Rètt stöku sinnum setti hann sig á þúfu hjá henni og hvíldi sig; sungu þau opt ljóð Jóns fróða, þar á meðal þetta kvæði um Ísland, sem Jón orkti erlendis:

Eg ann þèr fagri Íslandsdalur:
eg ann þèr tignar jökul mynd!
eg ann þèr straumur, eldur svalur;
eg ann þér heita Geysislind!
eg ann þèr víðir, björk og blómi!
þú boðar okkar sumartíð —
eg ann þèr fugl! með unaðsrómi
þú allan fyllir dal og hlíð.

Eg ann þèr hraunið skógi skrýdda!
þú sköpun elds í lífið klædd —
Eg ann þèr jörðin niðurnídda!
sem nú skalt verða endurfædd!
Hjá þèr að vinna, það er sæla,
að þurfa svefn er mæða leið,

en ytra fyrir auðmenn þræla
með illum skríl er versta neyð!

Eg ann þèr mey! sem okkur gefur
vort unaðsljós og kærleiksmál —
Eg ann þèr sveinn, er bátt þig hefur
með hjarta trútt og stælta sál. —
Hve fagurt opt þið saman syngið
um sigurkappa fornan her!
og daufan þjóðar anda yngið
og eilíft vorið sýnið mèr.

En er sumarið leið og haustið kom, þá komu skuldheimtumenn! og svo varð hann að láta skurðarfé í þær að mestu. Og er leið á vetur, var lítið annað að lifa á en kýrmjólkin og hið litla sumarsafn. Urðu þau svo svöng, að á þeim sá, en þó allra mest á Þórdísi, því eins og mörg góðkvendi lagði hún ærið hart á sig til þess að reyna að láta aðra hafa nóg. Og er þetta frèttist, ámæltu flestir Ásbirni, og Þóra sagði, að hverri stúlku væri betra að hengjast enn eiga hann. En Guðmundur sendi Þórdísi orð og bað hana að koma sem fyrst að Völlum.

Vorið kom, þá var ekkert annað til viðurlífis en dropinn úr kúnni, ásamt rótum og fjallagrösum. Móðir hans rèði honum að leita hjálpar, en hann var tregur til þess. — Eittsinn var hann að velta steini hjá Eiríkshóli. Þórdís gekk þangað og sagði: „Ásbjörn! Eg hef nú ekkert til að skamta lengur“. Hann leit við, en þá lá hún á púfunni fallin í óvit. Hann sótti vatn og dreypti á hana og hallaði sèr að hjarta hennar til

að heyra hvrt það slæi — en honum heyrðist það ekki slá, og hræðsla og angist hans varð ósegjanleg — loks heyrði hann það bærast og hugsaði: „Enn þá slær blessað ástarhjartað — Guði sè lof“ — Í því lauk hún upp augunum og leit blítt til hans og strauk hinni hvítu og afivana hönd um kinn hans — þá gat hann ekki tára bundizt og fèllust þau í faðma — svo leiddi hann hana heim. „Nú vil eg alveg hætta grjótverkinu og þú verður að fara heim að Völlum — eg veit honum Guðmundi líkar ekki, að þú eigir bágt og ekki vil eg að þú kveljist mín vegna“. „Nei eg fer ekki heim — eg held þú hafir nóga þraut og leiðindi, þó þú missir ekki mig sem er sú eina sál er þú hefir unun af, eða er ekki svo?“ „Jú, þú ert! og um þig má segja: góð kona er eins og kærleikurinn, hún leitar ekki þess, sem hennar er“. „Og ekki held eg að kærleikurinn minn sè mikill, annars bæri eg mig betur“. „Jú, þeir elska opt mest sem minnst gjöra úr ást sinni“. „Og þú þá!“ sagði hún, brosti blítt og hrestist nokkuð. Og er þau komu heim — kom Gísli með Grasapoka fullan og lax er hann tók af Veiðibjöllu og sagði: „Jón í Nýjadal hefir fengið netstúf og biður þig að draga á með sér — hann sá marga laxa í ánni —“ „Guði sè lof!“ sagði Ásbjörn, hljóp á stað, dróg á með Jóni, og fengu þeir 20 laxa í hlut. Næsta dag drógu þeir á og fengu 15 í hlut, drógu þeir á enn í 5 daga, en þá fór að smá minnka, því áin var lítil og hylsmá. En þá frèttist fiskiafli á firðinum sunnan Krókárdal. Rauk Ásbjörn þangað og rèri í hálfan mánuð, og fèkk 400 í hlut af vænum fiski — gat hann sent fisk heim með ferðamönnum. — En er tími þessi

leið, minnkaði fiskiaflinn, og þá fór Ásbjörn heim og tók til túnbóta og garðhleðslu. Þá sagði Þórdís: „Já, bezt er að hugsa mest um túnið og láta skólann bíða, en þó er rètt að þú takir til þess stund stöku sinnum svo ekki verði sagt að þú hörfir frá hálfu verki". Fèllst hann á þetta og tók að eins 1 klukkutíma á dag til að bera grjót að skólanum, en vinnutímar hans voru eins og áður 12 og vann hann hart og hvíldarlaust á þeim.

Datt honum nú í hug að fá menn í sveitinni til að hjálpa sèr með skólann. En þó beið hann nokkra stund og lauk vorvinnu og túnslætti og byrjaði engjaslátt, er aðrir vor hálfnaðir með tún þeirra og þó var tún hans þýft og illt að vinna.

Og er hann var búinn að heyja nóg fyrir skepnum sínum, voru dalbúar nýkomnir á engjar. Varð hann því svo eptir sig, að hann lá verklaus 2 daga. En er þriðji dagur rann — fagur og bjartur sunnu dagur, reis hann á fætur og reið á stað til kyrkju og Þórdís með.

Nú riðu þau á stað — slegnar engar mynda bleika skjöldu um dalina, sem voru alsettir heysæti og hin deyjandi grös og blóm þess heilsuðu kirkjufólki með sætum ilmkossi, á meðan áin söng gleði ljóð — Reykur í flókum myndaði bleikt þokuband við reiðgötu dalsins, grjót braut, fold dundi, sól skein á söðla. Og allir mættust á Kirkjubæ. Kirkjan stóð á fögrum velli og var breitt hlað milli hennar og bæjardyra: þar söfnuðust gestirnir. Og þeir höfðu bundið hestana utantúns. Voru þeir að tala um ýmislegt: veðrið, heyskapinn verzlunina og margt fl. Ásbjörn og Þórdís gengu að

kirkjugarðsveggnum og horfðu yfir hópinn eins og þau væru að leita að vinaraugum. „Nú skal eg reyna drengskap sveitunga minna“ sagði hann. „Góði gættu þín vel“ sagði hún, og gengu hvort í sinn hóp: hann til bænda á miðju hlaði, hún til kvenna undir veggnum. Prestur var ekki kominn. Ásbjörn kemur þar að er Loptur á Gili var fyrir: „Hvað er að frètta Loptur minn!“ „Harla frèttafátt hjá mèr, en þú munt geta sagt frá meiru, þú starfar ekki svo lítið“. „Og það gengur nú seint, eg er einvirki og efnasmár“. „Dugnaður þinn bætir það upp“. „Örðugt er eins verk — Eg hef svo mikið að hugsa: mér dettur i hug að reisa skólahús þarna fyrir efri part dalsins“. „Skólahús? eru ekki nóg gjöld á hreppnum þó ekki sé skólagjaldi bætt við?“ „En mèr er nú einmitt að detta í hug að fá aðra fleiri bændur til að leggja fé til þess — Og af því eg veit þú ert efnamaður, þá vona eg þú styðjir áform þetta og sama bið eg aðra bændur hèr“. „Nei, mèr dettur það ekki í hug, eg hef um nóg annað að hugsa. Og eg ræð þèr að hætta við heimsku þessa„. „Það veit eg, eg vænti nú raunar lítils af þèr nirfillinn þinn! sem horfir með sárum söknuði eftir hverjum bita sem fer í þá fáu gesti er villast til þín“. „Þú mátt dæma um það eins og þú ert maðurinn til“, sagði Loptur. Gekk Ásbjörn þá til Egils á Brekku; „Sæll nú Egill minn! fallegt er veðrið, góð er tíðin, gaman er að vinna“. Egill glotti og sagði: „Já fyrir ykkur berserkina og stórræðamennina! En við smælingjarnir getum nú ekki hugsað hátt, allra sízt að fara að byggja skólahús“. „En eg vona þið farið nú til þess, og viltu nú ekki slá til og leggja nokkra dali í það?“ sagði

Ásbjörn í hálfgamni — „Nei, eg er fátækur, og þó eg væri ríkur þá fleygði eg varla íe mínu útí aðra eins heimsku — eg held þèr væri nær að hugsa um að verða þèr ekki til skammar fyrir nirfilshátt — Fólk frá mèr hefur opt komið til þín og ekki fengið nema blöndu tóma og ferst þèr sízt að lá Lopti, þú ert eins og hann í því og verri í mörgu". „Vel vissi eg hvers eg átti von hjá þèr — en ekki ferst þèr að lá nirfilshättinn, þú gerir mörgum gott, það er satt, en aldrei af þínu". „Mínu? stel eg þá?" „Nei ekki beinlínis, en eg skal sýna þér að þú lifir á öðrum meira og á verra hátt en margur þjófur". „Gaman er að heyra það". „Þú býrð úr þjóðbraut, fáir heimsækja þig, en þú marga. Eitt árið fórstu sjálfur, kona þín eða fólk þitt á bæi þrisvar í viku, drakkst kaffi og ást mat fyrir 14 dali sveikst af verki svo 6 dölum nam. En góðgjörðir þínar urðu 4 dala virði, og þannig voru 16 dalir, sem hyski þitt hefur haft af öðrum. Og þú hefur svikist um 30 dala smáskuldir við hina og þessa og skal eg og Jón fróði sanna þetta upp á þig ef þú vilt". Egill reiddist en þagði, því illt var satt mál að verja. Gekk Ásbjörn til Árna á Hóli, heilsaði honum og sagði: „Árni minn! þú ert farinn að búa, og vænt þykir mèr að heyra að þèr gengur vel". „Og já, það smágengur ef maður ekki ræðst í mikið". „En stundum verður maður að ráðast í nokkuð til þess að gera því félagi gagn er maður lifir í — eg er nú að hugsa um að koma upp skóla og bið þig að styrkja til þess!" „Nei eg hefi nóg að hugsa um — annars held eg óþarfi sè að þreyta sig á þessum svo nefndu framförum því maður er dauður fyrr enn varir". „Afkomendurnir hafa

þá gagn af því". „Þeir hafa það svo bezt, að heimstetur þetta hrynji ekki í grunn bráðum eins og spáð og skrifað stendur í Jónsbók". „Nú, eg hefði hugsað þú værir ekki sèrlega trúaður á hana, en þú ert orðinn það nýlega — En hvað sem því líður — liggi þeir eð vilja á letidöfinni — Eg leita sælunnar i starfinu og framkvæmdinni, það er það sem gjörir mann að manni."

Svo gekk hann til Pèturs er var orðinn sambýlismaður á Eiríkstöðum. „Sæll, Pètur minn! gott að fá nýjan dugnaðarmann í sveitina eins og þig". „Og ekki er þörf að vera að gera gis að mèr!" „Gis að þér! þú ert mesti sláttumaður, þú slóst dagsláttuna á hálfum degi — eða það sagðir þú hèrna um daginn — og það get eg ekki, og þykist eg þó meðalmaður,,. „Eg tek mèr nú hvíldirnar á milli og ekki get eg síhamast eins og þú". „En eg þarf þess, eg hefi svo mikið að hugsa, og nú vil eg spyrja þig, hvernig lízt þèr á skólahugmynd mína?" „Allra mesta óráð og eg er hissa á þèr, að þú skulir vera búinn að eyða 30 dagsverkum í það og fólkið nærri dautt úr hungri fyrir bragðið". „30 dagsverkum — mikið rètt! En heldur þú að þú hafir ekki eytt öðru eins frá heimili þínu í tóbak og brennivín? gjörum dagsverkin 40 dali. En þú hefir eytt tóbaki fyrir 10 dali, brennivíni fyrir 10 það er helmingur dagsverkanna — En þú lást í ölsótt í 15 daga og 3 dagar fóru í óþarfa flakk um sveitina og ep.ir hinn mikla dagsláttudag lást þú og slæptist í 2 daga auk alls smásnatts! Getur þú borið á móti þessu?" Pètur gekk þegjandi burt, og Ásbjörn hèlt áfram liðsbón sinni við fleiri, en allt til ónýtis. Síðan

gekk Ásbjörn til Guðmundar og segir honum frá öllu. — „Já það var nú ekki til neins að reyna við þá, enda er þetta óþarfa stórræði. Mèr líkar vel dugur þinn við heyskap og jarðbætur, það er það sem við þurfum og það eru þeir margir of daufir við — En skólahúsið held eg óráð og óþarfa — hèr er nóg menntun að mörgu til — Jón fróði hefir kennt mörgum unglingum reikning, skript, rèttritun og dönsku og þeir geta kennt öðrum, og þetta held eg nú nógan skóla að minnsta kosti í bráð„. „Betra en ekkert — en bezt væri þó að hafa verulegan skóla og hafa hann fyrir kennara, og ekki skal eg hætta fyr en eg kem skóla á fót bæði í andlegu og verklegu„. „Nei hættu þessu fyrst núna, mundu hann Eirík“. „Eg man hann og man vel, og ættuð þið að skammast ykkar Krókdælingar! að fara eins með hann og þið fóruð. Annars þykir mér það að þèr Guðmundur! að þú ert svo tregur til nýunga; þó hefir þú nóg fè og nóg vit til að gjöra enn meira gagn en þú gjörir. — En vanafestan er fótakefli margra göfugmenna“. „Við skulum nú ekki tala meir um þetta“, sagði Guðm. og fór inn. En af Þórdísi er það að segja, að hún var optast að tala við Geirlaugu vinu sína og varð þar fagnaðarfundur, því Þórdís hafði ekki komið heim síðan hún fór frá Völlum. Ymsar konur töluðu við hana um Ásbjörn og atfarir hans og voru flestar á líku máli og bændurnir, þótt þær færi vægara í það þar sem hún átti í hlut. — Þóra var nú alveg hætt að tala við Þórdísi, því hún sá, að það var ekki til neins. En í því Guðm. fór inn, kom sèra Eysteinn ríðandi. Hann var nývígður prestur, vel að sèr en þótti hálfundarlegur. Hann steig af baki og bóndi kom

út, bauð honum inn. Barst þá Ásbjörn í tal þeirra. Prestur var á máli hans og kvað illa gjört að neita honum liðs. Guðm. lagði fátt til og fór prestur í kirkju og messa byrjaði. Og ræðutexti prests voru orðin: „Þótt þér elskið þá sem yður elska, hvaða laun eigið þèr skilið fyrir það?“ Hèr set eg brot úr ræðunni: „Margir þykjast elska, en ást þeirra er sèrgirni tóm. Þeir óska öðrum góðs og tala fagurt, en vilja aldrei láta neitt á móti sèr annara vegna. — En sú er þó sérgirnin verst, að engi vill játa að hann er sèrgjarn, heldur kalla þeir hana guðlega ást og guðdómsljóma! Já þvílíkur guðdómsljómi! að elska manninn aðeins vegna þess hann er frægur, ríkur, fagur og vinsæll — Þetta getur hver „skikkanlegur“ heiðingi. En hver elskar hinn auma, hinn fáráða, hinn smáða aðeins vegna þess að hann þarf ástar við? Hver býður blindum, höltum og vönuðum í veizlu í stað ríkra og frægra manna? Hver fyrirgefur óbeðið? Hver gefur án þess að ætlast til andlegra eða verklegra launa beinlínis eða óbeinlínis? Eg þekki þá ekki“ — — —.

Messunni lauk, fólk fór út og bjó sig á stað. Ásbjörn sagði presti frá áformi sínu og tók prestur því vel og lofaði að leggja fè til ef hann gæti. En prestur var bæði fátækur og skuldugur og vænti Ásbjörn því ekki mikils af honum.

Margt var rætt um ræðu prests og þótti flestum hörð, og Þóra sagði við vinkonur sínar í því hún slapp út úr kirkjunni: „Eg má þakka fyrir hlutdeild mína í sneið þeirri, er hann, blessaður, gaf söfnuði sínum í dag — honum er og vorkun þótt hann sé reiður við heiminn. Hann drakk eins og svín í skóla og stúlkan

hans sveik hann, og að þessu býr hann enn". „Það lá að — þú veizt lengi, góða! hvar fiskur er undir steini" — sagði kona Egils —. Svo fóru allir á stað. — Ásbjörn og Þórdís riðu á stað, og er þau urðu tvö ein sagði hann: „Vel líkaði mèr ræðan". „Ó. já, svona! — en eg efast um að menn batni við þessar hörðu kenningar". „Hæfilegt keyri á Krókdælinga! og skal eg hjálpa sèra Eysteini með þá!". „Það dugar nú ekki að sýna ofstopa við hvað eina —. Mèr annars sárnaði við þig í dag hvað þú varst illyrtur". „Var ekki satt er eg sagði?" „Jú, en opt má satt kyrt liggja". „Liggi sannleikurinn, þá fer lygin á stað!". „Ekki þarf það að vera"- „Eg vil segja sannleikann hvernig sem á stendur". „Ef hann þá sannfærir". „Hann gjörir það". „Ekki nema kærleikurinn fylgi með, annars særir hann". „Sár það getur vakið menn af svefni syndanna"- — „En kærleikurinn vekur betur". — Voru þau lengi að stæla um þetta og endaði með því, að Ásbjörn sagði: „Þú ert nú kærleikurinn sjálfur og ætlar aðra eptir þér!" Brosti hún þá blítt og eins hann og gott varð úr öllu eins og vant var.

Þau fóru heim — haustið kom, Ásbjörn vann ákaft að túnbót, en varði 1 tíma til skólahússins. Sèra Eysteinn var ókvæntur, bjó með móður sinni og vann eins og bóndi. Hann kom sjálfur til Ásbjarnar og vann hjá honum 3 daga að grjótdrætti heim að Eiríkshóli og var það hin eina hjálp, er Ásbjörn fèkk í bráðina. Ásbjörn tók daglaunamenn eins og áður.

Nú komu veturnætur, og þótti þeim Þórdísi tími til að ganga í hjónaband. Fóru þau því bæði að Völlum og töluðu sitt við hvort hjónanna. „Hvernig líður

þér góða!“ sagði Signý við Þórdísi. „Vel“. „Heldur þú, að þú verðir ekki bjargarlaus í vetur?“ „Nei, ekki held eg það“. „En gátuð þið skorið nokkuð?“ „Lítið var það“. „En þið hafið fargað fè?“ „Já til daglaunaranna og upp í skuldir svo nú erum við skuldlaus“. „Þá mun all örðugt fyrir ykkur að lifa í vetur. En er Ásbjörn ennþá að hugsa um skólann?“ „Nokkuð, en helzt hugsar hann um að bæta túnið“. „Já, illa lízt mér á það — eg man hann Eirík, og eins fer líklega fyrir Ásbirni og þykir mér illt að þú skulir eiga í þessu — en eg hef heyrt, að hann bjóði þèr að hætta við sig ef þú vildir, og er það vel gjört af honum, vil eg þú þiggir það og komir hingað“. „Nei, þó hann segði svo, þá veit eg að hann getur ekki lifað glaðan dag ef eg fer“. „En þú þarft ekki að elska þann, sem lætur þig eiga bágt að óþörfu“. „Skólahúsið er enginn óþarfi, það ætti að verða sveit og þjóð til gagns og sóma“. „En ef það verður aldrei?“ „Þá er góður vilji gott dæmi fyrir aðra“. „Jæja, Dísa mín! eg dáist að tryggð þinni, og er illt ef hún kæmi niður á óverðugum“. „Hún hefir þá nóg laun í sjálfri sèr. En meðan eg heiti Þórdís Auðunnardóttir, skal eg engan eiga annan enn Ásbjörn“. Hættu þær tali í bráð, og fann Þórdís að Þóra var búin að laga Signýju til! Ásbjörn sagði Guðmundi frá störfum sínum og áformi. Guðmundur sagði: „Ekki lízt mér á þetta — eg held þú farir eins og hann Eiríkur, og ekki verð eg svaramaður þinn. Þnema þú hættir við skólaverkið, altènd í bráð“. „Þú um það, en skrýtið þykir mèr að þú skyldir vera svaramaður hans Pèturs á Eiríksstöðum, og þó er eg viss um, að hann var búinn að

eyða meira fè í vín og tóbak enn eg í skólann". „Eg sè nú líka eptir því, og mikill munur er á að eyða fè í vín og tóbak eða í skólahús, þótt ónýtt yrði — en þú hefur nú líka einusinni leitað Bakkusar, það gjörði Eiríkur líka og það fór með hann, og hætt við að fari líkt fyrir þèr". Ásbjörn gegndi því engu og svo fór hann heim með Þórdísi og hafði hvorugt fósturforeldra hennar unnið minnsta bug á henni. Þau reyndu nú að fá sèr svaramenn, en fengu enga þar í sveit. Nú leið á vetur og þau urðu nærri matlaus eins og áður. Þetta fréttist, menn aumkvuðu Þórdísi, en ámæltu Ásbirni. Guðmundur bað nábúana að hjálpa þeim um mat, þeir voru tregir í fyrstu, en sumir lofuðu þó að láta nokkuð. Þeir skutu saman mat nokkrum og færðu Guðmundi. Hann tók þá matinn og batt í bagga, lagði á hesta og fór svo sjálfur ríðandi með 2 hesta í taumi fram að Nýjadal. Hann ber á dyr; Ásbjörn og Þórdís koma út, hann fer af baki og heilsar þeim og segir: „Hèr er matur handa ykkur, bæði frá mèr og öðrum nábúum". Þórdís verður glöð í bragði, þakkar Guðmundi mjög innilega og segir: „Altènd ertu eins með mannúðina fóstri minn". „Ekki veit eg nú hvað hún er mikil", segir hann þurlega. Ásbjörn þakkar honum líka en heldur þurlega, því honum þykir hann svara Þórdísi af köldu. Þeir taka ofan baggana af fyrra hestinum það er fiskur, kjöt og smjör frá Guðmundi. Svo af hinum hestinum, og í öðrum bagga er kornpoki frá Agli á Brekku. „Ekki vil eg sjá það, honum ferst ekki að vera að gefa, hann sem lánar fé með brögðum bæði af ríkum og snauðum, en refjast svo um að

borga", segir Ásbjörn. Guðm. hristir höfuð og getur ekkert sagt. Í sama bagga er skyrkvartil frá Árna á Hóli. „Ekki vil eg það, hann er vanur að telja gjafir sínar eptir". Guðm. roðnar og hugsar: „Sama hugsar Ásbjörn, að eg gjöri". Í öðrum bagga er stór baunapoki frá Sigurði nýbónda í Vallakoti og 3 vænir harðfiskar frá Lopti á Gili. Ásbjörn tekur við þessu „Því þiggur þú þetta fremur en hitt?" spyr Guðm. „Það skal eg segja þér, mælti Ásbjörn. Loptur er smágjöfull, það er satt —. En hann geldur vel allar skuldir sínar og hefir ekki af öðrum — það sem hann því gefur, gefur hann af sínu eigin, og fiska þessa hefir hann gefið með ánægju. — En hefði hann sent mèr meira, þá hefði eg varla þegið það, því þá var auðsèð að kona hans hefði rekið hann til þess. En nauðuga gjöf þigg eg ekki. En hvað Sigurð snertir, þá veit eg, að hann er snauðastur ykkar, en hann gefur æ af góðu hjarta". „Vel mælt, Ásbjörn minn! og alltaf sè eg betur og betur, að mikill og góður maður er í þèr, hvað sem skólahúsinu líður. Skal eg nú ekki lengur draga þig á liðshjálp minni. Í vor skuluð þið kvænast og skulum við Sigurður vera svaramenn ykkar". Þá gladnaði yfir báðum hjónaefnum, en einkum Þórdísi og þakkaði hún Guðmundi blítt. „En — sagði hún — eg vil, Ásbjörn! að við þiggjum gjafir Egils og Árna, hver veit nema manntetrin hafi gjört það í góðu skyni, og þá er synd að særa þá með því að þiggja það ekki". „Sama segi eg" svarar Guðm. Og loksins lèt Ásbjörn tilleiðast að þiggja það, svo buðu þau Guðm. inn og gjörðu honum gott, og er hann fór sagði Ásbjörn: „Skila þú þakklæti til Lopts og Sigurðar!" „Til þeirra allra"!

segir Þórdís. Svo fór Guðmundur heim. En um vorið giptust þau Ásbjörn og Þórdís, en hèldu enga veizlu. Séra Eysteinn gaf þau saman og þótti ræða hans fremur hirtingarræða yfir sveitamönnum en hjónavígsluræða, því hann minntist á örðugleika þá er þau höfðu átt í.

Nú liðu 5 ár, Ásbjörn hèlt áfram sama kappi með jarðvinnuna unz hann hafði slèttað 2 dagsláttur og hlaðið grjótgarð kringum hálft heimatúnið, sem var 20 dagsláttur og nærri kringlótt — þá höfðu skepnur fjölgað hjá honum og var hann orðinn skuldlaus að mestu. Að Eiríkshóli var komið svo mikið grjót sem leit út fyrir að þyrfti í meðalstórt skólahús. En nú var eptir að fá kalkið, viðinn og smiðina! En þar til þurfti marga peninga, og þá hafði Ásbjörn ekki, hann var búinn að kosta miklu til, og nú höfðu þau eignast 2 börn. En nóg höfðu þau nú, og friður og spekt var á heimili þeirra. Móðir hans var þar alltaf og var heldur til góðs.

Um þetta leyti kom ljótt fyrir í dalnum. Árni var einn á ferð milli Kirkjubæjar og Vallnakots, hann hafði 1000 dali í vasanum. Það var jarðarverð, en jörð, þá er hann nú seldi, hafði hann fengið með stúlku er nú varð seinni kona hans. Ísleifur vissi af ferð hans, og bjó sig út með öxi og hnífa; og er hann sá Árna, reið hann á eptir honum og náði honum við gil fyrir utan Velli, flaug á hann og fleygði honum niður og reif af honum budduna með 1000 dölum í. Árni varðist þó nokkuð, og svo lauk að Ísleifur særði hann 5 sárum, en Árni stakk Ísleif í hendina og varð nokkuð sár af því. Ísleifur gáði að sár-

um Árna og sá að það voru svöðusár og lèt þar við sitja og ætlaði að ríða út í myrkrið, því þá var komið kvöld. — En rètt í því kom Guðmundur með alla karlmenn er á heimilinu voru, höfðu þeir heyrt hljóð Árna, þeir höfðu hesta og riðu á eptir Ísleifi og náðu honum, því hestur hans var þreyttur. Hann vildi verja sig með öxinni, en Björn sterki, vinnumaður Guðmund ar, sló hana úr hendi hans og reif hann af baki og fleygði honum niður og hèlt honum uns hann lofaði að fara heim með þeim. Fór Ísleifur svo heim með Birni og Guðmundi, því hann sá að öll vörn var fánýt; hinir bundu sár Árna og fóru heim með hann. Guðmundur hafði Ísleif í haldi uns sýslumaður kom að yfirheyra hann. Stóð valdsmaður þá í einkennisklæðum með sverð í hendi hjá Ísleifi í stofunni fremri. En Björn sterki stóð fyrir framan hurðina, Ísleifur meðgekk ránið, en er sýslumaður spurði: „Hversvegna rændir þú Árna?“. Þá svaraði Ísleifur: „Til þess eru nokkrar smáorsakir, en ein aðalorsök. Stjúpa mín setti mig hjá og svelti mig og svo fór eg að smástela frá henni. Svo fór eg að lesa um þjófa og bófa og mér þótti gaman að þeim, og loksins langaði mig til að líkjast þeim. En aðalorsökin er þessi: Eg var trúlofaður Helgu konu Árna, en hún var rík og Árni var fèlaus, er búinu var skipt eptir dauða fyrri konu hans eins og þèr vitið. En Árni hefir allt af haft ýmigust á mèr og veit eg enga orsök til — og nú lastaði hann mig á allar lundir fyrir kærustu minni og laug því upp að eg væri að daðra við aðra stúlku. Hún var ung og hvikul og trúði þessu og svo fór að hún sveik mig og þar við missti eg ást hennar og auk þess þessa

1000 dali, — þóttist eg því eiga þá og miklu meira fyrir konumissinn". „Eg get ekki neitað að þèr er nokkur vorkun, en lögin geta ekki tekið tillit til þess". „Þá eru lögin ólög". „Heldur þú þá að þú hafir gjört rètt?" „Já að sumu leyti" svaraði Ísleifur, og báðir horfðu hvor á annan með hörðum, hvössum og einbeittum augum. „Hefir þú ekki lært boðorðin og skyldurnar í kverinu þínu?" „Jú eg hef — því verr — áður en eg lærði kverið hafði eg nokkra virðing fyrir dyggð og skyldum, en eptir að eg hafði lært það fèkk eg viðbjóð á þeim". „Viðbjóð! hvernig stendur á því?" „Það stendur svo á því, að stjúpa mín hafði það fyrir keyri á mig þegar mèr varð eitthvað á, að láta mig lesa í guðsorðabókum og þegar eg fór að leika mèr, rak hún mig frá leiknum og skipaði mèr með harðri hendi inn í fjós til að læra kverið. Einusinni kom eg heim og stóð í göngum, heyrði eg þá föður minn segja inni: „Ekki trúi eg hálfu af því er stóð í kverinu". Hún sagði: „Ekki eg heldur, en láttu nú ekki stråkinn heyra þetta!" Síðan hef eg hatað öll kver, sjaldan farið í kirkju og aldrei verið til altaris síðan eg var staðfestur. Og nú stendur mèr á sama á hverjum fjandanum gengur". „Bíddu við! „tukthúsið" skal auðmýkja þig". „Nei! engar kvalir skulu gjöra mig góðan". „Hættum þessu tali, þú ert búinn að meðganga og þá er nóg". Svo fór Ísleifur með sýslumanni og var dæmdur í 10 ára hegningarvinnu — og síðan silgdi hann.

Nú liðu 10 ár og þá var tún Ásbjarnar alslétt og algirt og 3 kálgarðar í því, engjar framskornar og þerðar, keldur brúaðar og nýr bær reistur líkur Valla-

bænum, en nokkuð minni. Veggir skólans voru þá algjörðir og lítill blómgarður hjá honum. Í garðinum voru tóm íslenzk dala og fjallablóm og börn hjónanna 2 stúlkur og 2 piltar hirtu um þau. Daginn eptir að bærinn var algjörr kom Guðmundur ríðandi og var honum vel fagnað, þegar hann var kominn inní stofu og búinn að borða, tók hann upp skjal og fèkk þeim Ásbirni og Þórdísi. Ásbjörn las það og í því stóð, að Guðmundur arfleiddi Þórdísi jafnt öðrum börnum sínum. Ásbjörn leit alvarlega og einbeitt til Guðmundar og sagði: „En er ekki bezt að láta gamla arfleiðsluskjalið hafa gildi — mig minnir það sè eitthvað öðruvísi“. Guðmundi brá nokkuð, en Ásbjörn tók lykil, fór ofan í kistu og tók þar upp arfleiðsluskjal það, er Guðm. gaf Þórdísi er hún fór. „Hèr stendur: „Hún skal erfa hálft gagnvart hverju barni mínu — og er bezt að við það standi“, sagði Ásbjörn. „Nei, þú verður að fyrirgefa mèr, að eg misskildi þig of mjög og bið eg þig að gjöra mèr þá ánægju í elli minni að þiggja þetta“ sagði Guðmundur nokkuð klökkur. „Jæja“ sagði Ásbjörn, og varð nokkuð þýðari í orði. — „Eg skal gjöra það, en þó því að eins, að fé það, er hún erfir gagnvart börnum þínum, verði sett á vöxtu og gjört að eign skóla þessa er eg nú reisi“. „Mèr fer nú að lítast betur á hann enn áður“, sagði Guðmundur og hýrnaði á bragðið, og eg er til með að gefa honum sèr á parti svo þú þurfir ekki að missa arfinn til þess — þú átt nú 4 börn og ekkert nema búið (7 nautgripi 200 fjár og 10 hross) handa þeim í arf“. Ásbjörn mælti: „Gott er að þú villt styðja skólann, en hvað börn okkar snertir, þá höfum við vanið

þau á að vinna og þola súrt og sætt með okkur, vanið þau á að leita leiks og sælu í sjálfri gagnseminni, en ekki að verða tómar trafóskjubrúður og nautnasjúkar letikoddaskræfur. — Það er betra að kenna börnunum að verða sjálfstæð og sjálfbjarga bæði á andlegan og líkamlegan hátt, enn að beita bænum, brögðum og blíðmælum til að afla auðs handa þeim". Fór svo, að Guðm. fèllst á þetta og arfleiddi skólann að arfi þeim, er hann ætlaði Þórdísi og gaf honum 100 dali að auki Þökkuðu þau honum mjög innilega, og svo fór hann heim.

Næsta vor kom Pètur frá Eiríksstöðum og barði á dyr. Ásbjörn gekk út, þeir heilsuðust, Pétur bað hann um peningalán. Ásbjörn kvaðst enga peninga eiga og var það satt. Pétur bað hann þá að hjálpa sér um mat. Ásbjörn gaf honum strax fiskafjórðung og duglegar áminningar um að hætta að drekka og fara að vinna, enda drakk Pètur mjög og var latur. Pètur viknaði og fór hálfkjökrandi á stað með fiskinn og settist á púfu fyrir utan tún. Þá kom Þórdís út og sá hann, og sagði við Ásbjörn: „Gafst þú honum nokkuð?" „Áminning". „Til hvers?" „Til þess hann heyrði sannleikann". „Hvaða sannleika?" „Að basl hans sè honum að kenna". „Ekki er það alveg satt, hann var illa upp alinn, honum var ekki haldið til vinnu nógu snemma". „Jæja, kemur heim sem eg sagði: börnin þurfa að venjast vinnu". „Já, en þeim sem ei venjast, er vorkun — en engin lifir á áminningum tómum, en það þarf að gefa honum eitthvað". „Eg gaf fiskfjórðung". „En hann þarf við honum". Fór Þórdís þá inn í skemmu, tók smjörfjórðung og

kornpoka, bar út, lagði á herðar sèr og gengur út til Pèturs með það og gaf honum. Pètur þakkaði henni mjög innilega en hún sagði: „Þú þarft ekki að fráfælast að koma hingað aptur þó hann Ásbjörn minn væri nokkuð harður; en eg vil biðja þig þess Pètur minn! að hætta að drekka, þú ert duglegasti og efnilegasti maður þegar þú villt“. Pétur lofaði góðu. Hún gekk svo heim og Ásbjörn sagði: „Eg held stórgjafir þessar séu aðeins til að ala leti í mönnum“. „Óvíst er það, reynum hvernig fer; í öllum er eitthvað gott og flestir gangast mest fyrir góðu“. „Getur verið — annars er munur á okkur: eg gef þeim einum er eg álít að gjöf eigi skilið. En þú gefur öllum er gjafir þurfa ef þú getur“, sagði hann blítt. Enda var Þórdís gjöful og þurfti því að eiga mann er hèlt í efnin. En Pètur kom optar til þeirra, og með gjöfum og orðgæðum gat Þórdís komið honum til að hætta að drekka, en að gjafir þær væru í hófi, það sá Ásbjörn karlinn um!

Sama vor kom Ísleifur til landsins og var um hríð í Reykjavík í vinnu og reit Ásbirni brèf þetta:

Gamli kunningi!

„Nú er eg laus — hörð var hegningin — hörð er veröldin, en harðast er þó hjarta mitt. — Eg hefi brynjað það svo að hvorki ást nje illska hrífur það. Eg er búinn að gera svo mikið illt, að mèr finnst að eg sé óhæfur til alls góðs. Þegar minning hinna góðu hugsana, sem eg hafði fyrst þegar eg var barn ber á dyr, þá leik eg mèr að henni um hríð, en gef henni svo kjaptshögg og rek hana á brott, komi hún aptur

þá fær hún sömu viðtökur. Eg fyrirlít heimínn svo mjög, að eg vil ekki lengur vera opinber fantur svo þeir sjái, því eg veit þeir taka ekki lengur til þess, En áður þótti mèr ekki nema gaman að heyra og lesa dóm heimsins um mig er svo hljóðaði: Ísleifur er allra varmenna verstur, hvorki vægð nè harka bugar hann, hann lílær að hvorutveggju — verði honum stöku sinnum á að sjá skömm sína, þá þykist hann mikill af að geta séð hana — og þetta er satt! eg þykist það meiri öðrum bófum, að eg hef aldrei kært mig um að breiða neina stolna sakleysisblæju yfir bresti mína, og það gjöri eg ekki svo mjög af breinskilni, sem af því, að eg held brot mitt mörgu broti skárra, þó illt sè. — Enda er það ekki hið versta í fari mínu. — Eg er búinn að missa alla góða trú á Guði og mönnum, eg hata lífið, en hræðist dauðann, en skammast mín að láta aðra vita það — já eg hræðist sjálfan mig, að eg skuli vera orðinn svona. Og orsök til þess er bæði náttúrufar mitt, og einkum uppeldið eins og þú veizt. Eg hef aldrei notið sannrar ástar nè vináttu og veit varla hvað það er. Það lítið gott, sem heimurinn hefir boðið mèr, hefir verið í tómum molum, á þeim varð eg leiður og fleygði þeim. — En hefði eg mætt nokkru, sem var verulega gott, hefði einhver góð sál tekið mig að sèr þegar eg var barn, þá hefði æfi mín orðið öll önnur. — Eg hefi sárlitla von um að eg batni, en komist eg á heimili þitt, þá er ekki ómögulegt að eitthvað skánaði. Eg kem til þín í vor, gjör við mig eptir drengskap þínum.

Ísleifur Grímsson ræningi".

Asbjörn sýndi Þórdísi brèfið og rèði hún honum að taka við Ísleifi er hann kæmi. Hann féllst á það. Nú er þess að geta, að Geirlaug var gipt og átti mörg börn, þar á meðal dóttur er Ingunn hèt. Þegar hún var 8 ára tóku þau Ásbjörn hana. Hún var gáfuð, fjörug og blíð í lund og fremur frið. Þórdís unni henni mjög, og hún Þórdísi eins, og fór mjög að hennar ráðum.

Nú kom Ísleifur um Jónsmessuleitið til Ásbjarnar. Hjónin og börnin stóðu úti þegar hann kom. Hann var dável klæddur, bar poka á baki fullan af smádóti og var harðlegur á að sjá. „Æ, þar kemur ræninginn!“ sögðu börnin hálfbrædd og fóru inn. Hann heilsaði hjónunum, þau tóku því vel og buðu honum inn. Og er hann hafði borðað og hvílt sig sagði hann af ferðum sínum. Síðan buðu þau honum aðvera þar, og þáði hann það. Fór hann að starfa við jarðvinnu og grjótverk og vann það trútt og duglega. Og af því hann var bæði skemmtilegur og glaður, þá hættu börnin að hræðast hann og þeim fór að þykja gaman að koma til hans er hann var að vinna til að heyra hann segja af ferðum sínum og öðru. Opt sló þó út í fyrir honum er hann var einn. Eitt sinn gekk Þórdís ofan að grjótgarði til hans. Hann lá bak við garðinn og var að tala við sjálfan sig: „Þegar börnin eru hjá mèr, verð eg blíðari, þegar þau fara, þá rek eg alla blíðu brott og stállharðna og skammast mín fyrir að vikna af öðru eins smáræði og blíðu krakkabrosi! Já bölvaður aumingi er eg! en eg skal herða mig! bjóðist mèr ást og vinátta, þá skal eg bragða á henni snöggvast og skirpa henni svo frá mèr. Eg skal njóta

sælu lífsins án þess að treysta henni. Eg skal leika mèr að börnum og skemmta mèr við stúlkur án þess að láta þær hafa nokkur ástar áhrif á mig". Þá stendur hann upp, lítur á hana, verður hverft við, en hún segir: „Nú ertu ekki að hugsa gott, Ísleifur minn!" „Nei, en þetta eru daglegar hugsanir mínar og þó yrðu þær hálfu verri ef eg væri á öðru heimili en þessu — já mèr dettur stöku sinnum í hug: Ef eg á að verða nógu voðalegt illmenni til þess að stríða og oíbjóða veraldar skrattanum, þá verð eg að fara hèðan. Hèr er allt af eitthvað sem sefar grimmd mína og vekur hjá mèr einskonar blíðar tilfinningar, sem eg hef ekki haft síðan hún stjúpa lèt drepa hundinn, sem mèr þótti vænst um". „Eg vildi satt væri, Ísleifur! að hèr væri eitthvað, sem bætti og blíðkaði þig". „Eg veit ekki" sagði hann og glotti kalt, og það var eins og hann vildi leyna einhverri blíðri tilfinning, er vaknaði hjá honum.

Ingunn fór einnig að smákynnast honum og tala við hann, og smámsaman fór hann að verða eitthvað öðruvísi eptir að hann hafði talað við hana. Hans meðfæddu góðu tilfinningar voru nógu sterkar til þess, að hvorki uppeldið nè geðbrestur hans höfðu getað bugað þær alveg. Hin horfna æskublíða hans endurreis og varð æ sterkari og sterkari, og þótt hann ræki hana brott, þá kom hún aptur og aptur og loksins varð hún svo sterk, að hann gat ekki brottrekið hana nema stundum,

Nú liðu 2 ár og var Ingunn þá 20 ára að aldri. — — — Ingunn fór að hafa gaman af að tala við hann, því hann var bæði skemmtilegur og talsvert

fróður; líka kenndi hún í brjósti um hann, og þetta var orsök til, að hún varð alúðlegri við hann enn hina karlmennina á bænum. Þetta fann hann, og svo fór að hann varð ástfanginn í henni. Og sèrhver stund og staður þar sem þau voru saman, fannst honum fegri og betri, enn allar aðrar stundir og staðir. Loksins sagði hann Þórdísi frá þessu, hún tók því dauflega í fyrstu, en loksins fèllst hún á það, enda hvatti Ásbjörn hana.

Og er 2 ár voru liðin frá því að Ísleifur kom þangað, kom Þórdís að máli við Ingunni og sagði: „Ísleifur er nú búinn að vera hèr 2 ár, og hefur okkur fallið hann betur og betur. Þú veizt að honum fellur bezt við þig af öllum hèr, og eg veit að hann elskar þig og vil eg að þú takir honum ef hann biður þín, og það gjörða eg væri eg í þínum sporum". „Eg vil ekki giftast, eg vil vera hjá þèr og börnunum, eg get ekki skilið við ykkur". „Það er óvíst þú þurfir þess, en þó þú viljir okkur vel, þá er þó meira varið í að taka honum, en að þræla fyrir okkur, þú frelsar þá fallna sál og þá fær hann aptur von þá og trú á hinu góða er hann hefir misst. Eg sè á honum er hann leikur við börnin, að hann er þýður maður í lund, það er kominn yfir hann einskonar blíður raunasvipur, og það er eins og hann bíði og voni eptir ást. Ekki þótti mèr í fyrstu álitlegt með hann Ásbjörn minn — þèr að segja, — Mèr fannst að hann hefði fyrst meiri ást á framfarahugsjónum sínum enn á mèr, en eg hugsaði: — „Eg skal reynast honum trú og fórna lífi mínu fyrir hann ef þarf. — Og nú þakka eg Guði fyrir að hann gaf mèr Ásbjörn fyrir mann". Töluðu þær

nokkra stund um þetta og svo lauk að Ingunn sagði: „Eg geri það fyrir þín orð mest að taka honum, og bágt á eg að neita þeim um ást, er elskar mig“. Og svo fór að Ísleifur bað hennar og hún tók honum. — Og nokkru seinna var það einn fagran sumardag, að fjöldi manna reið að Kirkjubæjarkirkju, þar voru flestir nefndir dalbúar. Þá gaf sèra Eysteinn þau Ísleif og Ingunni í hjónaband og hèlt langa ræðu. Hèr er brot hennar; og brot þetta lýsir tilfinningum sem fáir hafa og sem þessvegna ekki trúa þeim. En til eru samt tilfinningar þessar og það hjá fleirum enn einum —: „— — Ó hve dýrðlegt er ástarvaldið: það gjörir ljón að lömbum og jörð alla að Eden — engin þekkir ástina nema sá einn, er þarf hennar við og þörf sú er oss holl, því hún kennir oss að virða aðra og sjá dýrð mannlegs anda annarstaðar enn í sjálfum oss. Dýrðlegt er sjálfstæði og kjarkur mannsins, tignarlegt er að vera einn og verjast eins og hetja gegn mörgum. En það er ástin, er gefur oss kjark þenna og sjálfstæði. Hún gefur oss það, þó vér gætum ekki að því. Ást þessi er geisli Guðs sólar; hún streymir til vor gegnum góðar sálir; og það er gott að hún kemur þannig óbeinlínis til vor. Því guðleg ást er svo háleit og dýrðleg, að vèr þyldum sjaldan að ljómi hennar kæmi rakleiðis. En Guð lætur góðar sálir bera oss á höndum eins og blíða engla gegnum heiminn og þá er eins og góðir andar brosi oss og hampi fögrum sigursveigum, og allar raddir kveði unaðsóð — ástin gagntekur oss svo að vèr þolum ekki lengur að njóta hennar eingöngu, heldur grípur oss heit löngun til að fórna oss fyrir aðra — ó, ef þessi hin mikla ást fyllti allan

heiminn, þá birtist Guðs dýrð og guðsríki kæmi. Ast þessi er Guðs æðsta mynd hjá manni, ljós og líf, speki og afl mannsins. Þökk sè frelsara vorum, sem glæddi og útbreiddi hana til allra þjóða — — —". Svo var sunginn sálmurinn: „Minn Jesú, dyggða dæmið þitt!" Og að endaðri messu gengu menn út, þá sagði Þóra gamla við málvinkonu sína: „Nú er auðséð, að sèra Eysteinn er giftur góðri konu, hann er orðinn eins og annar maður síðan. Svona eru þeir, þegar kvennfólkið ekki er að halda þeim upp úr, þá verða þeir að ólundarúlfum." Satt sagði Þóra, Eysteinn prestur var giftur góðri konu, en það var þó breytni Þórdísar við Ásbjörn og Ingunnar við Ísleif, sem hvað mest hafði gefið honum betri trú á mannkyninu. Riðu menn frá kirkju og veizla var haldin á Völlum og borguðu þeir Guðmundur og Ásbjörn allan kostnað. Nýgiptu hjónin voru um veturinn hjá Ásbirni, en um vorið reistu þau bú í Vallnakoti. Varð Ísleifur dágóður bóndi og vænn maður. En allt af var þó einhver myrkur blær yfir öllu lífi hans; hann fór opt einförum. — Ástin hafði þó mýkt og bætt lund hans. En endurminningin um og afleiðing af uppeldi hans var ormur, sem aldrei dó, þótt ást Ingunnar væri það ljós, er aldrei slokknaði.

NIÐURLAG.

Mörgum árum seinna komum vèr í dal þenna, og allt er orðið nýtt: alslètt og algirt tún, þerðar, ræktaðar og sumstaðar girtar engjar. — Bæir reisulegir með kálgörðum og sumstaðar blómgörðum í kring. Á Völlum og Efra Nýjadal eru bæhús að mestu úr steini

umkringd kál og blómgörðum. Skólinn er algjörr; steinhús með bláu flögusteinspaki og blómgarði í kring og sunnan Eiríkshól er annar garður alskreyttur birki og reynitrjám. Jón fróði er kominn til Ásbjarnar, en sonur Jóns, Einar, er orðinn kennari skólans; skóli sá er þannig, að börnum er kennt á haustum fram að jólum, vöxnum piltum á vetrum og stúlkum á vorum, er Signý dóttir Ásbjarnar þá við kennslu. 4 önnur börn hans eru gipt, og bjuggu í dalnum, á Gili, Brekku, Hóli og Eiríksstöðum, en 2 börn hans eru gipt í nærsveitunum. Öll eru þau bændur og bændakonur. Guðmundur og kona hans eru dáin í góðri elli, en ætt og niðjar þeirra og Ásbjarnar prýða efri og neðri Krókárdal. Dalsins gamla kynslóð er að mestu horfin, dáin eða endurbætt eins og gömlu túnþúfurnar. Skrílþúfur og mosaþúfur urðu þannig samferða: Mennt og mannbetrun, járnspaði og plógur, gengu af þeim dauðum og þannig fèllu öll þúfnatröllin fyrir Þór andans og spaðans!

Á ánni var öflug brú og vagnar fóru að þjóta á brautum sumstaðar gegnum engjar og haga meðan fossar, klettar og fuglar sameinuðu forn dýrðarljóð við nýjan frægðaróð dalbúa. Og endum vèr sögu þessa með að segja frá því, að Ásbjörn og Jón fróði og Þórdís sátu um fagurt sumarkvöld á Eiríkshóli rètt hjá skólagarðinum. Þá sagði Ásbjörn: „Fagur er nú dalurinn“. „Og það er þèr og Guðmundi að þakka“ segir Jón. „Og þèr“, segir Ásbjörn, „en þakka ekki mèr svo að þú gleymir Þórdísi! án hennar hefði æfi mín orðið leið og lítilsverð“. „Nei, ekki datt mèr í hug að gleyma henni, heldur vil eg segja nokkúð, sem

mèr hefir lengi búið í skapi, enn sem þú mátt ekki reiðast af, Ásbjörn!“ „Nei, Jón minn, tala þú eins og þú villt“. „Jæja. Fögur er ást og sjálfsafneitun Þórdísar og Ingunnar, en hvar er ástykkar karlmannanna? Þið heimtið sjálfsafneitun af konum, viljið gjöra þær að fórnandi píslarvottum fyrir áform ykkar. En þið hirðið ekki um að mennta þær svo þær skilji áform ykkar. Þórdís greip fram í og sagði: „Það var nú honum Ásbirni ómögulegt að mennta mig, þá vantaði peninga og þá voru engir menntaskólar fyrir alþýðu“. „Eg tala ekki svo mjög til hans, sem margra ungra manna, er nú renna upp, hef eg sagt þeim þetta og skal segja enn þótt eg sé kominn á grafarbakkann“. „Já satt er þetta“, segir Ásbjörn, það er ómannlegt fyrir okkur karlmenn að heimta og þyggja ástfórn kvenna endurgjaldslaust, en kynslóð sú, er kemur eptir okkur, skal bæta úr því og veita konum meiri menntun og réttindi“. Þórdís segir: „En hælið okkur ekki ofmjög, við höfum okkar bresti“. „Já, en brestir ykkar eru opt okkur að kenna: við bregðum ykkur um brögð og brygðlyndi, en harðstjórn okkar hefir kennt ykkur það, því slægðin og líka blíðan eru hin einu vopn, sem hinn veiki getur beitt gegn hinum sterka; við bregðum ykkur um menntaskort og gáfnaskort, en ofvald okkar hefir gjört ykkur ómögulegt að æfa og nota andakraft ykkar. Ver erum hrifnir af fegurð ykkar, en níðumst á veikleik ykkar“. „Nokkuð mikið

er í borið, Jón minn!“ sagði Þórdís. „Verði honum að trú sinni!“ sagði Ásbjörn blátt áfram. Og svo sungu þau öll þetta kvæði Jóns fróða:

„HVENÆR ER LÍFIÐ DÝRÐLEGT?“

1. Dýrðlegt, þegar barnasálin bjarta
brosir eins og ný útsprungin rós!
gegnum föður, gegnum móður hjarta
glöð hún skoðar Drottins ástarljós.
Leikur barns er lítill sælugeimur,
líf í öllum hlutum brosir því —
þá er gullöld, þá er fagur heimur,
þá er ástin saklaus, frjáls og ný.

2. Dýrðlegt, þegar æsku fjörgur andi
alla jörð í vonarljóma sèr!
heimsins sögu hetjur óteljandi
honum benda: „Kom og gjör sem vér“.
Hann vill fljúga, hann í anda skapar
hundrað áform, voldug, fjörug, stór,
ef hans von og auðna stundum hrapar —
önnur stærri kemur þá hin fór —.

3. Dýrðlegt, þegar hreinnar meyjar hjarta
hrífur til sín löngun æskumanns!
fyrsta ástarorð og tillit bjarta
endurfæðir sálarveröld hans,
sýnir honum huldar gleðilindir,
herðir kjark og glæðir andans fjör,
sýnir frjálsar, fagrar lífsins myndir —
faðmast ástin blíð og dáðin snör.

4. Dýrðlegt, þegar djarfa mennskan vogar
dáð að gjöra bernsku hugmynd af!
einbeitt, stöðugt aflið dáða logar
ýtir lífsins knör á tímans haf —.
Ef svo þarf, hann stýrir móti straumi —
stafninn brotna reiðar öldur við,
hjálpar þeim, er hrekjast enn í draumi
hafs á öldum sværðir þess við nið —.

Þá hætti Ásbjörn og hèlt að kvæðið væri búið —..
En Þórdís hèlt áfram að syngja:

5. Dýrðlegt er, þá ellin hvíldir býður
eptir hraust og fagurt lífsins stríð, —
læknað hjartasár nú ekki svíður,
sorgardöggin nærði blómin fríð,
ávöxt hennar öllum þakklát safnar
uppyngd þjóð og blessar kappans spor —.
Drottinn stýrir hetjusál til hafnar,
himinn brosir mót og eilíft vor!

Og Jón þrítók seinasta orðið og var þegar dáinn —

Og svo enda eg skáldsögu þessa.

Þorgils og Ingun.

Í Djúpadal var lítill bær, sem hèt Bakkakot. Þar bjuggu systur tvær, önnur hèt Kristín, en hin Geirlaug. Geirlaug var ógipt, en Kristín var ekkja og átti dóttur, sem Ingun hèt. Hún var sannköllud sól og rós dalsins, hún var fögur, gáfuð, stillt og blíð. Var hún því mesta unun móður sinnar og frænku. Þær áttu eina kú og 10 ær og 2 hesta og gætti hún fènaðar þessa árið um kring frá því hún var 10 ára gömul, nema hvað frænka hennar hjálpaði henni á veturna.

En þegar hún var 12 ára gömul, dó móðir hennar og litla búið varð að selja upp í skuldir. Geirlaug var heilsulin og hafði því nóg með sjálfa sig, varð svo Ingun litla að fara á sveit og var sett niður hjá bóndanum á Bakka, sem Helgi hèt. Þar var mikið kúabú og var hún því látin vera í fjósi með gömlum karli, er Geir hèt. Hann var greindur vel og fróður, en opt komu í hann duttlungar, svo að hann gengdi engum. En þá þurfti ekki annað, enn að Ingun kæmi og liti brosandi til hans, segði eitt blítt orð, eða settist í fang honum, því þá varð hann eins og ungur og glaður að nýju. Fræddi hann hana á ýmsan hátt,

kenndi henni kverið, sagði henni sögur og kenndi henni að þekkja stjörnur, blóm og steina. Þótti henni því svo vænt um hann, að hún var utan við sig ef eitthvað gekk að honum, tók alltaf málstað hans ef nokkuð var hallað á hann og þótti það sèr gjört sem honum var gjört hvort sem það var gott eða illt. Einusinni heyrði hún sögu um mann, sem bjargaði mörgum mönnum úr lífsháska og var sjálfur kominn hætt. Þá sagði Geir: „Gerðu nú eins og hann ef þú getur". „Hvað ætli eg bjargi fullorðnu fólki?" sagði hún. „Bjarga þú þá einhverju sem lítið er", sagði hann. En daginn eptir fór hún eins og vant var að reka kýrnar og var lengi burtu. Var veður kalt og hret mikið. Átti svo að fara að leita að henni, en rètt í því kom hún heim nær dauð af kulda og bar eitthvað í fanginu vafið í sjal hennar og svuntu, og var berfætt.

„Hvað varstu að gjöra? hvað ertu með? því ertu berfætt?" spurði Geir og fleiri. Hún svaraði: „Eg gerði þrennt í þessari ferð". „Hvað er það?" Tók hún þá sjalið og í því var lamb. „Þetta tók eg nú hálfdautt upp úr holu". Svo tók hún úr svuntunni heiðló, lítið særða á bakinu: „þessa tók eg úr kisu kjapti". „En hvað gerðir þú við sokkana og skóna?" „Getið þið!" Allir reyndu það, en enginn gat getið rètt unz hún sjálf rèð gátuna segjandi: „Eg fann aumingjan hana Stínu litlu frá Kletti í Suðurárdal, hún var rekin til að leita að ám, sem hún átti að passa, en týndi. Hún var orðin alveg skólaus, en vildi ómögulega annað enn fara heim til sín og ætlaði að ganga yfir há hálsinn í þessum kulda berfætt; eg held hún hefði dáið, því hún er svo heilsulin. Eg tók því

skóna og sokkana mína og léði henni". „Vel gerðir þú og góð stúlka verður þú ef þú heldur áfram með þetta" sagði Geir.

Liðu nú 2 ár og var hún þá staðfest, mátti segja um hana, að hún óx í ást, vizku og vinsæld allra sem hana þekktu. Hún var við aðra eins og þeir væri bræður og systur hennar. Hún þoldi ekki að neitt gengi að neinum. Hjartað var svo fullt af ást og blíðu að hún gat ekki annað en látið það nokkuð í ljósi með því að sýna öðrum blíðu atlot hverjir sem þeir voru og helzt þeim sem eitthvað gekk að. Blíðan, sakleysið og fjörið, er skein af henni, dróg ósjálfrátt til sín blíðu þá, er geymd og hulin lá í hjörtum annara. Þessvegna var hún vinlegri í tali við karlmenn, enn stúlkur eru opt; það er að segja, karlmenn þá er voru nógu viðkvæmir og hreinskilnir til þess að sjá, að alúð hennar var annað enn flennuháttur. Og þó hún væri stillt, þá stóð henni á sama þó tekið væri eptir vinblíðu hennar. Kom þetta alls ekki af sérgæðingsskjarki eða þráa, er hefir gaman af að bjóða heiminum byrginn og brjóta ýmsar smáar og kaldar siðreglur daglega lífsins, heldur af því, að ást hennar var svo hrein og frjáls, að hún þorði að sýna sig í allri sinni mynd.

En svo þegar hún var orðin 16—17 ára fóru sumir að taka til þessa og leggja það svo út, að hún væri farin að hugsa um karlmenn. Og einkum var hún orðuð við Gísla vinnumann Helga, jafnvel þótt hún ekki væri betri við hann enn hitt fólkið á bænum. Hún var komin á þann aldur, sem liggur milli bernskunnar og æskunnar. Þá verður barnaástin og blíðan að

binda sig og fela. En hún er óvön böndum þessum, þau eru henni óeðlileg; hún reynir að losast úr þeim, en hún getur ekki, hún vill sýna sig, en má ekki. En hún eflist við þraut hverja, unz böndin bresta og hún losnar og birtist í nýrri mynd og nýju veldi.

En það var varla, að Ingun þekkti böndin þessi. Ást hennar fékk að lifa lífi rósarinnar, sem rís úr reifum sínum roðaskær og sem smástækkar og útbreiðir faðm sinn mót dögg og sól himins, unz hún deyr og skilur eptir ávöxt, sem fæðir nýjar rósir.

Á Felli í Djúpadal bjó Eirikur, fátækur bóndi; hann átti 2 sonu, Þorgils og Svein. Þeir voru um tvítugt. Þorgils var eldri og var mikill atgjörfis og gáfu maður. Æfði hann nær því allar fornar íslenzkar íþróttir, glímur, sund, stökk, hlaup, klettför og fl. Auk þessa var hann skytta, smiður og skrifari bezti, málaði fagrar myndir, söng vel og lék nokkuð á hljóðfæri og var laglega hagorður. Hann var stilltur og viðkvæmur, tryggur og hreinn í lund, en ekki mjög hagráður nè heimskænn. Níddust því sumir á góðmennsku hans, svo honum varð fátt til fjár. Opt var talað um að setja hann í skóla, en hann skorti fè svo ekkert varð úr því. Sveinn var ekki eins vel að sèr, en karlmenni og kjarkmaður var hann mikill, nokkuð harðgjör og fljótfær, en þó drenglyndur innanum — hugsaði hann mest um að verða sjógarpur. Þeir komu opt að Bakka og þekktu Ingunni vel, en einkum varð Þorgils og henni vel til vina og óx það með árunum þó lítið bæri á. Sveinn vissi þetta og snèri því huga sínum til stúlku á öðrum bæ, er Guðrún hèt. Varð

gott á milli þeirra og svo fór að þau lofuðust, en hún sveik hann. Og einusinni þegar Þorgils kom heim, sér hann að Sveinn stendur undir bæjarveggnum, og rífur í hárið á sér, ber saman hnefunum, bölvar ákaflega og tautar við sjálfan sig og segir: „Helvítis hræsið hún Gunna! Það er djöfull í kvennfötum!“ „Hvað gengur nú á fyrir þèr?“ segir Þorgils hægt. Sveinn segir honum alla söguna og endar með þessum orðum: „Mikill bölvaður bjáni var eg, að eg skyldi trúa henni til nokkurs góðs, eg hata mig og hundskammast mín fyrir einlægni mína“. „Enginn ætti að skammast sín fyrir hana“. „Jú, skammast má maður sín fyrir að trúa öðrum ofvel“. „Nei, eg þykist einmitt meiri og betri fyrir það, að geta trúað öðrum ofvel“. „Þá þykist þú mikill af að vera bjáni!“ „Nei, það er ekki af bjánahætti að eg trúi öðrum ofvel, heldur af því að eg trúi, að hið góða og guðlega sè til í heiminum“. „Því getur þú trúað því?“ „Af því að eg hefi reynt svo mikið gott af öðrum“. „Og af því þú ert svo góður sjálfur“, sagði Sveinn og blíðkaðist. „Ekki veit eg það, en hitt veit eg, að allt það sem vèr eignum öðrum ofgott, það er eign Guðs, og eign vor, sem lendir hjá oss og hrín á oss, til láns og blessunar; það er alveg eins með vora góðu trú á öðrum og óskir þær, sem vèr árnum óverðugum, það hrín á oss allt, eins og sagt er í guðspjallinu“. „Og þetta er nú satt“, sagði Sveinn, „en sár mitt læknar það ekki“. „Það gerir það með tímanum“, sagði hinn og reyndi með fleiri orðum að innræta Sveini þessa lífsskoðun sína, sem var leiðarljós og huggun hans eins og fleiri göfugmenna. Og svo fór, að Sveinn smásefaðist á með-

an þeir voru saman. En næsta vetur fór Sveinn suður í Reykjavík til sjóróðra eins og hann var vanur á veturna. Var hann þar formaður fyrir áttæring og þótti mesti sjógarpur. En hann skorti hina fyrri lægð og siðgóðu umgengni bróður síns og áhrif hennar minnkuðu. Og gremja hans yfir Guðrúnu vaknaði aptur í veðalegri mynd enn áður. Hann fór að drekka og lenti í áflogum við hina og þessa og þetta spillti honum og æsti geð hans svo mjög að hann barði stundum háseta sína og þótti flestum að hann væri efni í illmenni. Þorgils frètti þetta og þótti miður og reit honum áminningarbrèf, en það dugði lítt. Um veturinn dó Gísli vinnumaður Helga, bað Helgi Eirík að ljá sér annan bræðranna. Það vissi Þorgils og baðst að mega fara til Helga, en faðir hans sagði: „Ekki sleppi eg þèr, heldur læt eg Svein fara“. Þorgils þagði, því hann vissi vel, að faðir þeirra gat ekki án hans verið, því ekki hefði Sveinn orðið þar lengi ánægður ef Þorgils hefði farið. Sveinn varð fús á að fara til Helga því hann vissi að Ingun var þar fyrir. Breyttist hann líka til batnaðar eptir að hann kom þangað. Hin ástblíða Ingun bætti hann og blíðkaði með umgengni sinni eins og aðra. Og bæri það til að hann yrði drukkinn og færi að drabba og bölfa, þá þurfti hann ekki annað enn að heyra hana nefnda og kæmi hún þá og talaði við hann, varð hann rauður af skammfeilni. — Bæði vegna þess, að hún vildi öllum vel og eins af því að Þorgils átti í hlut, reyndi hún að laga Svein til, fá hann til að hætta að drekka, verða orðbetri og mannúðlegri og fá betri trú á mannkyninu, enn hann hafði. Kom það því fyrir, að hún talaði

meira við hann og varð nokkuð alúðlegri við hann en aðra. En Sveinn hèlt ekki að hann í þessu nyti bróður síns, og vegna þess varð góðvild Ingunnar til þess að auka ást þá, er hann hafði fengið á henni áður hann kom til Helga. Fór svo, að honum fannst hver stund leið sem hann ekki var nálægt henni. Þetta sá hún fljótt og þótti miður, því hún elskaði Þorgils, en ekki Svein. Varð hún nokkuð fárri við hann en áður, en fáleikur sá æsti ástlöngun Sveins enn þá meir.

Þorgils frètti þetta og þótti einnig miður, því hann unni henni heitt. En brátt rak í raun fyrir Sveini. Hann fór næsta vetur suður til róðra, en fór að drekka vegna leiðinda, varð síðan veikur og reit bróður sínum brèf og kvaðst ekki geta lifað einn glaðan dag ef að hann fengi ekki Ingunni. Þetta var hörð þraut fyrir Þorgils og hann sagði við sjálfan sig: „Hvað á eg nú að gjöra? Bróðir minn berst illa af og verður annaðhvort aumingi eða illmenni ef hann fær hana ekki. Eg sè nú, að þol hans og kjarkur er minna en eg hèlt, já, minna enn hjá mèr. Leiðinlegt finnst mèr að lifa án hennar, en ekki held eg að eg falli í óreglu og ólifnað þó eg fái hana ekki — og eg sem læst vera leiðtogi bróður míns, eg sem er að segja honum til syndanna og kenna honum lífsreglurnar, eg ætti þá að sýna í verkinu, að eg er ekki minni maður enn hann og það verður þá til þess, að hann trúir lífsreglum þessum betur. — Eg skal því reyna að neita sjálfum mèr um sælu þá, sem ást hennar gefur mèr, ef mögulegt verður að fá hana til að taka honum. En eg skal reyna að lækna sorgasár mín með því að gjöra eitthvert kærleiksverk.

Hann fór svo til Ingunnar, talaði fyrst við hana um hitt og þetta, en lét hana smátt og smátt vita, að hann vildi tala við hana um sérstakt efni. Síðan sýndi hann henni bréf Sveins og sagði henni svo áðurnefndar hugsanir sínar með mörgum fleiri orðum. Henni varð í fyrstu bylt við, en ekki datt henni í hug að reiðast Þorgils, því hún vissi, að hann mat sjálfsafneitun allra dyggða mest. Sagði hún því: „Þú villt að við bæði séum samtaka í að gjöra bróður þinn að gæfumanni". „Já". „En eg vil gjöra það á annan hátt. — Eg ann þér einum, en ekki honum fremur öðrum, nema hvað mér er annara um hann enn aðra og það er aðeins vegna þín!" sagði hún með heitri tilfinningu. Hann viknaði þá mjög en duldi tilfinningu sína með nokkrum uppgerðar kulda og sagði: „Gjörðu það þá vegna min að taka honum. — Eg er viss um, að hann ann þér meira enn eg, og þarf ástar þinnar fremur enn eg". „Þú villt þá, að eg aðeins fari eptir þörf hans, en ekki minni" sagði hún. „Eptir sameiginlegri þörf okkar þriggja". „Hvað þá?" „Þú villt mig, eg vil þig, en eg vil líka gæfu hans og hann vill þig, þú metur þó ekki vilja þinn meir enn okkar þeggja bræðranna, þú ert langt ofgóð til þess að elska aðra aðeins vegna þín". „Satt er það, maður á ekki að vera sérgóður, en meta má eg meir gagn þess sem eg elska heldur en þess sem eg ekki elska". „Gott og vel, en gagn mitt er mest að geta gjört öðrum gagn". „En hvaða gagn er fyrir hann að eiga þá sem ann honum ekki?" „Þú elskar hann þá vegna mín". „Jæja, ef eg tek Sveini, þá gjöri eg það af tómri dyggð, en engri ást". — „Í allri ást á að vera

dyggð — margir segja, það sé engin ást að geta elskað svona blátt áfram hvern sem helzt leitar ástar vorrar; ástin á að geta sagt: þetta eitt, eða ekkert skal eg elska, allt annað er mèr leitt. — Eg þekki vel skoðun þessa, hún er svo eðlileg og almenn. En eg segi, ástin sanna getur ekki neitað þeim sem mest þarf hennar við, hún leitar að ástarþörfinni og gleði hennar er að gleðja aðra og gjöra þá sæla. — En hvað sem þessu líður, ef þú ómögulega getur tekið bróður mínum, þá mun eg alls ekki reiðast þèr nè þætta að elska þig. — Eg ann þèr alltaf". Þögnuðu þau svo bæði og féllust grátandi í faðma. „Eg vil gjöra allt fyrir þann sem eg elska og sem elskar mig — En getur Þorgils elskað mig og heimtað þetta?" hugsaði hún, því hún fèllst ekki vel á skoðun hans. Nú var hún í efa um hvað hún ætti að gjöra. En samvizkusemi hennar rak efan burt og loksins sagði hún: „Gott og vel! bezt er ætíð að gera hreint fyrir sínum eigin dyrum. Hver veit nema Sveinn telji það til skuldar hjá mèr, að eg — vegna þín — sýndi honum betri atlot, enn öðrum; vera má að það hafi alið ást hans og vakið von hans um mína. Skal eg því taka Svein ef hann bætir sig og verður reglumaður". Þorgils þakkaði henni með fögrum orðum og fann hún á öllu, að honum þótti sárt að missa hennar, því sigur sá, er göfuglyndi hans vann yfir ástarþörfinni, var harla dýrkeyptur.

Sveinn kom heim um vorið og var þá orðinn hress og hættur að drekka, því Þorgils hafði ritað honum og sagt honum frá því sem fór á milli hans og Ingunnar. Sveinn gat ekki annað enn viknað til tára yf-

ir góðmennsku bróður síns og þótti sárt að geta ekki launað honum það. En ástarþörf Sveins sigraði göfuglyndið sem nú hreyfði sèr hjá honum. Hann var ekki fær til sömu sjálfsafneitunar og bróðir hans. Ingun var eins góð við Svein eins og áður, en raunaleg var hún þó mjög í fyrstu. — En þegar hún sá, að Sveinn varð því stilltari og blíðari þess lengur sem leið á sumarið, þá fór hún að verða ánægðari með hann og góðvild og vinsemd hennar til hans breyttist smátt þannig, að hún fór að geta elskað það hjá Sveini sem bæði rètt og eins ímyndað minnti hana á Þorgils. Skoðun hans, að maður ætti í ástamálum að fara mest eptir ástarþörf annara, varð að fastri sannfæringu sem sýndi sig í verkinu.

Á Bakka var vinnukona, er Sigríður hèt. Hún var allgóð stúlka og vina Ingunnar, og lagaði sig mjög eptir henni. En það sýndi sig undireins, að hún var ei fær til að feta í förin hennar. Hún vildi nefnilega vera þýð og alúðleg í umgengni sinni við aðra eins og Ingun, en hana skorti nokkuð á þann hreinleik hjartans, stilling geðsins og staðfestu viljans sem Ingun hafði að geyma. Hún hafði ekki næga mannþekking til að aðgreina saklausa vináttu, sem er sjaldgæf, frá tálblíðri girnd, sem er almennari. Fór því svo, að hún komst í tæri við laglegan og lipran en miður vandaðan vinnumann á Bakka, er Árni hèt. — Átti hann barn með henni og hætti svo við hana og sagði hana hafa tælt sig í fyrstunni; sagði vinsemd hennar og alúð að vera tóman flennuhátt. Komst því óorð á hana og það hjálpaði lítt þótt Ingun, sem

þekkti hana bezt segði Árna hafa níðst á vinblíðu hennar og leitt hana í freistni.

„Nú á hún ekki lengur uppreisnarvon — það er ætíð örðugt fyrir einmana stúlku að ætla sèr að taka upp nýbreytni og bjóða tizkunni byrginn — og örðugt er það í ástamálum að ætla sèr að koma með nýungar og brjóta gegn þessum kalda og leiða sveitasið, sem heldur að öll vinátta milli manns og konu, sem ekki eru lofuð nè gipt, sè losti tómur. Hún á því á hættu að verða tæld, misskilin og smáð og verður svo að lifa án ástar og vináttu. Hana skortir þekking og sjálfstæði til þess að berjast ein og verður því annaðhvort aumingi, eða fellur eins og Sigríður". Þannig hugsaði Þorgils er hann frétti óhapp hennar. — Honum var kunnugt, að hún eins og fleiri töldu það mestu dýrð og gæfu sína, ef þær mættu voga að vona eptir ást hans. Hann vissi líka að Ingunni þótti vænt um hana og var henni eins og systir. Hugsaði hann því: „Eg er að heimta yfirvættis ástfórn og sjálfsafneitun af öðrum, eg verð því að gera nokkuð sjálfur. — Eg sè að Sigríður á einkis úrkosti, að hún ann mér, þarf ástar minnar og yrði sæl ef hún fengi hana. Ingunni ann eg að sönnu allra mest og aldrei gleymi eg henni, en nú er svo komið, að hún hefir ekkert gagn af því, þó eg elski hana, og úr því hún fær ekki að njóta ástar minnar mun henni þykja að Sigríður væri maklegust að njóta hennar". Svo fór hann til Ingunnar og sagði henni þetta og líkaði henni vel. Fór hann síðan til Sigríðar og bað hennar, þóttist hún óverðug ástar hans og trúði honum varla í fyrstunni, en efi hennar snérist fljótt upp í furðufulla og vonsæla gleði

— Og það datt ofan yfir marga þegar lýst var með Þorgils og Sigríði næsta sunnudag; sögðu þeir þá: „Undarlegur maður er Þorgils og fám líkur!“ Giftust þau nokkrum dögum seinna.

Um næsta haust fór Sveinn suður að sjó til róðra. Var hann þá formaður á áttæring hjá stórríkum útvegs bónda sem Björn hèt. Björn var ágjarn og harður mauravinur og kona hans, Björg, bætti hann ekki. Þau áttu dóttur sem Vigdís hèt, var hún einkabarn þeirra, hún var tápmikil og hagsjál eins og móðir hennar, en fremur ólagleg, drambsöm og kaldlynd. Biðlarnir ónáðuðu hana ekki, þótt hún væri fjáð og skörugleg, enda var geðslag hennar og umgengni ekki vel fallið til að hæna unga menn að sèr. Hyski þetta var vant að gjöra lítið úr öðrum. og hefði ekki fundizt mikið til Sveins, ef það hefði þekkt hann eins og hann í raun rèttri áður var: viðkvæmur, fljótfær og óhagsjáll. — Ást Ingunnar sem nú skein yfir hann eins og ný sælusól, hafði veitt honum nýjan kjark, nýtt fjör og nýja gleði, nýtt sjálfstæði og staðfestu. — Þetta lýsti sèr í allri atför hans. Hann var orðinn mesti reglumaður Hann sótti sjó manna bezt, rèri opt þegar engum þótti sjófært, kom heim að kveldi með hlaðið skip, gætti vel afla síns og veiðarfæra og átti þetta svo sem við Björn karlinn! Í umgengni sinni við hyski Bjarnar var hann orðfár og kaldur, en gat þó opt orðið glaður, en blíður varð hann ekki, enda þóttist hann ekki hafa ástæðu til þess að sýna blíðu við Vigdísi, því þó henni þætti mikið vænt um hann, þá fannst honum hún vera eins og ilmlaus tæknaður njóli hjá mjúkri og ilmsætri rós, er hann bar hana saman við Ingunni. En karlmennska

hans og kuldi sá, er hún mætti hjá honum, ól ást hennar. Hún var ein af þeim, er mest gangast fyrir þessum hermannlegu sjálfstæðingum, sem mest trúa á mátt sinn og megin. Og það hèlt hún að Sveinn gerði. Hún vissi ekki, að máttur hans og megin var í verunni lítill kraptur, sem var nærður, elfdur og studdur af ást fátækrar og viðkvæmrar vinnustúlku.

Næsta sumar fór Vigdís skemmtiför upp í Djúpadal og var mánuð hjá sèra Jóni á Stað, en fór kynnisför hingað og þangað um dalinn. Einn sunnudag reið hún að Bakka til að finna Svein. — Það var bjartur sólskinsdagur og margir voru komnir þangað. Stúlkur voru á skemmtigangi út um tún, en karlmenn voru heima að tala um hesta sína, heyskapinn og veðrið. — En ein stúlka var að bera mykju út úr 10 nautkindafjósinu hans Helga. — Það var Ingunn — Var það nú raunar ekki verk hennar, heldur sveitarstelpu, er Oddrún hét. En Ingun gjörði það fyrir hana til þess að hún gæti leikið sér við systur sína sem þá var komin að finna hana. Vigdísi varð starsýnt á Ingunni og gekk til vinu sinnar, dóttur sèra Jóns og spurði hana hver hún væri. Sagði hún henni það væri unnusta Sveins. Þá varð Vigdís forviða og sagði: „Er þessi fjósastelpa unnusta hans?“ „Hún er nú eigi verri fyrir það, þó hún sè alltaf boðin og búin til að gjöra hvað sem er, svo eiga allar vinnukonur að vera“. „Já vinnukonur, en ekki stúlkur sem ætla að eiga annan eins mann og hann Svein sem bráðum verður kapteinn á þilskipi“. „Þú þekkir ekki Svein, ef þú heldur hann ofgóðan fyrir Ingunni“, sagði prestdóttirin og bætti svo við sögu ágripi af viðskiptum

hennar við Þorgils og Svein. Þótti Vigdísi hann þá hafa verið nokkur annar enn hún hélt hann, en sagði þá: „En nú er hann orðinn maður“. „Það er Ingunni að þakka“, sagði hin, en í því komu 2 vinkonur Vigdísar, sem höfðu viljað fá Þorgils, en sem var illa við Ingunni af því hann tók hana fram yfir þær. Buðu þær Vigdísi á berjamó í Bakkahlíð. Fór hún með þeim, en prestsdóttir ekki, því hún varð að flýta sér heim, því systir hennar lá veik. Vinkonur Vigdísar báru Ingunni illa söguna, lögðu allt út á versta veg, og lugu svo við. En rètt í því kom Ingun með berjafötu og urðu þær þá að hætta talinu. Hún fór að tala við Vigdísi með sömu alúð og hún var vön, en Vigdís tók því þurrlega eins og vænta mátti. Kaldar og drambsamar sálir, sem aðeins hrífast af því, sem er stórkostlegt og glæsilegt, hafa sjaldan neina tilfinning fyrir hinni veiku og saklausu ástblíðu, er grær eins og lítil rós í laut. —

Ingun reyndi að spinna langan samtalspátt með Vigdísi, en hún sleit hann jafnan sundur með sínum ísköldu stuttyrðum: „Nú“, „Svo“ og „Það er rètt“. Fór svo, að Ingun hætti að tala við hana og síðan fór hver heim til sín. En er Vigdís kvaddi Svein, sagði hún: „Kvennskörung meiri hèlt eg kærustu þína“. Sveinn gegndi því engu. Um haustið sagði Þorgils við Svein að nú ætti hann að giptast Ingunni, en Sveinn kvaðst ætla að draga það til næsta vors. Einnig hvatti Þorgils hana til þess, en hún sagði að ekki lægi á því strax. Var nú auðsèð að henni datt sízt í hug, að það færi eins og fór fyrir Sveini. — En Þorgils fékk illan grun, er hann heyrði hvaða álit Vigdís hafði á

Ingunni. En ekki lèt hann hana verða vara við þenna grun sinn.

Um veturinn fór Sveinn suður og varð formaður hjá Birni gamla fyrir stóru þilskipi. Þótti þeim hjónum harla leitt, að Sveinn skyldi vera lofaður Ingunni fátækri vinnukonu og vildu nú reyna að tæla hann frá henni svo Vigdís gæti fengið hann. Björn var gamall kunningi Helga og áttu þeir opt kaup saman og rituðust á. Helgi hafði ekki sagt nema gott af Ingunni, nema hvað hann einusinni hafði minnst á að hún væri fremur ráðlítil. — Snèri Björn þessu svo, að Helgi hefði sagt að hún væri alveg ráðlaus, og Sveinn sá að hún var gjöful mjög, en ekki datt honum í hug að telja það ókost á henni. En Björn var búinn að koma inn hjá Sveini nokkrum gróðahug og reyndi því óspart til að telja Sveini trú um, að gróði hans væri í veði ef hann ætti Ingunni. Sveinn gegndi þessu fátt og beit það lítt á hann. En Björg gamla, sem var spurul og kæn og sem hafði orð dóttur sinnar sér til styrktar, gat unnið bug á Sveini. Fyrst sagði hún, að Ingun væri af lágum ættum, að hún væri alin upp á sveit — Sveinn vissi þetta vel og vann það ekki á honum. Svo gjörði hún aðra atlögu og sagði: „Og svo er hún regluleg flenna, hún er jafngóð við alla og þykir jafnvænt um alla". „Eg veit nú betur hvernig því er varið", sagði Sveinn og fór burtu reiður. Hèlt hún nú, að örðugt mundi að sigra. En ekki gafst hún upp, heldur gerði þriðju atlöguna og sagði einu sinni þegar Sveinn kom af sjó í ofviðri og hafði bjargað 6 mönnum af kjöl: „Mikill maður ertu Sveinn! og enginn þyrfti að bjóða þèr út, nema kannske hann

Björn minn þegar hann var ungur — Og illt er fyrir annan eins mann og þig að þiggja ást lítilsigldrar stúlku eins og náðargjöf". Hann gegndi þessu engu. En orð þessi ítrekaði hún opt þegar að karlmennsku snið var á honum, en lægi illa á honum, þá fór Vigdís að tala við hann með svo mikilli blíðu sem hún hafði til. En það sem á vantaði, gerði hún sèr upp og reyndi að gjöra sig keimlíka Ingunni. Sveinn sá þessa uppgerð og fékk um tíma óbeit á Vigdísi. En óbeit þessi jók ást hennar svo mjög, að mikið af því sem áður var uppgerð, varð nú eðlilég blíða. Og þegar lengra leið frá, gjörði Björg fjórðu atlöguna, er reið Sveini að fullu, og aðal vopnið í atlögu þessari var þetta: „Betra er að þiggja boðna ást, en biðjast þeirrar, sem ekki fæst öðruvísi enn einhver náð". Þetta þoldi drambgeð Sveins ekki lengur og hann vissi að það var satt að sumu leyti. Hann hèlt, að ást Ingunnar væri ekki annað enn tómt göfuglyndi og brjóstgæðska. Hann hèlt, að þó hann hætti við hana, mundi hún ekki taka sér það mjög nærri. Kjarkur hans hafði nú náð þroska þeim, að hann var ekki eins þurfandi fyrir blíða og viðkvæma ást eins og áður. — Að hann átti Ingunni að þakka kjark sinn sá hann ekki fyrr enn seinna. — Þetta allt snèri huga hans svo, að hann hugsaði: „Eg skal nú reyna báðar". Og hann gerði það. Hann reit Ingunni ekkert bréf allan þennan vetur, þótt hann fengi 3 brèf frá henni. Hann varð alúðlegri við Vigdísi, enn áður, og tók hún það sem vott þess, að hann væri farinn að hugsa um hana Um vorið bjó-t hann í kaupferðir og varð kapteinn fyrir kaupskipi. Hann kvaddi hvorki Ingunni nè Þor-

gils bróður sinn, en sá mjög eptir því þegar hann var kominn um borð. Vigdísi og foreldra hennar kvaddi hann, en sagði þeim hvorki af né á með hvað hann ætlaði sèr að gjöra. Var hann nú í siglingum allt sumarið og fram á vetur; hafði hann þá keypt sèr hlut í litlu kaupskipi, sem hann var kapteinn fyrir og ætlaði nú að sigla til Reykjavíkur. Og hann var nú orðinn leiður á sjóferðunum, og einvera þeirra endurvakti löngun hans eptir hlýrri ást og friðsælu heimili. Og þegar hann kom inn á Faxaflóa, þá leit hann í norðri hinn háa og bláa fjalltind sunnan Djúpadal. Á tind þenna hafði hann horft þegar hann var við sjóróðra við Reykjavík, því bak við tind þann var Ingun og á honum mættust augu þeirra með sætri löngun þegar þau voru fjær hvort öðru. Tindur þessi minnti hann á allar sælustundir þær, sem hann hafði lifað hjá Ingunni; og minning þessi var nóg til að draga ský yfir þá litlu og daufu minning sem hann hafði um Vigdísi. Þá var hvass vestanvindur og skipið dreif langt innà flóann. Kvöldið kom og veðrið harðnaði og svo fór að skipið steytti á skeri við Hvalfjörð og fór í spón, og mennirnir komust með illan leik á skipsflakana og drifu þar að landi. Allir mennirnir dóu í brimgarðinum nema Sveinn, hann komst upp úr flæðarmálinu og lagðist þar fyrir á þangvöxnum kletti. Var hann nú frá sèr af harmi yfir skipbrotinu og manntjóninu og var mjög meiddur og þjakaður. Eigur hans allar fórust með skipinu og hluti hans í því var ekki vátryggður. Lá hann þarna alla nóttina og þegar birti, horfði hann fast á bláa tindinn. En er leið á daginn ætlar hann að reyna að haltrast heim á bæ

þann, er hann sá þar nærri. En í því kom maður að honum með konu og barn, voru þau að fara í þangfjöru — það var Þorgils — gátu þeir varla orðum upp komið af furðu, því hvorigur átti von á að hittast þarna. Þorgils hafði flutt búferlum suður í kot þetta sama vor og Sveinn fór utan. Gjörði hann það til þess, að geta verið nálægt bróður sínum ef hann settist að við Reykjavík, sem allir bjuggust við hann mundi gjöra ef hann kæmi aptur. Þorgils þótti sem heimti hann bróður sinn úr helju, fór svo heim með hann og hjúkraði honum sem bezt hann gat. Varla var Sveinn kominn heim fyrr enn hann spurði: „Hvernig líður Ingunni?“ „Vel“. „Ætli hún verði kyr hjá Helga?“ „Hún er farin þaðan“. „Hvert?“ „Til góðra vina“. „Hvar þá?“ „Hjá Guði“, sagði Þorgils og gat nú ekki lengur stillt sig um að tárfella. Sveinn varð náfölur og greip hann hrollur mikill og sagði eins og í draumi: „Úr hverju dó hún?“ „Hún varð úti á jólanóttina í vetur“. „Hvar þá?“ „Á hálsinum norðan Djúpadal, hún ætlaði að finna frænku sína“. Eptir nokkra þögn harkar Sveinn af sér og spyr: „Leiddist henni ekki seinni partinn í fyrra vetur?“ „Jú, og hún var búin að sleppa allri von um að sjá þig — og hún gerði sèr það til afþreyingar, að taka að sér sveitarstúlkuna hana Helgu litlu og kenna henni; þú manst að flestum þótti ómögulegt að kenna henni og kom það af því, að þeir fóru svo illa og stirðlega að henni, en Ingun fór að henni með lipurð, ástúð og viðkvæmni og gat svo kennt henni allt kverið áður en hún dó“. „Alténd var hún eins, hún gat ekki lifað glaðan dag án þess að gjöra eitthvað gott“, sagði Sveinn. „Það

ättir þú að sjá fyrri, en nú er það ofseint". „Já vesalings stúlkan, að deyja svona ung". „Aumkva hana ekki! þó líf hennar væri stutt, var það samt mikilsvert. — Hún var ein af þessum þolgóðu, auðmjúku og ástríku sálum, sem alltaf lifa fyrir aðra — þær halda lífinu í ástinni í heiminum. — Þær sýna hinum ástlausu og tortryggnu, að kærleikurinn sé enn þá til. — Þær ala kjark þann, sem hetjurnar hrósa sèr af og kalla mátt sinn og megin. — Kærleikur þeirra lifir í þeim og fylgir þeim eins og verndarengill inn í eilífðina. — Þær elska því aldrei til einkis, því öll sönn ást hefir nóg laun í sjálfri sèr". — Sveinn bætti við klökkur: „Já inn í eilífðina er hún komin og ákærir mig nú fyrir Guði". „Nei hún er langt ofgóð til þess að geta beðið Guð um hefnd, hún biður heldur fyrir þèr". Sveinn þagnaði og grèt. „Ekki er gagn að setja þetta fyrir sig, en bættu brot þitt með því að gjöra eitthvað gott". „Hvað get eg gert?" „Hjálpað fátækum stúlkum, svo þú bætir fyrir synd þína móti henni, sem var fyrirmynd allra góðra kvenna". „Hvernig þá? ekki er eg fær til að gjöra eins og þú". „Líklega ekki, en eg þekki ekkju, sem nýlega missti mann sinn í sjóinn, hún á 3 stúlkubörn. Tak tvö þeirra að þèr og kom þeim á framfæri og set þær svo til mennta. þær hafa nógar gáfur og menntafýst, en fara á sveit sè þeim ei hjálpað. Kvennþjóð vor er eins og lítt ræktæður dalur með frjófum jarðveg og fögru fjölgresi; hèr er því nóg að vinna fyrir alla sanna mannvini." „En eg er efnasmár — og því verr — bundinn ef til vill!" „Við hvað?" „Vigdísi Bjarnardóttur, eg held að eg hafi gefið henni ádrátt". „Varla mun hún í vegi standa".

sagði Þorgils. Svo hættu þeir talinu. Og að viku liðinni kom Þorgils með 2 brèf og fèkk Sveini annað. — Hann braut það og las. Það var frá Vigdísi til hans og sagði hún, að hann þyrfti ekki að hugsa um sig framar. Skipbrot, fjártjón og veiki Sveins varð nóg til þess, að Björn og Björg fengu minna álit á honum. Líka kom nýr auðs- og dugnaðarmaður, sem fèll þeim í geð, bað hann Vigdísar og fèkk já. Brèfi þessu varð Sveinn feginn. Hitt brèfið var frá Ingunni til Þorgils og sagði hún honum, að hún hefði villzt uppí Djúpadalssel, er lá 3 mílur frá bæjum, var hún þar veðurföst í 10 daga og enginn frètti til hennar og þetta ól frètt þá, að hún væri dáin. Sveinn varð alveg forviða á brèfi þessu og hèlt sig væri að dreyma. En brátt sá hann það var satt. Reis hann þá á fætur, gekk út, sól skein í heiði, það var eins og blái tindurinn og öll fjöll nálægt honum brostu blítt og sögðu: „Ingun lifir!“

Hann reit henni brèf mjög auðmjúkt og viðkvæmt. En svar fèkk hann ekki fyrr en um vorið og bað hún hann þá koma velkominn. Vildi hún með bið sinni reyna tryggð hans. Hann fèkk sèr bát og 2 menn og sigldi á stað. Veður var hvasst, ægilegar öldur rísa og falla eins og fjöll með snjótindum og djúpum dölum á milli, veður sortnar, blátindur hylst skýjum, en fjærsta aldan í norðri bendir á hana sem bak við hana lifir. Sjórinn æsist og seglin þenjast, rýkur á kulborða, sjór fellur inn á hlèborða, skipið skellur á öldum svo í því brakar. Sveinn er við stýrið og starir á öldurnar og í því þær ætla að skella yfir skipið, lætur hann það sneiða þær, þjóta yfir þær eða komast fram

hjá þeim. Þegar aldan æðir mest, hugsar hann: „Alda! þeyttu mèr áfram til hennar; eg væri ánægður að deyja hérna ef hún væri dáin; en hún lifir — tak mig ekki frá henni“. Hann, sem varla aldrei áður kenndi ótta, varð nú hræddur, en karlmennska hans bauð honum buga hræðsluna. Og hann gat það, svo ekkert bar á. En veðrið batnaði, hann lenti útnorður til við Faxaflóa, og fèkk sér hest. Reið hann nú hart yfir mýrar, mela og blómgrundir, sem heilsuðu honum og kvöddu hann í sömu andránni. Reið hann yfir ár og fram hjá ótal bæjum. Konur unnu á túnum, karlmenn ristu torf í mýrum, fènaður dreifðist um haga. Reið hann yfir heiðar og þá brosti við honum Djúpidalur og Bakki. Reið hann nú harðara unz hann kom í Bakka og Bakkakots landeignir. Hann heilsar hverri hæð og laut, brekku og bala, mel og mó, hnjúkum og hlíð, læk og lind. Þetta allt voru vinir hans kærir, sem minntu hann á bernskuleiki þeirra Þorgils og æskuástir þeirra Ingunnar. Og er hann kom að melbrekkunni sunnan Bakkatúnið sá hann stúlku sitja hjá kúm í brekkunni og var hún að prjóna. Það var Ingun.

Sveinn steig af baki og heilsaði henni og varð hún frá sèr numin af furðu og gleði og hann ekki minna. Töluðust þau við um allt það sem á dagana hafði drifið fyrir þeim 2 seinustu árin. Og bundu þau svo ástir sínar dýrum eiðum. Fóru þau svo heim og fèkk Ingun sig lausa úr vistinni. Voru þau í kaupavinnu um sumarið hèr og hvar í Djúpadal. En um haustið fóru þau suður. Og svo var Sveinn við sjóróðra um veturinn, en Ingun var hjá Þorgils. Vorið eptir gipt-

ust þau Ingun og Sveinn og fóru að búa á næsta bæ við Þorgils. Þau tóku 2 stúlkubörn fátæku ekkjunnar til uppfósturs. Urðu bræðurnir allnýtir bændur, því þó þeir væru ekki miklir gróða- nè framfaramenn í búnaði, þá urðu heimili þeirra fyrirmynd í mörgu, og einkum urðu þau griðastaðir þeirra, sem voru einmana og fyrirlitnir að saklitlu, því Þorgils og Ingun höfðu það æ fyrir mark og mið að hjálpa þvílíkum. Einkum voru það þó vinnukonur sem áttu gott þar, vinna þurftu þær að sönnu líkt og á öðrum bæjum og kaup þeirra var lítt meira. En skemmtun og fróðleikur Þorgils og ástúð og einlægni Ingunnar gáfu þeim marga gleðistund og léttu þeim byrði lífsins.

Og að 10 árum liðnum komum vér að bæ Þorgils; þar var Sveinn kominn með fólk sitt. Þau Sveinn áttu nú 5 efnileg börn og 2 fósturbörn. Þau Þorgils áttu 4 börn og 3 fósturbörn. Finnum vér nú hvorutveggju hjónin sitjandi á hól í túninu og börnin 14 leika sèr á bölunum í kring. „Fallegur er hópurinn!“ sagði Þorgils. „Já“, sagði Sveinn, „og þarf nú ekki að sjá eptir, þó eg yrði ekki siglingakappi sá er eg vildi verða og þú ekki, að þú varzt ekki lærður maður!“ „Nei, mèr þykir vænna um börn mín, en nokkra frægð sem eg gat hugsað mér“. „Og þú gerir mannfèlaginu gagn með því að ala upp góða meðlimi handa því, þú kennir þeim bæði fróðleik og dyggðir“. „Og þú Sveinn! kennir börnum þínum dugnaðinn“. „Ekki veit eg það, en kona mín kennir þeim mest og bezt“. Benti Sveinn bróður sínum og gengu þeir á annan hól. „Eitt finnst mèr þungt, og það er, að eg held, að Ingun verði stund-

um að stríða við sjálfa sig til þess að elska mig". „Getur verið, og eg segi sama, eg verð opt að stríða við sjálfan mig til þess að geta verið Sigríði eins og eg á að vera". „Og þó halda allir að þú og Ingun séu ástríkar eiginpersónur". „En ást sú mun okkur nokkuð dýrkeypt". „Það er nú illt fyrir okkur Sigríði að þurfa að þiggja svo mikla ástfórn". „Nei, þetta verður að vera. — Það er gott að geta þegið ást með ástarþökk eins og þið. — Ef allir yrðu jafnmiklir og sjálfstæðir, hvað yrði þá úr kærleikanum?" „En ef allir væru nógu ástríkir, þá dytti engum í hug að níðast á ást annara", sagði Sveinn, og svo hættu þeir talinu og fóru heim.

Sveinn og Ingun settu báðar uppeldisdætur sínar og sonu sína 2 til mennta. En Þorgils menntaði börn sín sjálfur. Urðu öll börn þeirra nýtir menn. En þeir og konur þeirra dóu í friðsælli elli.

Endar svo sagan.

Kvæði.

Til höfundar Auðfræðinnar.

Viðurkenndur vel þó sértu
vitrum mönnum hjá,
löngum gáta lýðum ertu
landi þessu á;
en ef þjóð sig hærra hefur
heims á frama stig,
hún þèr sannan heiður gefur,
hún mun elska þig.

Manna bezt þú málað getur
mannsins framastig*
manna bezt þú manninn hvetur:
„Manna sjálfan þig!“
Manna bezt þú manni boðar
mynd Guðs honum í;
manna bezt þú mannheim skoðar,
mannblóm finnur ný.

Yfirvannstu þungar þrautir,
þróttur óx við stríð,
nýjar fannstu frama brautir,
fylgdir þinni tíð
eins og réttur andans maður,
ei sem tímans þræll,

*) „Sjá auðfræðina“ bl. 6—12

eins þótt værir útskúfaður
efldur frjáls og sæll.

Íslands máltrèð endurfædda,
opt sem dýrðlegt skein,
fèkk nú hjá þér fegurð gædda
frjóva nýja grein,
blómin ilma, brosa, skína,
björtum fræjum sá:
málrós líta muntu þína
mèr og öðrum hjá.

Fjöld eg fór og fjöld eg þekki,
fjöldi birtist mèr:
Heimafjelag fann eg ekki
fegra en hjá þèr;
eins og þegar björt hjá baðmi
blómgvast fjallarós
unnast þar í einum faðmi
ást og vizkuljós.

Ástin sú með andans ljóma
ágæt dyggðahjón!
skal með ykkar barnablóma
breiðast yfir Frón. —
Fróðleik þínum Fjallkonunni
fórna sjálfur þú,
hennar auðgast af þeim brunni
andlegt skuldabú!

Þó að opt við hulda heiminn

hætti þekking manns,
ræðst á allan alheimsgeiminn
eilífspurning hans,
leitar hún og loksins vinnur
launin dýrðarhá,
leitar þú og loksins finnur
ljósið Guði hjá.

Kristni, mennt og kærleiksandi
kennt þèr hefir mest
það sem álízt óskiljandi
opt að skilja bezt;
andans dýpstu undraheima
önd þín háfleyg sèr,
ótal nýja gleðigeima
gefi Drottinn þèr.

Norvegsljóð.

I. Um Norveg.

orkt undir trjám í Björgvin 1875.

1. Lypt þér nú upp, mín önd og sjón!
því nú er yfrið nóg að skoða,
þú komin ert af bláum boða
á Norvegs tignar fjallafrón;
og skrautleg borg með skipum vænum
og skógarhlíð með dölum grænum
og blómgvuð fjöll með fossaher,
það fagnar allt og brosir þér!

2. Og skoða Norvegs skáldaher,
og heyrðu þeirra hörpuróma,
sem ótal vekja endurhljóma
svo heimur allur hissa er.
Nú vaknar forni Ólafsandi
í allri þjóð á sjó og landi,
við iðna, djarfa, hrausta hönd
nú hugstór keppir frelsisönd.

3. Og heilsa nú þeim nýja dal,
í nýjan andageim skal ganga,
en lát þá ei svo fast þig fanga,
að fornum gleymir feðrasal,

og lypt þèr hátt í ljóssins geima,
en ligg þar ekki til að dreyma,
en vertu framgjörn, vitur, sterk,
og vinn svo eitthvert dáðaverk!

II. Ferð í fögrum dal 1877.

1. Í Norvegs fögru fjalladölum
eg ferðast einn í vindblæ svölum,
svo hrein og blíð og hátíðlig
nú hlær öll fegurð kringum mig
og foss með hlíð og fjall með dal
mèr fagnar sætt með vinatal.

2. Sjá grenið, beykið, birkið, reynir!
sjá berjalyngið, víðir, einir,
sem yfir lönd með liljuskjöld
af laufum þenur gagnsæ tjöld,
en gegnum þau á grös og lind
slær geislinn ótal rósamynd.

3. Um gil og stall í björgum bláum
í bogadregnum röðum smáum
og eins í kringum akurlönd
í ótal krosslögð rósabönd
sèr fylkja lítil laufatrè,
er litlum jurtum veita hlè.

4. Eg geng um skóga götu breiða,
þar gnæfa trèn við loptið heiða
og fagurlega fylkja sèr

og faðmast yfir höfði mèr
og vagga fögrum fuglasveim,
er fyllir lopt með unaðshreim.

Eg legg mig inn í laufarunna.
við lífsins fögru ástarbrunna,
eg hvíli sætt svo sæll og frjáls,
nú sveipa örmum mér um háls
hin fögru trè, svo frjáls og glöð. —
Eg faðma stofn og kyssi blöð.

Hið bezta skógar blóm eg festi
við brúnan knapp í minu vesti,
það blómið yndisbros mèr ljær
mitt brennheitt hjarta þegar slær,
en deyr þó eins og strá við stein,
því stutt og snögg er gleðin hrein.

En allur þessi ilmur blóma,
og ótal raddir gleðihljóma
og von um sælan vinafund:
það vekur mína önd og lund,
hún vaggar sér við sælubrunn
sem sólarmynd á tærri unn.

Og ótal góðar gleðimyndir
í gegnum ástarhimins lindir
frá djúpi, breidd og dal og hæð
í dýrðarstærð og yndissmæð,
þær brosa hlýtt og boða mèr
að búi gott á jörðu hèr.

En innst í voru eïgin hjarta
er ást með vizkuljósið bjarta,
sem lífsins hnoss oss lætur sjá
og ljær oss krapta því að ná —
ó mikli Guð! eg þakka þèr,
að þetta ljósið gafstu mèr.

Eg hef á baki byrði þunga,
hún bugar varla fjörið unga
því líkams þrautin léttist við
hinn ljúfa, sæla andansfrið —
öll þraut er sæt ef vinnum vèr
hvað veglegt, gott og fagurt er.

III. Náttúran bendir oss á margt.

Þér hvössu tindar og hlíðar slèttar!
Þèr hvítu jöklar og bláu klettar!
Þér glæstu fossar í gljúfrum hám!
Þèr greniskógar með furutrjám,
sem allan vetur svo laufgrænt ljóma
þið líkist hetjum í tryggð og blóma
sem hjartað geyma svo hreint og nýtt
þótt heimur blási þeim kalt og strítt.

Þèr gullnu akrar og engjar grænar!
þèr yndisbrekkur og rósir vænar,
sem broshrein deyið af bitrum ljá,
en bezt og sætast þér fórnið þá
þeim sæta ilm, sem mig yfir streymir,
af angan hrifinn þá sætt mig dreymir:

Mörg hjörtu ástrík af heimi smáð
á helstund fengu þó sigri náð.

IV. Vorkvöldhugsun 1876.

Opt finnst mèr ljóma
einhver sèrstaklegur
blær eilífs blóma
bjartur, tignarlegur
á öllum blöðum,
öllum fögrum stöðum,
einkum á ástkærri sál.

Fljótt þó fari
fær hann samt mig hrifið
og fyrr enn varir
öndu mína drifið
hátt upp í heima,
himins víða geima
lítur þá löngun mín heit.

Ljóssins á öldum
löngun siglir þorin,
helzt þó á kvöldum
himinbjört um vorin
hátt þegar hljóma
hörpur fuglaróma,
samsyngja fossar og fjöll.

V. Til kvenna Íslands
Orkt í Norvegi 1878.

Mig faðmar Norvegs fjallarós
svo frjáls að hjarta sèr. —
Hvert bros og mál, hvert líf og ljós
mig leikur við — ó Íslandsdrós!
þó allra heitast ann eg þèr,
því ást þín líf gaf mèr.

Þú lifir köldum auðnum á
sem indælt melablóm,
og Norvegs skóga skjóli frá
þú skilin ert af köldum sjá —
í elds og jökla heljarhljóm
þú heyrir efsta dóm. —

Þú syngur þó svo frjáls og fríð
um forna kappaþjóð,
þú roðnar — ó svo bljúg og blíð,
þú brosir — ó svo glöð og þýð:
að hræddra manna hálfkalt blóð
fær hetjuandans glóð. —

En bezt og fegurst ást þín er
í ógn og þrautir seld
er þú sem móðir blessuð ber
þín börn og mann í hjarta þèr
og tár þín ljóma fögur feld
sem fórn í raunaeld.